



**Við viljum virkja kraft viðskiptavina okkar,
efnahagslífsins og samfélagsins alls**

Árs- og sjálfbærnisráðgjafir Arion banka 2025

Í Árs- og sjálfbærniskýrslu Arion banka fyrir árið 2025 er fjallað um starfsemi bankans og Arion samstæðunnar. Arion samstæðan samanstendur í megindráttum af Arion banka hf., Verði tryggingum hf. og sjóðastýringarfélaginu Stefni hf. Arion banki er móðurfélag samstæðunnar og Vörður og Stefnir eru dótturfélög bankans.

Þegar „Arion banki“ kemur fram í texta Árs- og sjálfbærniskýrslunnar er verið að vísa til móðurfélagsins en þegar „Arion“ eða „Arion samstæðan“ kemur fram í texta er verið að vísa til félaganna þriggja; Arion banka, Varðar trygginga og Stefni.





Hagnaður

30,6

milljarðar króna

Lán til viðskiptavina

1.329

milljarðar króna

Arðsemi eiginfjár

14,9%

Eignir í stýringu
og þjónustu
samstæðunnar

1.989

milljarðar króna



Rekstrartekjur

78,4

milljarðar króna



Eignir í stýringu Stefnis

379

milljarðar króna

Tekjur Varðar af
vátryggingasamningum

20,8

milljarðar króna

Niðurstaða
jafnlaunagreiningar

0,4%

óútskýrður launamunur kynjanna

Sjálfbærar lánveitingar

12,9%

af heildarlánveitingum bankans

Stöðugildi

901



FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI
Í STJÓRNARHÁTTUM






Veldu síðu með því að velja kafla efst á síðunni og/eða hér til hægri. Þú kemst aftur í efnisyfirlit með því að smella á Arion rósina efst í vinstra horni.

Efnisyfirlit

Árið 2025	1
Um Arion	2
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann	3
Lykiltölur	7
Helstu atburðir	8
Efnahagsumhverfið	12
Okkar stefna og árangur	15
Stefna og framtíðarsýn	16
Arion samstæðan	18
Fjárhagsleg markmið og árangur	22
Fjárfest í Arion	23
Okkar þjónusta	27
Einstaklingsþjónusta	28
Fyrirtækjaþjónusta	30
Markaðir	32
Okkar afkoma og áhættustýring	35
Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður	36
Fjármögnun og lausafjárstaða	41
Áhættustýring og innra eftirlit	44
Okkar stjórnarhættir	46
Stjórnarháttayfirlýsing	47
Framkvæmd starfskjarastefnu	48
Stjórn	49
Framkvæmdastjórn	53
Okkar sjálfbærni	56
Sjálfbærni hjá Arion	56
Ábyrg starfsemi	65
Sjálfbær fjármál	82
Umhverfis- og loftslagsmál	95
Mannauður	111
Við og samfélagið	126
Sjálfbærniuppgjör	137





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Árið 2025

Árið 2025 var Arion samstæðunni hagfellt. Starfsemin gekk vel þrátt fyrir að borið hafi á óróa í ytra umhverfi. Á alþjóðasviðinu má segja að breytt utanríkisstefna Bandaríkjanna hafi skapað efnahagslega og pólitíska óvissu og íslenskt efnahagslíf mætti ýmsum áskorunum. Verðbólga reyndist áfram þrálát og peningalegt taumhald því þétt. Engu að síður var góður vöxtur á nær öllum sviðum Arion samstæðunnar. Við kynntum ýmsar nýjungar á árinu en hæst bar nýtt fríðindakerfi fyrir einstaklinga – Arion fríðindi. Í Arion appinu geta viðskiptavinir Arion banka, Varðar og Stefnis og sjóðfélagar Frjálsa lífeyrissjóðsins nú séð með myndrænum og skýrum hætti hvaða fríðinda þeir njóta og hvernig þeir geta aukið fríðindi sín enn frekar. Um er að ræða mikilvægan áfanga í að tryggja að viðskiptavinir Arion samstæðunnar njóti góðs af fjölbreyttu þjónustuframboði okkar.



**Um Arion**

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

Um Arion

Arion banki og dótturfélög veita íslensku samfélagi alhliða fjármálaþjónustu. Hlutverk Arion banka er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Arion leggur áherslu á að byggja upp langtímaviðskiptasamband við viðskiptavinina sína og nýtur sérstöðu hvað varðar framsækna og nútímalega fjármálaþjónustu.

Arion banki þjónar einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum á þremur þjónustusviðum: viðskiptabankasviði, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði og mörkuðum. Dótturfélögin Stefni og Vörður auka enn frekar þjónustuframboð bankans. Stefni er eitt stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins og Vörður tryggingar býður upp á skaða- og líftryggingar og er það tryggingafélag á Íslandi sem vex hraðast. Að auki býður bankinn upp á lífeyrisþjónustu og eru nokkrir lífeyrissjóðir í rekstri bankans. Þannig er þjónustuframboð Arion einstakt hvað fjölbreytni varðar.

Fjölbreytt þjónustuframboð felur jafnframt í sér að tekjuginn starfseminnar er breiður og dreifist lánasafn bankans vel á milli einstaklinga og fyrirtækja. Þá felur hátt hlutfall íbúðalána og góð dreifing útlána á milli atvinnugreina í sér markvissa áhættustýringu.

Arion samstæðan hefur verið í forystu á sviði stafrænna lausna og nýsköpunar enda er stór hluti þjónustunnar aðgengilegur í Arion appinu. Umfang stafrænnar þjónustu gerir þjónustuna einstaklega þægilega fyrir viðskiptavinina og eykur skilvirkni í starfseminni. Að auki hefur bankinn gegnt forystuhlutverki þegar kemur að þjónustu og ráðgjöf við fyrirtæki og fjárfesta og eflingu hlutabréfamarkaðar hér á landi.

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu varðandi sjálfbærni starfseminnar og umhverfis- og loftslagsmál. Viðskiptavininum stendur til boða margvísleg græn fjármálaþjónusta, svo sem græn bílalán, fyrirtækjalán, innlán og íbúðalán. Arion banki hefur að auki gefið út heildstæða sjálfbæra fjármálaumgjörð sem nær til fjármögnunar bankans og lánveitinga.

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem leggur metnað í að starfa með arðsömum hætti í sátt við samfélag og umhverfi. Bankinn leggur áherslu á samkeppnishæfar arðgreiðslur til hluthafa og er skráður á aðallista kauphallanna Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.



Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

„Leiðandi fyrirtæki þurfi að vera framsýn og tilbúin að breytast“

Viðtal við Benedikt Gíslason, bankastjóra Arion banka, og Paul Horner, formann stjórnar Arion banka



Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

„Í upphafi langar mig að segja að þetta hefur verið afar gott ár fyrir okkur, þrátt fyrir ýmsar áskoranir bæði hér á Íslandi og á alþjóðasviðinu,“ segir Paul Horner, stjórnarformaður Arion banka, þegar við setjumst niður með honum og Benedikt Gíslasyni bankastjóra til að rýna í árið 2025 hjá Arion samstæðunni.

„Starfsemin hefur haldið áfram að fara fram úr væntingum. Við settum okkur mjög metnaðarfull markmið og höfum ekki aðeins náð þeim heldur bætt um betur. Við förum því full bjartsýni inn í nýja árið. Í efnahagslífinu eru þó vissulega uppi ýmsar áskoranir, bæði hér á landi og á heimsvísu. Íslenska þjóðin hefur til dæmis glímt við verðbólgu og háa vexti og fasteignamarkaðurinn hefur verið krefjandi. Eins ríkir mikil óvissa í alþjóðastjórnmalunum. Við leggjum okkur fram um að greina stöðuna á hverjum tíma og tökum mið af henni í öllum ákvörðunum okkar. Það er því alltaf nóg að gera,“ segir Paul og brosir.

Benedikt er sama sinnis og kveðst vera afar stoltur af síðasta ári. Hann bendir sérstaklega á að dótturfyrirtæki Arion banka, Vörður tryggingar og sjóðafyrirtækið Stefir, hafi ekki síður en Arion banki átt gott ár og farið fram úr fjárhagslegum markmiðum sínum.

„Forskið felst í því að horfa mörg ár fram í tímann. Í flóknu viðskiptaumhverfi samtímans, þar sem tækniframfarirnar verða sífellt örari og sömuleiðis ófyrirsjáanlegri, lítum við svo á að leiðandi fyrirtæki þurfi að vera framsýn og tilbúin að breytast hratt vilji þau halda forskoti sínu. Það höfum við reynt að gera.“

Þá tekur Benedikt fram að gott hafi verið að fá niðurstöðu í „vaxtamálinu“ svokallaða en í desember komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að tilteknir skilmálar verðtryggðra íbúðalána Arion banka um vaxtabreytingar hafi verið lögmætir.

„Sú niðurstaða er einfaldlega til marks um fagmennskuna hér innanhúss og vönduð vinnubrögð starfsfólks bankans.“

Samstarf Arion banka og Varðar blómstrar sem aldrei fyrr

En hvað stendur helst upp úr á árinu?

Benedikt segir að listinn sé langur. „Nýja fríðindakerfið okkar og nýi fríðindareikningurinn með vikulegum vöxtum, spennandi byggingaverkefni á borð við Arnarland, yfirtakan á Arngrimsson Advisors, sífelldur vöxtur Premíu þjónustunnar, um 100 milljarða króna vöxtur fyrirtækjalána og svo vorum við ráðgjafar í yfirtökutilboði JBT í Marel sem voru ein stærstu viðskipti Íslandssögunnar ...“ Og þá sé fátt eitt talið. „Þetta var óvenjuviðburðaríkt ár.“

„Við erum líka virkilega stolt af samstarfinu við dótturfélögin og gætum allt eins byrjað þar.“ Hin samþætta banka- og tryggingaþjónusta haldi áfram að vekja ánægju og laða til Arion samstæðunnar nýja viðskiptavini. Þeim viðskiptavinum sem eru með bankaviðskipti sín

hjá Arion banka og tryggingar hjá Verði fjölgi jafnt og þétt; bankatryggingahlutfallið svokallaða sé nú komið í rétt tæp 42% hjá einstaklingum og 30% hjá fyrirtækjum.

„Við sjáum það svart á hvítu að þetta bankatrygginga-viðskiptamódel, sem við riðum á vaðið með hér heima, þar sem einstaklingar og fyrirtæki nýta sér hagræðið sem felst í því að vera með bankaviðskipti og tryggingar undir sama þaki, er að reynast virkilega vel, enda hafa samkeppnisaðilarnir fetað sömu braut í kjölfarið. Við ætlum að láta fjármál og tryggingar vinna betur saman.“

Þá hafi verið gott að sjá þær móttökur sem tvær mikilvægar nýjungar sem Vörður kynnti árinu hafi fengið, annars vegar neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi og hins vegar meðgöngu- og foreldravernd. Ljóst sé að þar komi Vörður til móts við þarfir sinna viðskiptavina.

„Þetta bætist í vernd fólks án þess að iðgjaldið hækki og er um algjörar nýjungar að ræða hér á landi. Með þessu viljum við sýna gott fordæmi og styðja enn betur við viðskiptavinum okkar.“



„Við ætlum að láta fjármál og tryggingar vinna betur saman.“

Benedikt Gíslason
Bankastjóri



Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

Stefnir breytir leiknum

Eignir í stýringu og þjónustu hjá Arion samstæðunni nema nú um tvö þúsund milljörðum króna og þar af eru um 379 milljarðar í stýringu hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni en eignir í stýringu Stefns jukust um tólf prósent á síðasta ári. „Stefnir hefur verið óhræddur að breyta leiknum og láta reyna á nýjungar,“ segir Paul, „til dæmis með því að lækka ekki bara þóknanir sjóða heldur fella einnig niður gengismun og lágmark við kaup í sjóðum. Þar var um stórt frumkvæðisverkefni að ræða og samkeppnin hefur ekki enn brugðist við þessu með afgerandi hætti.“

Áður nefnt framtak Stefns hafi aukið aðgengi fólks að sjóðaviðskiptum, sem skilað hafi sér í mikilli fjölgun viðskiptavina Stefns, en þeim fjölgaði um 11% á árinu 2025 og nálgast nú fjórtán þúsund manns.

Annað flott frumkvæðisverkefni hjá Stefni sé nýtt úrræði á fasteignamarkaðnum sem auðvelda eigi fólki að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Um sé að ræða sérstakt sameignarform að norrænni fyrirmynd sem hafi til að mynda gefið góða raun í Noregi. Verkefnið sé unnið í nánú samstarfi við níu íslensk byggingafélög sem stofnað hafi sameignarsjóði sem eru í stýringu hjá Stefni.

„Þetta er hluti af áskorandahlutverki okkar hér á íslenskum markaði,“ segir Paul. „Við leitum eftir lausnum sem gefið hafa góða raun á erlendum mörkuðum og innleiðum þær hér á landi til að fjölga möguleikum fólks og vonandi bæta lífskjör þess í leiðinni.“

Arion fríðindi fara fram úr öllum væntingum

Bæði Benedikt og Paul eru þó sammála um að hápunktur ársins hvað nýjungar varðar hafi verið nýtt fríðindakerfi samstæðunnar, Arion fríðindi, sem hleypt var af stokkunum á vormánuðum. Viðtökurnar hafi verið framar björtustu vonum.

„Þarna erum við að uppskera eftir þá miklu og yfirveguðu vinnu sem fram fór á bak við tjöldin, yfir langan tíma, og aftur erum við að hugsa mörg ár fram í tímann,“ segir Benedikt. „Við gáfum okkur fyrst góðan tíma í að móta fríðindakerfið, nýttum til að mynda hugmyndir sem fæddust í sérstökum Hönnunarhraðli starfsfólks sem haldinn er árlega.“ Niðurstaðan sé einfalt og notendavænt fríðindakerfi þar sem viðskiptavinir Arion banka, Varðar og Stefns sjá með myndrænum hætti, í Arion appinu, fríðindi sín hjá allri samstæðunni og hvað gera þurfi til að hækka um fríðindastig.

„Þannig viljum við umbuna þeim viðskiptavininum okkar sem nýta sér fjölbreytta þjónustu Arion og sýna í verki hversu mjög við kunnum að meta tryggð þeirra og viðskipti,“ segir Benedikt. Með fríðindakerfinu sjái viðskiptavinir Arion hvernig öll þjónustan talar saman og hvaða hag þeir hafa af því að nýta sér þjónustu Arion banka, Varðar og Stefns.

Hin mikla stafræna þróun, sem farið hefur fram innan Arion á síðustu árum, og birtist meðal annars í Arion appinu og fríðindakerfinu, sé liður

í því að nútímavæða banka- og trygginga-þjónustu. Gervigreind og sjálfvirknivæðing muni svo auka enn á skilvirkni starfseminnar á næstu árum, sem og gæði og hraða þjónustunnar.

„Við teljum að margt í bankaþjónustu samtímans sé svolítið úrelt og gamaldags, jafnvel fimmtíu árum á eftir öðrum samfélagsbreytingum,“ segir Benedikt. „Næstu ár verða miklir umbrotatímar og við erum spennt fyrir því að taka þátt í að móta framtíðina.“

Er jafnvel kominn tími á stóra kerfisbreytingu í íslensku fjármálakerfi?

Á þeim nótum er rétt að spyrja næst hvort kannski sé einfaldlega kominn tími á stórar kerfisbreytingar í íslensku fjármálakerfi, sem stundum virkar þungt og viðamiklið.

Bæði Paul og Benedikt taka undir það. Ein leið til að styrkja samkeppnishæfi Arion banka væri samruni við aðra íslenska fjármálastofnun. Í upphafi árs 2024 sóttist Arion banki eftir samrunaviðræðum við Íslandsbanka, án þess að það hlyti hljómgrunn, og fljótlega í kjölfarið var leitað til fjórða stærsta banka landsins, Kviku banka, þar sem þreifingarnar fengu góðar undirtektir. Samþykktu stjórnir beggja félaga að ganga til samningaviðræðna og hófust forviðræður við Samkeppniseftirlitið í októbermánuði 2025. „Þær viðræður hafa gengið mjög vel þótt enn sé langt í land,“ segir Benedikt.



„Stefnir hefur verið óhræddur að breyta leiknum og láta reyna á nýjungar.“

Paul Horner
Stjórnarformaður



Um Arion

Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann

Lykiltölur

Helstu atburðir

Efnahagsumhverfið

„Íslensku viðskiptabankarnir þrír – Arion banki, Landsbankinn og Íslandsbanki – eru líklega meðal minnstu kerfislega mikilvægu banka Evrópu,“ segir Paul. „Engu að síður þurfa þeir að uppfylla sömu lagalegu kröfur og skýrslugjöf og aðrir bankar á meginlandinu, sem oft eru tíu og jafnvel fimmtíu sinnum stærri og hafa því meiri mannskap til að fullnægja slíkum kröfum.“ Af þessu hljótist augljóslega mikill kostnaður sem ekki sé neytendum í hag enda bitnar hann á þeim kjörum sem bankarnir geta boðið viðskiptavinum sínum.

„Regluverkið á líklega einungis eftir að þyngjast ef eitthvað er,“ segir Benedikt. „Við teljum að viss samþjöppun, til dæmis með samruna, sé skynsamleg og að hún efli samkeppnishæfi fjármálakerfisins með því að léttu á rekstrar-kostnaði, sem leiðir aftur til þess að bankinn getur boðið viðskiptavinum sínum enn betri kjör.“

Bæði Benedikt og Paul kveðast enn fremur sannfærðir um að Arion og Kvika eigi mjög vel saman af ýmsum ástæðum.

„Lausnir Kviku falla vel inn í vöru- og þjónustu-framboð Arion og eins er menning beggja fyrirtækja mjög áþekk,“ segir Benedikt. „Rétt eins og Arion kemur Kvika seint inn á markað, talsvert langt á eftir bæði Landsbankanum og Íslands-banka, og báðir hafa bankarnir því verið í eins konar áskorandahlutverki og þurft að sýna mikið frumkvæði til að hasla sér völl í harðri

samkeppni. Við teljum að sameinaðir kraftar beggja skili sér í öflugri banka sem getur mætt betur sveiflum í rekstrarumhverfinu og verið öflugur áskorandi.“

Mikilvægi norðurslóða heldur áfram að aukast

Ekki er hægt að slíta samtalinu án þess að beina sviðsljósinu stuttlega að norðurslóðum en Arion banki hefur á síðustu árum byggt upp öflug viðskiptasambönd á þessu svæði, til að mynda í Færeyjum og á Grænlandi. Þá hefur bankinn haldið fjárfestaráðstefnu um norðurslóðir í London fjögur ár í röð og er áhuginn sífellt að aukast, enda verður svæðið æ mikilvægara í alþjóðlegu samhengi og hefur verið í kastljósinu síðustu mánuðina.



„Það má kannski segja að fyrst þegar við fórum að beina sjónum okkar að norðurslóðum og ræða framtíð og mikilvægi svæðisins við alþjóðlega banka og fjárfesta þá hafi áhuginn ekki verið sérlega mikill. En hann hefur vissulega aukist til muna undanfarið. Við í Arion erum einstaklega vel staðsett og tengd í þessu samhengi,“ segir Benedikt. „Svæðið er til að mynda mjög dýrmætt hvað fiskinn í sjónum varðar, þarna eru að opnast nýjar siglingaleiðir og alls kyns möguleikar í ferðamennsku og uppbyggingu innviða. Þarna búum við yfir mikilvægri reynslu og viljum gera það sem góð þjónustufyrirtæki gera: hjálpa öðrum að gera spennandi hugmyndir að veruleika með ábyrgum og sjálfbærum hætti.“









Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Lykiltölur



*Fjárhæðir vegna 2021 hafa ekki verið leiðréttar m. t. t. IFRS 17.





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Helstu atburðir

Sterkara fjármálakerfi

Í ræðu og riti var lögð áhersla á að kerfisbreyting þurfi að eiga sér stað á íslenskum fjármálamarkaði. Að auka þurfi skilvirkni kerfisins, hluthöfum og viðskiptavinum fjármálafyrirtækja til góða. Með það að markmiði óskaði Arion banki í upphafi árs eftir samrunaviðræðum við Íslandsbanka. Þau áform náðu ekki fram að ganga en í kjölfarið sóttist Arion banki eftir samrunaviðræðum við Kviku banka, fjórða stærsta banka landsins. Stjórnir félaganna samþykktu um mitt ár að ganga til samrunaviðræðna. Eitt fyrsta skrefið í átt að mögulegum samruna félaganna fólst í forviðræðum við Samkeppniseftirlitið sem hófust í októbermánuði.

Vörður eykur vernd trygginga sinna

Vörður kynnti á árinu tvær mikilvægar nýjungar. Annars vegar neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi og hins vegar meðgöngu- og foreldravernd. Nýjungarnar eru viðbót við þá vernd sem tryggingar félagsins veita og fólu ekki í sér hækkun iðgjalda.

Nýtt íbúðalánaframboð í kjölfar vaxtadóms

Í kjölfar dóms Hæstaréttar, sem féll í október í máli gegn Íslandsbanka þar sem vaxtabreytingarskilmáli óverðtryggðs íbúðaláns var dæmdur ólögmatr að hluta, greip bankinn til þeirrar varúðarráðstöfunar að gera hlé á veitingu íbúðalána á meðan unnið var að tímabundnum breytingum á íbúðalánaframboði bankans. Nýtt framboð íbúðalána var svo kynnt í nóvember og tók það mið af niðurstöðu Hæstaréttar.

Í desembermánuði dæmdi Hæstiréttur hins vegar í máli gegn Arion banka þar sem vaxtabreytingarskilmáli verðtryggðs íbúðaláns var dæmdur lögmætur. Mál gegn bankanum sem snýr að óverðtryggðu íbúðaláni verður tekið fyrir í héraðsdómi á árinu 2026.

Barátta gegn netsvikum

Netsvik verða stöðugt stærri áskorun fyrir fjármálafyrirtæki og viðskiptavini þeirra. Við unnum markvisst að eflingu svikavarna, m.a. með sólarhringssvikavakt. Einnig stóðum við að vitundarvakningu með þáttunum Sónn íslensk svikamál og Arion Escape herberginu okkar.

Konur fjárfestum átakið skilar árangri

Langtímaáttaksverkefnið Konur fjárfestum, sem var hrint úr vör í upphafi árs 2024, hélt áfram á árinu. Á þessum tveimur árum hafa um átta þúsund konur sótt þá 95 fræðsluviðburði sem Arion hefur staðið fyrir um land allt. Við sjáum verulegan árangur þegar kemur að þátttöku kvenna í fjárfestingum og sparnaði þar sem hlutdeild kvenna í sparnaði og áskriftum í sjóðum Stefnis og heildareign á vörslusöfnum Arion banka hefur vaxið umtalsvert hraðar en hjá körlum á þessum tíma.

Arion banki gerðist helsti bakhjarl Rannsóknarseturs um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi við Háskóla Íslands. Tilgangur setursins er að efla og dýpka þekkingu á stöðu kynjanna í íslensku atvinnulífi, með það að markmiði að stuðla að raunverulegu jafnrétti í efnahagslegri þátttöku, ákvarðanatöku og leiðtogastöðum.





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

„Við höldum áfram að styrkja stöðir stafrænna lausna Arion samstæðunnar með því að auka skilvirkni, gæði og seiglu í rekstri okkar upplýsingakerfa. Þannig tryggjum við áfram framúrskarandi þjónustuupplifun viðskiptavina okkar.“

Björn Björnsson
Framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs



Arion fríðindi – nýtt fríðindakerfi Arion samstæðunnar

Við kynntum til sögunnar nýtt fríðindakerfi – Arion fríðindi – þar sem viðskiptavinir Arion banka, Varðar og Stefnis og sjóðfélagar Frjálsa lífeyrissjóðsins sjá með myndrænum og skýrum hætti hvaða fríðinda þeir njóta og hvað þarf til svo þeir hækki um fríðindastig og njóti enn betri kjara og meiri fríðinda. Skrá þarf sig sérstaklega til leiks í fríðindakerfinu sem um 45 þúsund viðskiptavinir gerðu á árinu 2025.

Nýr fríðindareikningur – bestu kjörin fyrir bestu viðskiptavinum okkar

Mikilvægur þáttur Arion fríðinda er nýr fríðindareikningur sem kynntur var á árinu og stendur aðeins þátttakendum í fríðindakerfinu til boða. Um er að ræða óbundinn óverðtryggðan innlánareikning sem ber hæstu óbundu innlánavexti sem Arion býður viðskiptavinum sínum. Þegar fríðindareikningurinn var settur í loftið var um að ræða hæstu vexti á óbundnum reikningi sem í boði voru hér á landi. Vextir reikningsins eru greiddir vikulega sem aldrei hefur verið boðið upp á hér á landi áður.

Besta bankaappið – níunda árið í röð

Arion appið var valið besta bankaappið af viðskiptavinum íslenskra banka í könnun Maskínu, níunda árið í röð.

Við erum stöðugt að þróa og bæta Arion appið þannig að það mæti sem best þörfum viðskiptavina okkar. Sinna má öllum helstu bankaviðskiptum í appinu. Þar geta foreldrar jafnframt fylgst með virkni á reikningum barna sinna og stofnað bæði sparnaðarreikninga og debetkort fyrir þau með fljótlegum og einföldum hætti. Einnig er hægt að sinna sjóða- og verðbréfið viðskiptum og fá góða yfirsýn yfir stöðu verðbréfasafns og lífeyrissparnaðar. Þau sem tryggja hjá Verði geta að auki séð yfirlit yfir tryggingar sínar og óskað eftir tilboðum.

Hvað fyrirtæki varðar býður Arion appið upp á framúrskarandi kortalausnir þar sem m.a. má taka mynd af kvittunum og festa við fæslufirlit og stýra heimildum á þægilegan og skilvirkan hátt.



Aukin skilvirkni og sjálfvirkni

Breyttar áherslur og aukin skilvirkni upplýsingatækni leiddu til þess að við kláruðum um 40% fleiri stafræn verkefni en árið áður. Að sama skapi hafa nýjar hugbúnaðarútgáfur aukist um 50% á aðeins tveimur árum.

Gervigreindin og sjálfvirknivæðing gegna æ stærra hlutverki í starfsemi okkar og munu auka skilvirkni starfseminnar enn frekar og sömuleiðis gæði og hraða þjónustunnar. Við settum upp vélbúnað með gervigreindarkorti í gagnaverinu okkar og erum nú eitt örfár fyrirtækja á Íslandi sem eiga og nýta slíkan búnað.



Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Stefnir breytir leiknum

Stefnir lækkaði þóknanir vegna sjóðaviðskipta til hagsbóta fyrir eigendur þeirra sjóða sem Stefnir stýrir. Félagið lækkaði ekki bara þóknanir heldur felldi einnig niður gengismun og lágmarks-upphæðir við kaup í sjóðum. Á árinu fjölgaði einstaklingum í viðskiptum við Stefni um 11% og nálgast þeir nú óðfluga 14 þúsund.

Í samstarfi við nokkur byggingafélög kynnti Stefnir nýtt sameignarform til að auðvelda fólki að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Þessari nýjung hefur verið vel tekið og mikil umræða skapast um hana. Hafa nú alls níu byggingafélög stofnað sameignarsjóði sem allir eru í stýringu hjá Stefni.

Þægilegri bankaðjónusta við fyrirtæki

Við höldum áfram að efla stafræna þjónustu við fyrirtæki og kynntum á árinu fjölmargar nýjungar eins og rafrænar þinglýsingar veðskulda- og tryggingabréfa, sjálfvirknivæddan lánaramma og nú geta viðskiptavinir með einföldum hætti skipt á milli notenda í netbanka.

Í fararbroddi í fyrirtækjaþjónustu

Arion banki var ráðgjafi í yfirtökutilboði JBT í Marel en yfirtakan gekk í gegn á árinu og var um ein stærstu viðskipti Íslandssögunnar að ræða. Meðal annarra ráðgjafarverkefna á árinu má nefna hlutafjáröflun í Laxey og Controlant, kaup SKEL og Axcent of Scandinavia á verslunarkeðjunni INNO, sem hlaut viðskiptaverðlaun M&A Awards í Belgíu í flokki meðalstórra viðskipta, hlutafjárukningu og endurfjármögnun hjá Kaldvík, ráðgjöf og fjármögnun kaupa á 93% hlut í Héðni hf. og sölu á ráðandi eignarhlut í Kóða til VEX, en Kóði er leiðandi félag í lausnum fyrir fjármálamarkaði á Íslandi.

Lán til fyrirtækja jukust um 90 milljarða króna sem er einn mesti vöxtur sem bankinn hefur náð á einu ári. Þar af var metlánavöxtur til smárra og meðalstórra fyrirtækja eða rúmir 20 milljarðar króna.

Þegar Gallup spurði forsvarsfólk fyrirtækja hvaða banki væri í fararbroddi hér á landi þá svöruðu flestir því til að það væri Arion banki – nokkuð sem við erum afar stolt af.

Sterk staða á mörkuðum

Þjónustuframboð Arion jókst enn frekar á árinu þegar yfirtakan á Arngrímsson Advisors kláraðist. Þar með fjölgaði fjárfestingarkostum viðskiptavina okkar erlendis. Jafnframt stofnaði Stefnir nokkra nýja sjóði og breytti áherslum og þóknunum annarra með það að markmiði að mæta þörfum viðskiptavina Premíu, einkabankaþjónustu Arion.

Alls nema eignir í stýringu og þjónustu hjá samstæðunni nú um tvö þúsund milljörðum króna og hafa aldrei verið hærrí. Þar af eru um 379 milljarðar í stýringu hjá Stefni en eignir í stýringu Stefnis jukust um 12% á árinu. Rúmlega helmingur þeirra eigna sem eru í stýringu hjá samstæðunni er í eigu sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem eru í rekstri hjá Arion. Þar er Frjálsi fremstur meðal jafningja og endurnýjuðu Arion og Frjálsi rekstrarsamninginn á árinu.

Eftirsóttur vinnustaður

Við leggjum okkur fram um að laða að okkur og halda í besta fólkið. Mikilvægur þáttur í þessu er að bjóða upp á skýr tækifæri til starfsþróunar. Við efldum fræðslumálin og má í því sambandi nefna mentorprógramm, þar sem reynt starfsfólk tók að sér hlutverk mentors, útskriftarprógramm sem gaf nýútskrifuðum öflugum námsmönnum tækifæri á að kynnast ýmsum störfum innan samstæðunnar og markvissa leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur samstæðunnar.

Að auki settum við á fót dagheimili fyrir börn starfsfólks.



Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Arnarland og Blikastaðir

Á árinu lauk vinnu okkar við skipulagningu Arnarlands í Garðabæ, nýs hverfis þar sem líflegt borgarumhverfi með 450 íbúðum, þjónustu og atvinnustarfsemi með áherslu á heilsu og tækni verður byggt upp. Arnarland ehf. var selt til nýrra eigenda, fasteignaþróunarfélagsins Arcus ehf., sem mun byggja upp þetta glæsilega hverfi.

Góður gangur var jafnframt í skipulagsvinnu í landi Blikastaða í Mosfellsbæ sem er í eigu Arion í gegnum dótturfélagið Blikastaðaland ehf. Á Blikastaðalandi er gert ráð fyrir um 3.500-3.700 íbúðum á svæði sem er skipulagt í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir um 1.200 íbúðum. Á árinu var unnið að samkomulagi við Mosfellsbæ sem fól í sér hækkun framlags Blikastaðalands ehf. vegna uppbyggingar helstu innviða, svo sem grunnskóla, leikskóla og íþróttahúss. Deiliskipulag fyrsta áfanga var sett í auglýsingu í byrjun árs 2026.

Að auki náðust samningar við félagið Reykjanes Investment ehf. um kaup þess á fasteignum og lóðum í Helguvík á Reykjanesi þar sem um tíma var starfrækt kísilverksmiðja.



Efnahagur

Eignir bankans jukust um 8% á árinu 2025 og námu í árslok 1.755 milljörðum króna. Lán til viðskiptavina jukust einnig um 8% á árinu. Hækkun á lánum til fyrirtækja var 15,2% en lán til einstaklinga jukust um 0,2%.

Arion banki hélt áfram að styrkja stöðu sína á erlendum og innlendum mörkuðum með aukinni fjölbreytni fjármögnunarkosta.

Arion banki gaf út í byrjun árs almenn skuldabréf að fjárhæð 350 milljónir norskra króna og 250 milljónir sænskra króna sem eru til þriggja ára. Jafnframt gaf bankinn út almenn skuldabréf sem námu 27,5 milljónum Bandaríkjadala til 3,5 ára og almenn skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra til fimm ára. Á sumarmánuðum gaf bankinn út græn almenn skuldabréf að fjárhæð 600 milljónir norskra króna og 900 milljónir sænskra króna sem eru til 2,5 ára, sem og almenn skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra til 6 ára.

Innanlands hélt Arion banki áfram útgáfu á almenna skuldabréfafloknum ARION 28 1215 og gaf út bréf fyrir 4.860 milljónir króna í byrjun árs. Bankinn gaf í sumar út nýjan flokk víkjandi

skuldabréfa að upphæð 10,0 milljarðar króna sem teljast til eiginfjárbáttar 2 (e. Tier 2). Á árinu voru jafnframt gefin út sértryggð skuldabréf fyrir 18,5 milljarða króna, þar af 960 milljónir til eigin nota.

Arion banki nýtur sterkrar lausafjástöðu sem er m.a. tilkomin vegna fjármögnunar á heildsölu-markaði auk þess sem innlán frá viðskiptavinum jukust um 7%, úr 857 milljörðum króna í 921 milljarð króna. Innlán námu um 60% af fjármögnun bankans í árslok.

Heildar eigið fé bankans nam 217,4 milljörðum króna í árslok 2025 og jókst um 10,3 milljarða króna á árinu. Breytinguna má einkum skýra með afkomu ársins sem nam 30,6 milljörðum króna en til lækkunar koma kaup á eigin hlutum og arðgreiðslur, samtals að fjárhæð 22,1 milljarðar króna. Eiginfjárlutfall bankans var 22,5% í árslok og lutfall almenns eiginfjárbáttar 1 18,4%.

Helstu viðurkenningar

Fimmta árið í röð var Arion banki valinn banki ársins á Íslandi af The Banker, sem er gefið út af The Financial Times. Arion var einnig valinn banki ársins á Íslandi af Euromoney, annað árið í röð.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum Uppbygging lífeyrissjóða af fagtitritinu Investment Pension Europe. Þetta eru sextánda verðlaun sem

Investment Pension Europe veitir Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Arion banki var útnefndur sem menntafyrirtæki ársins af Samtökum atvinnulífsins. Á fjórða tug tilnefninga bárust og valdi dómnefnd Arion banka úr hópi þriggja fyrirtækja sem þóttu skara fram úr í fræðslu- og menntamálum. Jafnframt fékk Arion þekkingarverðlaun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem eru veitt til að heiðra fyrirtæki sem sýnir framúrskarandi sérfræðiþekkingu, nýsköpun og/eða aðlögunarhæfni í sínu fagi.

Arion banki var ásamt fimm öðrum fyrirtækjum tilnefndur undir lok árs af brandr sem besta íslenska vörumerkið á fyrirtækjamarkaði.

Arion banki hlaut framúrskarandi einkunn í UFS-áhættumati Reitunar. Er þetta sjötta árið í röð sem Reitun metur bankann í flokki framúrskarandi fyrirtækja á þessu sviði. Matið byggist á árangri bankans í tengslum við sjálfbærni, þ.e. á sviði umhverfis- og félagsþátta og stjórnarháttar. Jafnframt er bankinn í hópi þeirra bestu á sviði sjálfbærnimála á heimsvísu að mati Morningstar Sustainability og leiðtogi á þessu sviði að mati MSCI sem gaf bankanum einkunnina AA.

Eins og undanfarin áru fengu Arion banki, Vörður og Stefni nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Viðurkenningarnar eru veittar af Stjórnvísí, Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland.



Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Efnahagsumhverfið

Árið 2025 fer í sögubækurnar sem tollaárið mikla, árið sem Bandaríkin umbyltu utanríkisstefnu sinni með tilheyrandi efnahagslegri og pólitískri óvissu. Þrátt fyrir að íslenska þjóðarskútan hafi ekki steytt á skeri vörutolla og verndarstefnu var þungt í sjóinn. Hvert áfallið á fætur öðru skall á útflutningsgreinunum á haustmánuðum, atvinnuleysi jókst og lánaðgjöld og fjármálaleg skilyrði heimila þrengdust í kjölfar dóms Hæstaréttar. Því til viðbótar reyndist verðbólga þrálát og peningalegt taumhald því þétt.

Þrátt fyrir að umrót á alþjóðamörkuðum og ófyrirsjáanleg tollastefna hafi valdið ugg og ótta mældist engu að síður 1,5% hagvöxtur á fyrstu níu mánuðum ársins. Hagvöxturinn var drifinn áfram af neyslu heimilanna, sem jókst um 3,6% milli ára, og fjárfestingu, sem jókst um 10,1%. Jafnvel þótt ferðaþjónustan hafi átt frábæru gengi að fagna yfir sumartímann, þar sem hvert metið á fætur öðru var slegið, átti útflutningur ekki roð í innflutning sem jókst um 11,4% milli ára. Framlag utanríkisverslunar til hagvaxtar var þar af leiðandi neikvætt, annað árið í röð.

Mikinn innflutningsvöxt mátti fyrst og fremst rekja til umfangsmikils innflutnings á tölvubúnaði tengdum gagnaverum, en alls voru fluttar inn tölvur og tölvueiningar fyrir 170 ma.kr. á árinu. Í hinum fullkomna heimi hagfræðinnar ætti slíkur innflutningur ekki að hafa áhrif á hagvöxt þar sem fjárfesting er færð til bókar á móti. Ýmislegt

bendir þó til þess að fjárfesting hafi ekki náð að halda í við innflutning á árinu, sem ásamt öðrum vandkvæðum dró úr tiltrú greiningaraðila á tölum þjóðhagsreikninga.


Í þessu samhengi er vert að árétta að fyrrgreindar tölur eru fyrsta mat Hagstofunnar á gangi hagkerfisins og það mat tekur oft en ekki breytingum þegar fram líða stundir. Til að setja stærðargráðu endurskoðana ársins í samhengi er nærtækast að taka annan ársfjórðung 2025 sem dæmi. Samkvæmt fyrstu tölum dróst hagkerfið saman um 1,9% milli ára, en eftir eina endurskoðun stendur samdrátturinn í 0,2%. Greinendur reikna með að hagvaxtartölur ársins taki frekari breytingum á komandi mánuðum.

Útflutningur átti undir högg að sækja


Betur fór en á horfðist í upphafi árs þar sem áhrif tollahækkana Bandaríkjastjórnar höfðu takmörkuð áhrif á íslenskan útflutning samkvæmt opinberum tölum. Strax í kjölfar tollasetningar dróst vöruútflutningur til Bandaríkjanna saman en jókst svo aftur er líða tók á árið. Þá sótti mikill fjöldi bandarískra ferðamanna okkur heim, einkum yfir sumartímann. Með sanni má segja að sumarið hafi farið fram úr björtustu vonum er kom að ferðaþjónustunni, eftir brokkngenga byrjun.

Um var að ræða fjölmennasta ferðamannasumar frá upphafi mælinga. Því til viðbótar lengdist dvalartíminn milli ára, hótelnýting var með besta móti og hver og einn ferðamaður skildi meiri verðmæti eftir sig. Útflutningstekjur greinarinnar á fyrstu níu mánuðum ársins jukust þar af leiðandi um 3,1% milli ára. Adam var þó ekki lengi í paradís, því undir lok september dró skyndilega úr flugframboði til landsins þegar íslenska flugfélagið Play hætti starfsemi. Komum ferðamanna til landsins fækkaði í kjölfarið og svo fór að á árinu sóttu 2,3 milljónir ferðamanna landið heim – annað árið í röð.

Fjöldi erlendra ferðamanna í gegnum Keflavíkurflugvöll
Fjöldi (milljónir)



Framlag einstakra liða til hagvaxtar





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Á haustmánuðum sannaðist hið fornkeðna, að sjaldan er ein báran stök. Degi eftir gjaldþrot Play var tilkynnt um mikinn samdrátt í veiðiráðgjöf fyrir uppsjávarfiskistofna í NA-Atlantshafi, sem bættist við lítilfjörlega loðnuráðgjöf og samdrátt í þorskkvóta. Skömmu síðar var gráu bætt ofan á svart hvað varðar útflutningshorfur, þegar alvarleg bilun í álveri Norðuráls leiddi til framleiðslustöðvunar að hluta. Ólíkt fyrri árum var ekki hægt að leita á náðir annarra útflutningsgreina til að taka við keflinu þar sem bæði fiskeldi og lyfjaframleiðsla áttu í vök að verjast eftir gríðarlegan vöxt árið áður. Áform þessara tveggja atvinnugreina eru hins vegar stórhuga og vaxtataækifærin mikil. Engu að síður hafa útflutningshorfurnar til skemmri tíma versnað og reiknar Seðlabanki Íslands með 0,2% útflutningsvexti á árinu 2026. Vegur þar þýngst samdráttur í útflutningi álafurða.

Atvinnuleysi og launahækkanir vógust á


Árið hófst með vopnaskaki á vinnumarkaði, þar sem verkföll kennara settu svip sinn á samfélagið. Samningur var farsælega leiddur til lykta á fyrsta ársfjórðungi, síðasti stóri samningurinn í þessari kjaralotu. Alls hækkaði launavísitalan um 8% milli ára, að meðaltali, sem samsvarar 3,7% raunlaunahækkun. Þessa miklu hækkun mátti rekja til almennra umsaminna hækkana annars vegar og launaskriðs, launaskriðstrygginga og kjarasamninga smærri hópa hins vegar.

Þrátt fyrir viðvarandi launahækkanir gáfu flestir mælikvarðar til kynna að spennan á vinnumarkaði hefði minnkað umtalsvert. Verulega hægði á fjölda starfandi – og í raun fækkaði störfum undir lok árs – og atvinnuleysi þokaðist upp. Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar

mældist atvinnuleysi 4,4% í desember samanborið við 3,8% atvinnuleysi á sama tíma árið áður. Fátt bendir til betri tíðar á vinnumarkaði þar sem haustkönnun meðal stærstu fyrirtækja landsins leiddi í ljós að fleiri fyrirtæki vildu fækka starfsfólki en fjölga. Þá mat mikill meirihluti stjórnenda horfurnar frekar eða mjög slæmar, sérstaklega meðal útflutningsfyrirtækja. Fyrirtæki er starfa á innanlandsmarkaði voru örlítið bjartsýnni, enda tóku íslenskir neytendur við sér á nýjan leik árið 2025: Einkaneyslan jókst um 3,6% á fyrstu níu mánuðum ársins, einkaneysla á mann jókst um 2,3% og kortavelta Íslendinga jókst um 6% á árinu öllu. Þá slógu íslensk heimili ferðamet á árinu sem endurspegladi að einhverju leyti sterka krónu.


Atvinnuleysi og raunlaun

Ársbreyting launavísitölu miðað við fast verðlag




Viðskipting útflutnings

Fyrstu níu mánuðir hvers árs




Viðskiptajöfnuður

Fyrstu níu mánuðir hvers árs, ma.kr. á föstu gengi



Kortavelta og einkaneysla

Ársbreyting að raunvirði





Um Arion
Viðtal við bankastjóra og stjórnarformann
Lykiltölur
Helstu atburðir
Efnahagsumhverfið

Neysla heimilanna var að miklu leyti drifin áfram af hröðum launavexti og mikilli kaupmáttaraukningu. Þá var staða íslenskra heimila almennt sterk, skuldahlutföll lág, vanskil lítil og sparnaður fór vaxandi. Núverandi þróun, það er að segja stígandi atvinnuleysi samhliða kaupmáttaraukningu, er Íslendingum nánast ókunn, enda hefur sögulega séð verið lagt kapp á að viðhalda háu atvinnustigi á kostnað verð- og gengisstöðugleika. Þó að rétt sé að spyrja að leikslokum virðist aðlögun hagkerfisins ætla að fara í auknum mæli í gegnum vinnumarkaðinn.

Sviptingar á húsnæðismarkaði


Enda þótt vaxandi atvinnuleysi hafi ekki haft sýnileg áhrif á neyslu heimilanna – enn sem komið er – gæti hert aðgengi þeirra að lánsfé í kjölfar dóms Hæstaréttar dregið tímabundið úr neysluvilja og fyrirhuguðum stórkaupum. Undir lok árs urðu miklar breytingar á lánaframboði fjármálastofnana þar sem aðgengi að lánum, sérstaklega verðtryggðum lánum og lánum er bera breytilega vexti, var þrengt. Við það jókst lægsta greiðslubyrði verðtryggðra lána skarpt. Húsnæðismarkaðurinn fór ekki varhluta af óvissunni er skapaðist í kjölfarið og minnkuðu umsvif nokkuð samkvæmt fyrstu tölum. Óvissan kom illa við kaunin á markaðinum, sem hafði kólnað framan af ári. Í upphafi árs stóð árshækkun húsnæðisverðs á landinu öllu í 8,2%, en var komin í 2,8% þegar dómur í vaxtamálinu féll. Sala á nýjum íbúðum var dræm sem leiddi til þess að lager af óseldum nýjum íbúðum safnaðist upp yfir árið, bæði á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess. Til að bregðast við þróuninni var

kynnt til leiks ný fjármögnunarleið íbúðarkaupa er fól í sér að sjóðir á vegum byggingafyrirtækja buðust til að fjárfesta með einstaklingum í nýju íbúðarhúsnæði úr verkefnum fyrirtækjanna sjálfra. Sameignarsjóðirnir vöktu strax athygli og áhuga kaupenda sem og Seðlabankans sem taldi fyrirkomulagið áhættusamara en almenn íbúðakaup. Hertar reglur um útreikning greiðslubyrðarhlutfalls var niðurstaðan. Þegar upp var staðið hækkaði húsnæðisverð á landinu öllu um 5,1% að meðaltali árið 2025.

Þrálát verðbólga steinn í götu vaxtalækkana


Í upphafi árs virtist verðbólgan vera á undanhaldi og vaxtalækkanir á næsta leiti. Um mitt ár varð

Markaðsverð íbúðarhúsnæðis
Ársbreyting



hins vegar ljóst að leiðin að verðbólgu markmiði yrði hvorki bein né greið. Jafnvel þótt greinileg merki kólnunar mætti sjá í efnahagslífinu, s.s. á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði, höfðu miklar launahækkanir áhrif á innlenda hluta verðbólgunnar. Verðbólguvæntingar, hvort sem lítið var til heimila, fyrirtækja eða markaðsaðila, voru sömuleiðis háar og vel yfir markmiði Seðlabankans. Svo fór að verðbólgan stóð í 5,2% í janúar samanborið við 4,6% í ársbyrjun 2025. Engu að síður lækkuðu stýrivextir Seðlabankans um 1,25 prósentustig á árinu, fyrst vegna hjöðunar verðbólgu framan af ári og síðar vegna umröts á lánamarkaði í kjölfar dóms Hæstaréttar. Taumhald peningastefnunnar breyttist hins vegar lítið á árinu og var á bilinu 3,5%-4%.

Verðbólga og stýrivextir



Seðlabankinn hafði í nógu að snúast á árinu. Til viðbótar við vaxtalækkanir og breytingar á lánþegaskilyrðum hóf bankinn reglubundin gjaldeyriskaup til að styrkja gjaldeyrisforðann. Bankinn keypti gjaldeyri fyrir alls 68 ma.kr. á árinu og steig þar af leiðandi inn í það tómarúm sem lífeyrissjóðirnir skildu eftir sig – og rúmlega það. Mörgum þótti tímasetningin á gjaldeyriskaupnum heppileg í ljósi þess að krónan var sterk, jafnvel of sterk á einhverja mælikvarða. Skömmu eftir veikingu krónunnar á haustmánuðum, eftir röð áfalla í lykilútflutningsgreinum, hætti Seðlabankinn reglubundnum gjaldeyriskaupum. Að lokum styrktist krónan um 9,6% gagnvart Bandaríkjadal en veiktist um 2,9% gagnvart evru.

Gengi krónunnar gagnvart EUR og USD






Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Okkar stefna og árangur

Arion banki hefur skýra stefnu sem kveður á um hlutverk, framtíðarsýn og tilgang bankans. Við viljum virkja þann kraft sem er allt í kringum okkur, vera drifkraftur árangurs viðskiptavina okkar og samfélagsins alls – á Íslandi og víðar á norðurslóðum. Hlutverk okkar er að þjóna samfélaginu með snjöllum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Gott samstarf Arion banka, Varðar trygginga og sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis gegnir þar lykilhlutverki. Arion samstæðan starfar eftir skýrum fjárhagsmarkmiðum sem birt eru opinberlega og á árinu 2025 náði samstæðan markmiði sínu um arðsemi eiginfjár umfram 13%. Að teknu tilliti til arðgreiðslna ársins hækkuðu hlutabréf bankans á aðalmarkaði Nasdaq Iceland um 30,2% og SDR á Nasdaq í Stokkhólmi hækkuðu um 19,7%.



**Stefna og framtíðarsýn**

Arion samstæðan

Fjárhagsleg markmið og árangur

Fjárfest í Arion

Stefna og framtíðarsýn

Eitt það mikilvægasta sem Arion samstæðan gerir er að hjálpa viðskiptavinum sínum að búa við fjárhagslegt heilbrigði. Það gerum við með því að ávaxta sparnað og miðla honum til þeirra sem leita eftir fjármagni til að gera hugmyndir sínar og drauma að veruleika. Einnig með því að bjóða fjölbreytt úrval trygginga fyrir fólk, heimili og fyrirtæki sem og framúrskarandi lausnir á sviði lífeyrismála. Fjölbreytni þjónustunnar skiptir máli því viðskiptavinir okkar hafa ólík markmið sem vitna um þann metnað og kraft sem í þeim býr.

Við höfum óbilandi trú á nærumhverfi okkar og því að fólk búi yfir hugmyndum og draumum sem eru þess virði að gera að veruleika, samfélaginu öllu til góðs. Við viljum virkja kraft viðskiptavina okkar, kraft kvenna, kraftinn sem í okkur býr og ekki síst kraft efnahagslífsins og samfélagsins alls.

Stefna Arion banka er eftirfarandi:

Hlutverk okkar er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun.

Framtíðarsýn okkar er að vera best í að mæta þörfum markhópa okkar – leiðandi fyrirtæki sem er drifkraftur árangurs viðskiptavina og samfélagsins alls.

Tilgangur okkar er að virkja kraft norðursins.





Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Þinn árangur

Árangur getur verið alls konar. Við erum öll ólík og markmið okkar eru fjölbreytt. Árangur viðskiptavina – þinn árangur – er það sem skiptir okkur mestu máli.

Árangur viðskiptavina

Hvort sem um ræðir stórfyrirtæki sem fjárfestir í umhverfisvænni framleiðslu eða sprotafyrirtæki í leit að fjármögnun, ungt fólk á leið í nám erlendis eða eldra fólk að byggja upp eignasöfn og fjárhagslegt öryggi á efri árum, þá erum við alltaf að vinna að árangri viðskiptavina okkar.

Árangur samfélagsins

Verkefnin sem við fjármögnum hafa mikil áhrif á samfélag okkar og umhverfi. Við trúum á kraftmikið atvinnulíf og leggjum áherslu á sjálfbæra fjármálaþjónustu, samfélaginu til góðs.

Árangur eigenda

Þúsundir Íslendinga eru hluthafar í Arion, bæði beint en einnig óbeint í gegnum lífeyrissjóði. Við erum meðvituð um ábyrgð okkar og höfum metnað til þess að skila eigendum okkar auknum verðmætum.

Árangur starfsfólks

Starfsfólk bankans er fjölbreyttur hópur fólks sem á það sameiginlegt að hafa ríkan metnað fyrir störfum sínum. Við leggjum okkur fram við að byggja upp vinnustað þar sem kunnátta, þekking og færni fá að njóta sín.

Sjálfbær verðmætasköpun

Við viljum vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi og samfélagi. Við leggjum áherslu á að samfélagsábyrgð og sjálfbærni séu hluti af daglegri starfsemi, ákvarðanatöku og ferlum. Aðeins þannig getum við eflt fjárhagslegt heilbrigði og stuðlað að sjálfbærri verðmætasköpun samfélagsins.

Við gerum okkur grein fyrir því að fjármálafyrirtæki hafa mest áhrif með lánveitingum og fjárfestingum og tökum þá ábyrgð alvarlega. Við viljum efla fjárfestingar kvenna og jafna hlut kynjanna á fjármálamarkaði. Á árinu 2025 höldum við áfram með langtímaátaksverkefnið Konur fjárfestum sem hófst á árinu 2024.

Við höfum jafnframt sett okkur metnaðarfulla umhverfis- og loftslagsstefnu. Við viljum leggja okkar af mörkum svo að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu og öðrum innlendum og alþjóðlegum umhverfis- og loftslagsáttmálum. Við bjóðum viðskiptavinum okkar sjálfbæra og græna fjármálaþjónustu, svo sem græn bílalan, innlán, íbúðalan, fyrirtækjalán og græna sjóði Stefnis.

Gildi

Gildin okkar eru þrjú og eru leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem við gerum og segjum. Þau hjálpa okkur að skilja til hvers er ætlast af hverju og einu okkar – og af hópnum sem heild. Þau lýsa því hvernig við nálgumst verkefnin svo að markmið okkar og viðskiptavina okkar náist.

Komum hreint fram

Við ástundum góða viðskiptahætti með sjálfbærni að leiðarljósi.

Við erum hreinskiptin og bendum á það sem betur má fara.

Við gætum trúnaðar í hvívetna og komum fram af virðingu.

Finnum lausnir

Við erum jákvæð og lausnamiðuð í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur.

Við trúum því að skapandi hugsunarháttur og lifandi frumkvæði leiði til snjallra lausna.

Við erum meira en banki – við erum úrræðagóður samstarfsaðili sem hjálpar fólki og samfélögum að ná árangri.

Vinum saman

Við berum sjálf ábyrgð á að skapa starfs-umhverfi sem er auðgandi, skemmtilegt og hvetjandi.

Við temjum okkur nána samvinnu, bæði milli sviða og við samstarfsaðila.

Við vinnum með viðskiptavinum okkar svo þeir nái markmiðum sínum.

Við höfum jafnframt sett okkur siðareglur sem við köllum lykla að ábyrgri hegðun og ákvarðanatöku. Siðareglurnar má nálgast á vef Arion banka.

Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Arion samstæðan

Arion banki, Vörður tryggingar og sjóðastýringarfélagið Stefnir mynda kjarnann í Arion samstæðunni og þeirri þjónustu sem við bjóðum viðskiptavinum okkar. Vörður og Stefnir eru dótturfélög Arion banka. Náið og traust samstarf félaganna þriggja leiðir til þess að við getum boðið einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum fjölbreyttar og snjallar fjármálalausnir sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Nánar er fjallað um þjónustuframboð Arion samstæðunnar í kaflanum Okkar þjónusta.

Að auki á Arion banki 51% í Leiguskjóli, sem býður viðskiptavinum sínum húsaleiguábyrgðir frá Arion og rekur vinsælasta húsaleiguvef Íslands, myigloo.is, og 100% í fasteignaþróunarfélaginu Landey, sem hefur frá árinu 2009 komið að eignarhaldi á ýmsum fasteignum og þróunarverkefnum.



Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion



Vörður er alhliða tryggingafélag sem þjónustar jafnt einstaklinga sem fyrirtæki og leggur áherslu á einföld og þægileg viðskipti. Félagið þjónar yfir 71 þúsund viðskiptavinum, 64 þúsund einstaklingum og 7 þúsund fyrirtækjum. Markaðshlutdeild Varðar hefur vaxið jafnt og þétt, er nú um 19% og tekjur um 20,8 milljarðar króna. Helstu atvinnugreinar í fyrirtækjastofni eru byggingastarfsemi, fasteignausýsla og sérfræðiþjónusta. Markmið okkar er að eiga ánægðustu viðskiptavinina á tryggingamarkaði.

Samstarf um fríðindi

Samstarf Varðar og Arion banka hefur aldrei verið öflugra. Þjónusta Varðar er nú aðgengileg í sjö sameiginlegum útibúum og viðskiptavinir samstæðunnar njóta góðs af samþættu fríðindakerfi og endurgreiðslum til tjónlausra viðskiptavina.

Viðskiptavinir Varðar geta sinnt tryggingamálum sínum í Arion appinu og á mínum síðum – hvar og hvenær sem er. Þeim viðskiptavinum sem kjósa að eiga samskipti við okkur í appi eða á vefsíðu viljum við mæta með framúrskarandi lausnum og verður mikil áhersla lögð á frekari uppbyggingu þessara þjónustuleiða.

Samsett hlutfall betra en markmið

Tryggingarekstur Varðar gekk vel á árinu og var samsett hlutfall félagsins undir markmiði ársins.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi var undir markmiðum þrátt fyrir góðan sprett á síðustu vikum ársins. Ávöxtun var neikvæð á innlendum hlutabréfum og vaxtalækkunar á skuldabréfum skiluðu sér ekki eins og áætlað var. Afkoma af fjárfestingastarfsemi nam 525 millj. kr. samanborið við 2.197 millj. kr. á árinu 2024.

Framúrskarandi þjónusta

Á hverjum degi leggjum við okkur fram um að vera til staðar fyrir viðskiptavinum okkar og veita þeim framúrskarandi þjónustu.

Við viljum fara fram frá væntingum með framúrskarandi viðmóti, einlægum áhuga og lausnamiðaðri nálgun. Við tökum frumkvæði, hugsum út fyrir kassann og finnum lausnir sem gleðja viðskiptavinum okkar. Árangur af þessum áherslum er sjáanlegur í aukinni ánægju viðskiptavina.

Forvarnir í forgangi

Tryggingar eru mikilvægur liður í fjárhagslegu heilbrigði og hefur Vörður einsett sér að vera fremst í forvörnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki með markvissum og tímanlegum skilaboðum sem og fyrirtækjaráðgjöf.

Á árinu stóðum við fyrir herferðinni „Ekki geispa golunni“ með Samgöngustofu og Eimskipi til að vekja athygli á hættunni á því að syfjaðir öikumenn sofni undir stýri. Við deildum einnig

árstíðabundnum ráðum og gáfum viðskiptavinum okkar rúðusköfur og reyskynjara.

Betri vernd með nýrri og skapandi hugsun

Á árinu voru tekin markviss skref í vörupróun og betri vernd viðskiptavina. Þar er helst að nefna tvær mikilvægar nýjungar: vernd fyrir þau sem verða fyrir ofbeldi í nánu sambandi og meðgöngu- og foreldravernd. Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi er ný viðbót við heimilistryggingar Varðar. Markmiðið er að auðvelda þolendum að breyta aðstæðum sínum. Verndin er nú hluti af öllum heimilistryggingum Varðar og er án viðbótarkostnaðar. Meðgöngu- vernd var bætt við sjúkdómatryggingar án viðbótarkostnaðar og tryggir fjárhagslegan stuðning og ráðgjöf ef alvarleg veikindi eða fylgikvillar koma upp hjá móður eða barni á meðgöngu eða eftir fæðingu. Báðar þessar nýjungar hafa mælst afar vel fyrir hjá viðskiptavinum og eru skýrt dæmi um áherslu félagsins á samfélagslega ábyrgð, jafnrétti og bætt lífsgæði.

Við hjá Verði erum til staðar fyrir samfélagið og veitum fólki hugarró með nýrri og skapandi hugsun. Við hlökkum til að kynna frekari nýjungar á komandi ári og halda áfram að leiða þróun á íslenskum tryggingamarkaði.

„Við erum til staðar fyrir samfélagið og þróum tryggingar sem skipta máli fyrir fólk. Með því að bæta vernd fyrir þolendur ofbeldis og meðgöngu- og foreldravernd við tryggingar án þess að hækka iðgjöld sýnum við að við tökum samfélagslega ábyrgð alvarlega og stöndum með viðskiptavinum okkar.“

Með öflugri stafrænni vegferð í samstarfi við Arion banka gerum við tryggingar aðgengilegri og persónulegri fyrir alla.“

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir
Forstjóri Varðar





Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion



Stefnir hf. er eitt elsta sjóðastýringarfyrtæki landsins. Stefnir byggir á farsælli og verðmætri sögu og hefur skapað virði með viðskiptavinum sínum í áratugi. Stefnir hefur verið leiðandi í vörupróun á sjóðastýringarmarkaði og náð árangri með ábyrgum hætti fyrir viðskiptavinum sína með sterkri liðsheild og teymisvinnu. Félagið er að fullu í eigu Arion banka og tengds félags og starfsstöðvar félagsins eru til húsa í höfuðstöðvum Arion. Eignir í stýringu félagsins eru rúmir 379 milljarðar króna og eru í eigu fjölbreytts hóps fjárfesta, allt frá einstaklingum upp í stærstu fagfjárfesta landsins. Í árslok 2025 störfuðu 22 sérfræðingar í þremur teyllum við stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og sérhæfðra sjóða.

Eignir í virkri stýringu hækkuðu á árinu um 43 milljarða króna eða úr rúmum 336 milljörðum króna í rúma 379 milljarða. Hækkunin skýrist af jákvæðri ávöxtun og innflæði í sjóði ásamt stofnun nýrra sjóða á árinu. Dreifing eignaflokka í stýringu er góð og tekjusatsetning félagsins í samræmi við markmið stjórnar.

Vörupróun og stórir áfangar á árinu

Stefnir stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina sinna og leggur ríka áherslu á að gera það með ábyrgum og gagnsæjum hætti.

Stefnir er leiðandi í lækun þóknana til hagsbóta fyrir eigendur þeirra sjóða sem Stefnir stýrir. Félagið lækkaði þóknar Premíu sjóða og felldi einnig niður gengismun sjóða og er nú ekkert lágmark við kaup í sjóðum.

Stefnir kynnti, í samstarfi við nokkur byggingafélög, nýtt sameignarform til að auðvelda fólki að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Þessari nýjung hefur verið vel tekið og mikil umræða skapast um hana. Hafa nú alls níu byggingafélög stofnað sameignarsjóði sem allir eru í stýringu hjá Stefni.

Framtakssjóðurinn SÍA V var stofnaður á árinu en hann er fimmti sjóðurinn í framtakssjóðaröð Stefnis. Áskriftir í sjóðinn námu rúmum 15,2 ma.kr., og er hann að mestu í eigu lífeyrissjóða. Markmið sjóðsins er að hámarka arðsemi hluthafa með fjárfestingum í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn er áhrifaþjárfestir og hefur verulega aðkomu að stjórnun þeirra félaga sem hann fjárfestir í og beitir sér fyrir framgangi viðkomandi fyrirtækja.

Á árinu gekk SÍA IV, framtakssjóður í stýringu Stefnis sem er að stærstum hluta í eigu lífeyrissjóða, frá kaupum á meirihluta hlutafjár í Internet á Íslandi hf. (ISNIC). ISNIC er skráningarstofa landshöfuðlensins .is. Þessi kaup eru síðasta nýja

fjárfestingin inn í SÍA IV, þar sem fjárfestinga-tímabili sjóðsins er nú lokið.

Sérhæfði lánasjóðurinn SÍL 3 var stofnaður á árinu og gaf út skuldabréf (SIL 35 6) sem var skráð hjá Nasdaq OMX haustið 2025. Áskriftarloforð sjóðsins eru 7 ma.kr. og er hann að mestu í eigu lífeyrissjóða. Um er að ræða þriðja sjóðinn í lánasjóðaröðinni SÍL hjá Stefni. SEL II hs. gaf út höfuðstólstryggt skuldabréf að upphæð 35 milljónir USD sem var sömuleiðis skráð á Nasdaq OMX og er þetta annar sjóðurinn sem gefur út höfuðstólstryggt skuldabréf.

Fjöldi viðskiptavina jókst á árinu 2025 um 11% og voru í árslok um 13.700 talsins. Áskriftir í sjóði Stefnis jukust verulega á árinu eða um 40% í fjölda þeirra sem skráðu sig í áskrift í sjóði frá fyrra ári. Vinsælasti áskriftarsjóður Stefnis er áfram Stefnir – Samval en Katla Fund – Global Equity hefur einnig notið mikilla vinsælda meðal nýrra viðskiptavina. Fjöldi reglubundinna áskrifta í sjóðum Stefnis hefur því aldrei verið meiri enda aldrei verið einfaldara og þægilegra að eiga viðskipti með sjóði Stefnis í Arion appinu. Þá hefur verkefnið Konur fjárfestum skilað auknum og stærri viðskiptum kvenna sem er ánægjuleg þróun.

„Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum viðskiptavina með langtímahagsmunum þeirra að leiðarljósi. Starfsemi okkar byggir á faglegum vinnubrögðum, framsýni og öflugum greiningarstarfi.“

Jón Finnbogason
Frankvæmdastjóri Stefnis





Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Ábyrgar fjárfestingar og hlutverk Stefnis

Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Ábyrgar fjárfestingar, fjölbreyttir fjárfestingarkostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykilatriði við framkvæmd þeirrar samfélagsábyrgðar sem Stefni vill standa fyrir. Með því að taka tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttanna hefur Stefni jákvæð áhrif á samfélag sitt, eigendur í sjóðum og aðra haghafa.

Stjórn Stefnis hefur sett félaginu stefnu um ábyrgar fjárfestingar og er stöðugt unnið að innleiðingu hennar í fjárfestingaferla og við samval fjárfestinga. Vörubrún felst að miklu leyti í að bjóða ábyrga fjárfestingarkosti í takt við óskir viðskiptavina okkar.

Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis, til hagsbóta fyrir alla hagaðila félagsins. Stefni var fyrst íslenskra félaga til að hljóta nafnbótina fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum árið 2012 og hefur viðhaldið þeirri vinnu allar götur síðan.



Landey ehf. er fasteignaþróunarfélag í eigu Arion banka hf. Landey hefur frá stofnun árið 2009 komið að eignarhaldi á ýmsum fasteignum og þróunarverkefnum. Núverandi eignir félagsins eru lóðir og fasteignir á Blikastaðalandi og við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Markmið Landeyjar er að auka verðmæti eigna sinna með áframhaldandi þróun og uppbyggingu þessara svæða.

Árið 2025 seldi Landey eignir sínar í Helguvík á Reykjanesi og lóðina að Arnarlandi í Garðabæ.

Um Blikastaðalandið

Blikastaðaland er u.þ.b. 98 hektarar og er eitt stærsta óbyggða landsvæði höfuðborgarsvæðisins. Landið er í endanlegri eigu Arion banka í gegnum félagið Blikastaðaland ehf., dótturfélag Landeyjar ehf. Gert er ráð fyrir að fjöldi íbúða verði í heild um 3.600, blanda fjölbýlis og sérþýlis, að viðbættum 150 íbúðum fyrir 55 ára og eldri, skóla, íþróttastöðu og allt að 66.000 fermetrum atvinnuhúsnæðis. Samkomulag við Mosfellsbæ felur í sér að Blikastaðaland ehf. taki þátt í uppbyggingu innviða svæðisins.

Vinna við fyrsta áfanga deiliskipulags fyrir Blikastaðalandið hefur verið í fullum gangi undanfarin ár. Í ársbyrjun 2025 var haldinn opinn íbúafundur til að kynna tillöguna fyrir þennan fyrsta áfanga landsins þar sem gert er ráð fyrir u.þ.b. 1.200 til 1.300 íbúðareiningum sem skiptast munu í sérþýli og fjölbýli.

Deiliskipulag fyrsta áfanga var auglýst í janúar 2026. Meginmarkmið skipulagsins er að leggja grunn að öflugu og eftirsóknarverðu hverfi sem styrkir nærumhverfið og bætir lífsgæði þeirra sem þar eru. Rísa á blönduð byggð með áherslu á samspil náttúru og byggðar og gæði almenningsrýma. Nýtt hverfi skal hýsa lifandi starfsemi og fjölbreyttar íbúðir með góðu aðgengi að ólíkum ferðamáttum. Áhersla er lögð á vistvænar samgöngur, stíga og góðar tengingar. Blikastaðabær mun öðlast nýtt hlutverk sem lifandi miðsvæði verslunar og þjónustu.

Í allri hönnun Blikastaðalandsins verður tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og byggðin vistvottuð samkvæmt BREEAM-vistvottunarkerfinu.



Leiguskiól ehf. er fjártækni félag sem býður viðskiptavinum sínum húsaleiguábyrgðir frá Arion banka auk annarrar virðisaukandi þjónustu og rekur einnig leiguvefinn www.myigloo.is. Arion banki á 51% hlut í Leiguskióli ehf.

Leiguskiól er gott dæmi um samstarfsaðila sem bankinn hefur valið að starfa með og styður við þjónustu bankans. Leiguskiól tók þátt í Startup Reykjavík hraðlinum árið 2018. Þar hófst fjárfesting bankans í félaginu þegar bankinn eignaðist 6% hlut. Á árinu 2019 gerði bankinn samstarfssamning við félagið ásamt því að auka fjárfestingu sína í félaginu upp í 51%.

Fjárfestingin og samstarfssamningurinn við Leiguskiól eru liður í áherslu bankans á samstarf við fjártækni félag með það að markmiði að nýta grunnstöðir bankans og tengja við þá einurð og þann kraft sem felst í frumkvöðlastarfi.



Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Fjárhagsleg markmið og árangur

Arion samstæðan starfar samkvæmt skýrum fjárhagsmarkmiðum sem birt eru opinberlega. Starfsemi og rekstur samstæðunnar gekk vel á árinu 2025 þrátt fyrir margvíslegar áskoranir í ytra umhverfi. Fimmta árið í röð náði Arion markmiði sínu um arðsemi eiginfjár umfram 13%.

Árangur ársins 2025

Arion banki birtir helstu fjárhagsmarkmið bankans í kauphöll og árshlutauppgjörum bankans. Yfirlit yfir fjárhagsmarkmið fyrir árið 2025 og þann árangur sem náðist má sjá í töflunni hér til hliðar.

Arion náði arðsemismarkmiði sínu sem og markmiðum um kostnað sem hlutfall af kjarnatekjum annars vegar og kjarnatekjur sem hlutfall af áhættugrunni hins vegar. Vörður náði markmiði sínu um samsetta hlutfallið en ekki um að iðgjaldavöxtur félagsins verði umfram vöxt innlands tryggingamarkaðar.

Hlutfall almenns eiginfjárpáttar 1 var 18,4% eða 3,08 prósentustigum yfir kröfum eftirlitsaðila. Markmið bankans er að viðhalda hlutfallinu á bilinu 1,50-2,50 prósentustigum yfir kröfunum.

	Markmið	2025
Arðsemi eigin fjár	Umfram 13%	14,9%
Kjarnatekjur/áhættugrunnur	Umfram 7,2%	7,4%
Iðgjaldavöxtur Varðar	Vöxtur verði umfram vöxt innlands tryggingamarkaðar	5,5% (iðgjaldavöxtur innanlands var um 5,7% fyrstu 9 mánuði ársins)
Samsett hlutfall Varðar	Undir 95%	89,8%
Kostnaður sem hlutfall af kjarnatekjum	Lægra en 45%	42,3%
Hlutfall eiginfjárpáttar 1 yfir kröfum eftirlitsaðila	1,50-2,50% stjórnendaauki	3,08%
Arðgreiðsluhlutfall	50%	50%

Arðgreiðslur og endurkaupaáætlun bankans eru liður í því að ná þessu markmiði. Arðgreiðslustefna Arion banka kveður á um að bankinn greiði sem nemur 50% af hagnaði í arð auk þess sem frekari arðgreiðslur eða endurkaup eigin hlutabréfa geti farið fram þegar bankinn ræður yfir eigin fé sem er umfram kröfur eftirlitsaðila að viðbættum stjórnendaauka.

Stjórn bankans leggur til að arður sem nemur 11,5 krónum á hlut eða sem jafngildir um 15,3 ma.kr., að teknu tilliti til eigin bréfa bankans, verði greiddur á árinu 2026 vegna ársins 2025. Í mars 2025 greiddi Arion banki út 16,1 milljarða króna arð, sem samsvarar 11,5 krónum á hlut.

Skýr markmiðasetning lykill að árangri

Fyrir utan þessi fjárhagslegu markmið starfa bankinn, svið hans, dótturfélög og starfsfólk samstæðunnar eftir fjölþættum markmiðum. Fjöldmörg þeirra eru mikilvægur liður í kaupaukakerfum félaganna og er þróun þeirra sýnileg starfsfólki allt árið. Sem dæmi um slíka mælikvarða má nefna þekkingu á viðskiptavinum (KYC/AML), uppitíma apps og netbanka og ánægju viðskiptavina.



Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Fjárfest í Arion

Viðskipti með hlutabréf Arion banka fara fram á tveimur mörkuðum, Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm. Á þeim síðari eru bréfin skráð sem sænsk heimildarskrteini (SDR), þar sem eitt SDR jafngildir einum hlut. Hlutfé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutfjár þar sem hver hlutur er ein króna að nafnverði og veitir eitt atkvæði. Hlutabréf Arion banka hækkuðu um 20,96% og SDR í Stokkhólmi um 11,15%. Að teknu tilliti til arðgreiðslna ársins hækkuðu hlutabréf Arion banka um 30,2% og SDR um 19,7%.

Stærstu hluthafar og hreyfingar

Eftirfarandi hluthafar, sem eiga um eða yfir 1% af útgefnu hlutfé, juku eignarhald sitt í bankanum á árinu 2025: Lífswerk bætti við sig 0,55 prósentustigum, Lífeyrissjóður verzlunarmanna bætti við sig 0,49 prósentustigum og Frjálsi lífeyrissjóðurinn bætti við sig 0,47 prósentustigum. Þeir hluthafar sem minnkuðu hlut sinn mest á árinu 2025 voru Stefnir sjóðir sem minnkuðu við sig um 0,34 prósentustig, Stoðir sem minnkaði hlut sinn um 0,22 prósentustig og Birta lífeyrissjóður sem minnkaði hlut sinn um 0,18 prósentustig.


Í árslok 2025 var Lífeyrissjóður verzlunarmanna stærsti hluthafinn í Arion banka með 9,56% eignarhlut, Gildi lífeyrissjóður var annar stærsti hluthafi bankans með 9,55% eignarhlut og þriðji stærsti var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins með 9,24% hlut.

Stærstu hluthafar - 31. desember 2025	Fjöldi hluta	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	135.695.490	9,56%
Gildi lífeyrissjóður	135.565.033	9,55%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	131.147.402	9,24%
Brú lífeyrissjóður	75.719.804	5,33%
Stoðir hf.	72.000.000	5,07%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	57.726.604	4,07%
Vanguard	56.366.072	3,97%
Birta lífeyrissjóður	42.177.444	2,97%
Stapi lífeyrissjóður	41.395.889	2,92%
Festa lífeyrissjóður	37.101.422	2,61%
Hvalur hf.	36.771.350	2,59%
Arion banki hf.	36.739.576	2,59%
Lífswerk lífeyrissjóður	29.262.344	2,06%
Almenni-Lífswerk lífeyrissjóður	25.740.174	1,81%
Stefnir hf.	24.633.802	1,73%
Íslandsbanki hf.	20.473.604	1,44%
Landsbréf hf.	14.852.849	1,05%
Kjölur fjárfestingarfélag ehf.	13.834.334	0,97%
Kjálkanes ehf.	13.780.000	0,97%
Íslandssjóðir hf.	12.900.849	0,91%

Heimild: Nasdaq Iceland, Euroclear Sweden og Modular finance

Eignarhald – skipting milli landa

Í lok árs 2025 voru um 91% hluthafa íslensk. Aðrir hluthafar voru fyrst og fremst frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Noregi og Svíþjóð. Fjöldi hluthafa í Arion banka var um 10.700 í lok árs 2025.






Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Arðgreiðslur og endurkaup

Aðalfundur Arion banka í marsmánuði samþykkti að um 16,1 milljarða króna arður yrði greiddur á árinu vegna uppgjörsársins 2024 eða sem samsvarar 11,5 krónum á hlut. Á árinu 2025 keypti bankinn jafnframt eigin bréf fyrir um 6 milljarða eða 35.686.899 hluti og heimildarskírteini (SDR). Í upphafi árs nam hlutafé bankans 1.513.423.078 kr. að nafnvirði, en í árslok nam útgefið hlutafé 1.420.000.000 kr. Í árslok átti Arion banki samtals 36.739.576 eigin hluti og heimildarskírteini, sem jafngildir 2,59% af útgefnu hlutafé.

Hér má sjá arðgreiðslur og endurkaup eigin bréfa síðastliðin fimm ár.

Arðgreiðslur og endurkaup eigin hlutabréfa
Í milljörðum króna



Hlutabréfaviðskipti og árangur

Hlutabréf bankans á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hækkuðu um 21% á árinu og SDR á Nasdaq í Stokkhólmi hækkuðu um 11,2%. Sé tekið tillit til arðgreiðslna á árinu hækkuðu hlutabréf Arion banka um 30,2% og SDR í Stokkhólmi um 19,7%. Meðalvelta á árinu 2025 með hlutabréf bankans lækkaði frá fyrra ári en veltan með SDR hækkaði. Dagleg meðalvelta var um 2,83 milljónir hlutabréfa og um 50 þúsund SDR. Til samanburðar var dagleg meðalvelta um 4,16 milljónir hlutabréfa og um 31 þúsund heimildarskírteini árið 2024.

Þróun hlutabréfaverðs Arion banka og banka á Norðurlöndum

Á næstu síðu má sjá þróun hlutabréfa og SDR Arion banka á árinu 2025 og samanburð við vísitölur, valda stóra og skráða banka á Norðurlöndum sem og meðalstóra (e. mid cap) norræna banka.

Banki	Breyting	Breyting m.t.t. arðs
Jyske Bank	71,1%	78,3%
Danske Bank	56,4%	66,4%
Swedbank	47,1%	60,7%
AL Sydbank	50,0%	59,5%
Nordea	44,6%	56,0%
Sparebanken Norge	39,8%	48,4%
Aktia	34,6%	46,5%
Sparebank 1	35,3%	42,7%
SEB	28,8%	38,5%
Handelsbanken	17,6%	32,9%
DNB	24,1%	32,1%
Arion banki	21,0%	30,2%
Ringkjöbing Landsbank	27,7%	28,9%
Íslandsbanki	19,0%	25,5%
Arion SDR	11,2%	19,7%
Kvika Bank	-10,2%	17,5%

Heimild: Bloomberg og Nasdaq



Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Samanburður verðþróunar stórra banka á Norðurlöndum


Vísitölur 31.12.2024 = 100



Heimild: Bloomberg

Samanburður verðþróunar við litla og meðalstóra banka á Norðurlöndum


Vísitölur 31.12.2024 = 100



Heimild: Bloomberg

Verðþróun – hlutabréf á Íslandi, heimildarskírteini (SDR) í Svíþjóð og vísitölur

Vísitölur 31.12.2024 = 100



Heimild: Bloomberg



Stefna og framtíðarsýn
Arion samstæðan
Fjárhagsleg markmið og árangur
Fjárfest í Arion

Helstu tölur

Hlutabréf Arion banka (frá skráningu á almennan hlutabréfamarkað)	2025	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018
Hagnaður á hlut, í krónum	22,05	18,25	17,80	17,06	17,96	7,24	0,61	3,86
Arður á hlut, í krónum	11,5	9,00	8,5	15	1,74	0,00	5,00	5,00
V/H hlutfall	9,16	9,15	8,54	8,79	10,61	13,12	141,48	18,26
Markaðsvirði, ma.kr.	279	236	220	220	289	163	153	141
Markaðsvirði, ma.SEK.	20,7	19,0	15,9	16,1	20,3	10,5	11,9	9,4
Hlutabréfaverð, 31. desember, kr. á hlut	202	167	152	150	190,5	95	86,3	70,5
Hlutabréfaverð (í formi SDR), 31. desember, SEK	14,95	13,45	11,02	10,96	13,40	6,12	6,69	5,18
Hæsta hlutabréfaverð á árinu (dagslokaverð), kr. á hlut	202	167	158,5	191,5	198	95	86,3	93,6
Hæsta hlutabréfaverð á árinu (SDR dagslokaverð), SEK	14,95	13,45	12,00	14,4	13,60	6,85	6,69	8,07
Lægsta hlutabréfaverð á árinu (dagslokaverð), kr. á hlut	142	126,5	126,5	147,5	93,7	49	69,25	70,5
Lægsta hlutabréfaverð á árinu (SDR dagslokaverð), SEK	10,75	9,8	9,61	10,96	6,02	3,49	5,25	5,18
Ávöxtun í árslok, kr.	21,0%	9,87%	1,3%	-21,3%	100,5%	10,1%	22,4%	-6,0%
Ávöxtun í árslok (SDR), SEK	11,2%	22,05%	0,5%	-18,2%	119,0%	-8,5%	29,2%	-15,2%
Ávöxtun hluthafa mælt í krónum, %	30,2%	16,6%	7,74%	-13,4%	102,4%	10,1%	29,5%	0,7%
A/V hlutfall mælt í krónum, %	5,7%	5,4%	5,46%	10,0%	0,9%	0,0%	5,8%	7,1%
Meðalvelta á dag á Nasdaq Iceland (fjöldi hluta)	2.833.720	4.165.327	2.840.147	3.547.348	7.639.689	4.244.811	5.226.166	1.206.679
Meðalvelta á dag á Nasdaq Stockholm (fjöldi SDR)	49.909	30.841	41.407	198.530	331.374	648.087	1.535.434	1.289.180
Fjöldi útistandandi hluta 31. desember (milljónir hluta)	1.383	1.412	1.446	1.465	1.518	1.718	1.773	1.814
Fjöldi eigin hluta/SDR 31. desember (milljónir hluta)	36,7	100,7	13,9	45,4	141,7	12,0	41,0	186,0
Fjöldi útgefinna bréfa (milljónir hluta)	1.420	1.513	1.460	1.510	1.660	1.730	1.814	2.000

Heimild: Bloomberg, Nasdaq og Arion banki



Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Okkar þjónusta

Hjá Arion samstæðunni geta einstaklingar, fyrirtæki og fjárfestar sótt hvers kyns fjármálaþjónustu. Við bjóðum viðskiptavinum okkar fjölbreyttar sparnaðarleir í formi innlána, sjóða og verðbréfa, greiðslukort, hvers kyns fjármögnun og fjölbreytt úrval skaðatrygginga. Þá bjóðum við fyrirtækjum viðamikla ráðgjöf og einstaklingum fjölbreytta þjónustu á sviði lífeyrismála og líf- og sjúkdómatrygginga. Þjónustan er nær öll aðgengileg með þægilegum hætti í Arion appinu og netbankanum – sem gefur einstaka heildarsýn yfir fjármálin. Við leggjum jafnframt áherslu á persónulega þjónustu. Premía þjónustan okkar er gott dæmi um það en hún er sérsniðin að þörfum þeirra sem eru í umfangsmiklum viðskiptum við okkur. Premía þjónustan er jafnframt efsta þrepíð í nýju fríðindakerfi Arion samstæðunnar.

Við starfrækjum tólf útibú og afgreiðslur um land allt þar sem nálgast má þjónustu Arion banka, Varðar og Stefnis. Að auki geta viðskiptavinir haft samband við okkur í gegnum þjónustuver, netspjall eða tölvupóst.





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Einstaklingsþjónusta

48%

Hlutdeild í lánum til
viðskiptavina

51%

Hlutdeild í innlánnum
frá viðskiptavinum

Arion banki veitir einstaklingum þjónustu á flestum sviðum fjármála, hvort sem um ræðir sparnað, fjárfestingar, lífeyrisþjónustu, tryggingar, lán, greiðslur eða fjármálaráðgjöf. Náið samstarf innan Arion samstæðunnar, með Verði tryggingum og sjóðafyrirtækinu Stefni, gerir okkur kleift að veita heildstæða þjónustu og yfirsýn yfir fjármál og tryggingar á einum stað. Við bjóðum viðskiptavinum að sinna fjármálum sínum í appi, netbanka eða netspjalli auk þess sem þeir geta fengið þjónustu í tölvupósti, símtali eða með því að líta inn í eitt af útibúum okkar sem staðsett eru víðs vegar um landið. Við viljum að viðskiptavinir njóti góðs af því að vera í viðskiptum við Arion samstæðuna með nýju fríðindakerfi, Arion fríðindum. Því meiri þjónustu sem viðskiptavinir nýta, þeim mun meiri fríðinda njóta þeir.

Viðskiptavinir

Um helmingur þjóðarinnar er í einhverjum viðskiptatengslum við Arion samstæðuna. Einkum leggjum við áherslu á fjölskyldur, unga fólkið og þau sem þurfa fjölbreytta fjármálaþjónustu og sveigjanleika. Premía þjónustan er vönduð persónuleg fjármálaþjónusta sem tekur mið af þörfum viðskiptavina sem eru umsvifamiklir. Premía veitir aðgang að okkar færustu sérfræðingum, einkabankaþjónustu og sérkjörum.

Helstu atburðir ársins

Nýtt fríðindakerfi, Arion fríðindi, var kynnt til sögunnar á árinu og naut strax mikilla vinsælda meðal viðskiptavina. Í Arion appinu geta viðskiptavinir okkar nálgast yfirlit yfir fríðindi og fríðindastig ásamt því að sjá hvaða auknu fríðindi standa þeim til boða. Nýr fríðindareikningur, sem er hluti af Arion fríðindum, var kynntur síðla árs. Reikningurinn er hávaxtareikningur og ber vikulega vexti sem er nýjung á Íslandi. Að auki fara vextirnir stighækkandi eftir fjárhæð og fríðindastigi.

Samstarf Arion banka og Varðar eykst ár frá ári. Viðskiptavinir geta sótt alla fjármála- og tryggingarþjónustu í sjó sameiginlegum útibúum Arion banka og Varðar. Þá fá viðskiptavinir Arion banka, sem eru með tryggingar hjá Verði og eru í Arion fríðindum, endurgreiðslu af tryggingar-iðgjöldum ársins ef þeir eru tjónlausir í tólf mánuði. Útibú okkar á Bíldshöfða fékk á árinu nýtt og glæsilegt yfirbragð með áherslu á þægindi og góða þjónustu.

Arion banki hélt áfram að vera leiðandi í stafrænum lausnum og var Arion appið valið besta bankaappið níunda árið í röð samkvæmt könnun Maskínu.

Fjölmargir fræðslufundir voru haldnir fyrir viðskiptavinum, m.a. um fjármál og svikavarnir. Áframhaldandi árangur náðist í átaksverkefninu Konur fjárfestum en markmið þess er að efla þátttöku kvenna á fjármálamarkaði. Þátttaka í fjárfestingum er lykilatriði til að byggja upp fjárhagslegt öryggi og hafa áhrif á þróun samfélagsins. Þá stóð bankinn fyrir Arion Escape, einstöku fræðsluverkefni sem miðaði að því að opna augu fólks fyrir netsvikum, og fyrir vitundarvakningu með örþáttunum Sönn Íslensk svikamál. Í því samhengi má nefna að Arion banki starfrækir sólarhringsvakt sem viðskiptavinir geta haft samband við telji þeir sig hafa orðið fyrir barðinu á svikum. Þá setti Arion banki á laggirnar þjónustuskóla fyrir starfsfólk sem miðar að því að veita enn betri þjónustu.

Dómur Hæstaréttar í máli gegn Íslandsbanka varðandi skilmála óverðtryggðra íbúðalána á breytilegum vöxtum hafði þau áhrif að dregið var úr lánaframboði íbúðalána á síðari hluta ársins og nýtt íbúðalánaframboð kynnt. Jákvæð niðurstaða fékkst í Hæstarétti í máli gegn Arion banka er varðandi verðtryggð íbúðalán á breytilegum vöxtum þar sem rétturinn staðfesti lögmæti lánanna.

„Við erum stolt af Arion fríðindum, nýju fríðindakerfi bankans. Í appinu geta viðskiptavinir á skýran og einfaldan hátt séð á hvaða fríðindastigi þeir eru og hvað þarf til að komast upp á næsta stig. Viðtökum hafa verið afar jákvæðar og farið langt fram úr væntingum.“

Íða Brá Benediktsdóttir
Aðstoðarbankastjóri og
framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Þjónustuframboð fyrir einstaklinga

Íbúðalán

Verðtryggð og óverðtryggð lán eða blanda af hvoru tveggja. Vextir eru ýmist fastir í þrjú eða fimm ár. Lánstími er til allt að 40 ára.

Greiðslukort

Við bjóðum fjölbreytt úrval korta til að mæta mismunandi þörfum viðskiptavina. Kreditkortin okkar eru með ýmsum fríðindum, s.s. ferðatryggingum, afsláttum og vildarpunktum. Stuðningur bankans við ungt fólk endurspeglast í því að hvorki árgjöld né færslugjöld eru innheimt vegna debetkorta og Bláa kortsins séu korthafar 23 ára eða yngri. Við bjóðum einnig kortavörur eins og Premía kortin sem mæta þörfum umsvifamikilla viðskiptavina.

Bílalán

Óverðtryggð lán með veði í bílnum til allt að sjö ára. Lánsúmsókn er rafræn og gengur hratt fyrir sig.

Skammtímalán

Fá má yfirdráttarlán á debetkortareikning sem hentar ef taka þarf lán í stuttan tíma. Á kreditkortum er annars vegar hægt að dreifa reikningi eða stakri kröfu á reikningi. Núlán er óverðtryggt lán til allt að fimm ára.

Sparnaður og sjóðir

Fjölbreyttir sparnaðarreikningar eru í boði. Má þar nefna Fríðindareikninginn sem er hávaxtareikningur, hluti af Arion fríðindum, og með vikulegum vaxtagreiðslum. Framtíðarreikningur er verðtryggður reikningur sem sérstaklega er ætlaður börnum yngri en 18 ára og leggur grunn að sparnaði þeirra til framtíðar. Íbúðarsparnaður er ætlaður ungu fólki sem vill spara fyrir íbúðar kaupum og ber háa vexti. Grænn vöxtur er sparnaðarreikningur ætlaður þeim sem vilja styðja við græna framtíð. Við bjóðum að auki úrval sparnaðar- og fjárfestingarleiða sem mæta ólíkum þörfum viðskiptavina okkar, m.a. í samstarfi við sjóðafyrirtækið Stefni.

Tryggingar

Viðskiptavinum okkar bjóðast fjölbreyttar líf- og sjúkdómatryggingar, auk skaðatrygginga, hjá Verði.

Lífeyrismál

Arion banki býður upp á viðbótarlífeyrissparnað sem kallast Lífeyrisauki. Að auki má nálgast þjónustu Frjálsa lífeyrissjóðsins, skyldu- og viðbótarlífeyrissparnað, í gegnum þjónustuleiðir Arion.





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Fyrirtækjaþjónusta

52% 49%

Hlutdeild í útlánnum
til viðskiptavina

Hlutdeild í innlánnum
frá viðskiptavinum

Arion veitir fyrirtækjum fjölbreytta fjármálaþjónustu sem stuðlar að fjárhagslegu heilbrigði og sjálfbærri verðmætasköpun. Þjónustan nær til fjármögnunar, trygginga, fjármagnsskipulags, sérhæfðra lánveitinga og fyrirtækjaráðgjafar. Líkt og fyrri ár lagði bankinn áherslu á þróun stafræna lausna og innleiddi fjölmargar lausnir sem auka skilvirkni og einfalda þjónustu fyrir viðskiptavinum. Þjónustan er drifin áfram af fagmennsku og áhersla lögð á að mæta þörfum fyrirtækja með sveigjanlegum lausnum og þjónustu.

Viðskiptavinir

Arion þjónar um sautján þúsund fjölbreyttum fyrirtækjum, allt frá smáum og meðalstórum fyrirtækjum til stærri fyrirtækja með flóknari þarfir. Markmið okkar er að vera leiðandi í að veita sérhæfða þjónustu sem styður við árangur og sjálfbæran vöxt viðskiptavina okkar.

Helstu atburðir ársins

Á árinu hófum við auglýsingaherferðina Allt fyrir fjármálastjórnann til að kynna lausnir sem spara tíma, bæta yfirsýn og einfalda dagleg störf fyrirtækja. Markmiðið er að miðla þekkingu sem léttir undir með þeim sem sinna fjármálum fyrirtækja, stórum sem smáum.

Undanfarin ár höfum við lagt mikla áherslu á þróun stafræna lausna í nánú samstarfi við viðskiptavinum til að tryggja að þær mæti raunverulegum þörfum fyrirtækja. Sjálfsafgreiðsla í stafrænum dreifileiðum hefur verið lykiláhersla, þar sem hún tryggir betra aðgengi og meiri skilvirkni fyrir bæði viðskiptavinum og bankann. Þróunin skilaði góðum árangri en viðskiptavinir völdu í um 70% tilvika að stofna nýja vöru eða þjónustu í sjálfsafgreiðslu. Þetta stýttir afgreiðslutíma og gefur viðskiptavinum aukið svigrúm til að einbeita sér að verkefnum sem skapa meira virði.

Helstu nýjungar

Við kynntum á árinu nýjar lausnir sem gera fjármálaþjónustu einfaldari, skilvirkari og aðgengilegri, þar á meðal:

- Stofnun allra gerða innlánsreikninga í appi
- Stofnun orlofsreikninga í netbanka
- Sjálfvirkar lánaákvæðanir á umsóknum úr netbanka
- Rafrænar þinglýsingar skulda- og tryggingabréfa
- Öflugri innheimtuþjónusta

Jákvæð þróun varð í lánveitingum til fyrirtækja. Heildarlán til fyrirtækja jukust um 90 milljarða króna, sem samsvarar um 16% vexti. Lán til fyrirtækja nema nú meira en helmingi af heildarlánabók bankans. Á sama tíma voru sjálfbærni og samfélagsábyrgð í brennidepli með útlánnum sem falla undir sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans, m.a. í tengslum við sjálfbæran sjávarútveg, grænar byggingar og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif. Samþykktar sjálfbærar lánveitingar til fyrirtækja námu um 65 milljörðum króna í árslok.

Í lok árs var Arion banki tilnefndur sem besta vörumerkið á fyrirtækjamarkaði af vörumerkjastofunni brandr, en niðurstaðan verður kynnt í febrúar. Tilnefningin er mikilvæg viðurkenning á þeirri stefnu sem mótuð var fyrir tveimur árum, þegar ákveðið var að kynna í ríkari mæli þjónustu og lausnir bankans sem eru sérsníðnar fyrirtækjarekstir. Það er ánægjulegt að sjá þessa vinnu vekja athygli og skila árangri.

Evrópski fjárfestingarbankinn (EIB) hefur veitt Arion banka 100 milljóna evra lán til að styðja við sjálfbæran sjávarútveg, landeldi og aðrar tengdar greinar á norðurslóðum. Samningurinn er sá fyrsti sinnar tegundar frá EIB á þessu svæði og markar tímamót í fjármögnun bláa hagkerfisins eða „blue economy“. Arion hefur fjármagnað íslenskan sjávarútveg í áratugi og skapað sér sterka stöðu á norðurslóðum. Bankinn hefur

„Við leggjum áherslu á að vera traustur samstarfsaðili fyrirtækja og styðja við sjálfbæran vöxt þeirra með sveigjanlegum lausnum, faglegri ráðgjöf og alhlíða fjármálaþjónustu.“

Hákon Hrafn Gröndal
Frankvæmdastjóri fyrirtækja- og
fjárfestingarbankasviðs





Einstaklingsþjónusta

Fyrirtækjaþjónusta

Markaðir

verið leiðandi í fjármögnun fiskeldis á Íslandi og sér mikil tækifæri í áframhaldandi uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Með þessari fjármögnun frá EIB styrkir Arion banki stöðu sína enn frekar til að styðja við og efla sjálfbæra þróun í sjávarútvegi og tengdum greinum.


Árið var viðburðaríkt hjá fyrirtækjaráðgjöf

Helstu verkefni fyrirtækjaráðgjafa á árinu:

- Ráðgjafar í yfirtökuþilboði JBT í Marel sem voru ein stærstu viðskipti Íslandssögunnar
- Hlutfjárukning hjá Laxey
- Hlutfjárukning og endurfjármögnun hjá Kaldvík
- Ráðgjafar seljanda á Exeter-hótelinu við Tryggvagötu
- Ráðgjafar í kaupum stjórnenda og lykilstarfsmanna á Héðni hf.
- Sala á Arnarlandi í Garðabæ, deiluskipulagðri lóð með áætluðum 50.000 fermetrum af íbúðarhúsnæði
- Sala á ráðandi eignarhlut í Kóða til VEX, en Kóði er leiðandi félag í lausnum fyrir fjármála-markaði á Íslandi

Bankinn kom að fjölda annarra verkefna, allt eru það verkefni sem endurspeglar sterka stöðu bankans á sviði fyrirtækjaráðgjafa og færni í að aðstoða fyrirtæki við að ná markmiðum sínum.

Skipting lánaðókar eftir atvinnugreinum



Þjónustuframboð fyrir fyrirtæki

Greiðslukort

Fjölbreytt greiðslukortaframboð fyrir fyrirtæki með einfaldri rafrænni kortaumsýslu, heimildastjórnun og kvittunum sem fylgja færslum inn í bókhald.

Ábyrgðir

Skjalaábyrgðir, yfirlýsingar og bankaábyrgðir

Tryggingar

Sniðnar að þörfum ólíkra atvinnugreina:

- Framleiðsla og iðnaður
- Verslun og þjónusta
- Sjávarútvegur
- Ferðaþjónusta
- Landbúnaður
- Heilbrigðis- og sálfræðiþjónusta

Sjálfbær fjármögnun

Fjármögnun með ábyrgð frá Evrópska fjárfestingarsjóðnum (EIF).

Fyrirtækjaráðgjöf

Ráðgjöf sem snýr að stjórnun samruna og yfirtaka, virðismati og fjárfestingaráðgjöf, kaupum og sölu fyrirtækja og eigna, fjárhagslegri endurskipulagningu, áætlanagerð og umsýsningu með skráningu og útboðum í kauphöll.

Skammtíma fjármögnun

- Yfirdráttarlán
- Framkvæmdafjármögnun/ádráttarlán

Langtíma fjármögnun

- Skuldabréfalán
- Fjármögnun atvinnuhúsnæðis
- Lán til kaupa á skipum eða kvóta
- Atvinnutækjalán

Innheimtu- og félagþjónusta

Skilvirk og sjálfvirk innheimta með rafrænni kröfuumsýslu og þjónustu sem auðveldar rekstur félaga og eykur yfirsýn yfir kröfur.

Sérhæfð lán fyrir sjávarútveg og landbúnað

- Afurðalán
- Lán til landbúnaðar



Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Markaðir

1.989

Milljarða króna eignir í stýringu
og þjónustu samstæðunnar

33%

Hlutdeild í þóknatekjum
samstæðunnar

Arion veitir viðskiptavinum sínum margvíslega þjónustu á sviði markaðsviðskipta, sjóða-stýringar, lífeyrismála og eignastýringar. Við sérhæfum okkur í verðbréfamiðlun og eignastýringu fyrir einstaklinga og fagfjárfesta og í rekstri lífeyrissjóða. Stefnið, dótturfélag Arion, býður að auki upp á fjölbreytt úrval verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta jafnt sem fagfjárfesta.

Við erum framsýn og leggjum okkur fram um að skapa og finna góða fjárfestingarkosti til að ávaxta fjármuni viðskiptavina eins og best verður á kosið á hverjum tíma og skapa ávinning, m.a. með góðri þjónustu, ávöxtun, faglegum vinnubrögðum, gagnsæi og markvissri áhættustýringu.

Við viljum stuðla að fjárhagslegu heilbrigði viðskiptavina okkar og leggjum mikið upp úr því að laga þjónustuna að þörfum þeirra. Stafrænt aðgengi að stöðu, hreyfingum og sjálfsafgreiðslu er lykilatriði þegar kemur að lífeyrissparnaði og verðbréfum líkt og öðrum fjármálum og hafa viðskiptavinir okkar greiðan aðgang að þessu öllu í Arion appinu, netbanka Arion og á mínum síðum lífeyrissjóðanna. Allt eru það lausnir sem færa fjármál, þar með talin lífeyrismál, nær eigendum og auka þar með áhuga og þekkingu, öllum til hagsbóta. Við leggjum þó ekki síður

áherslu á persónulega þjónustu og er markmið okkar ávallt að veita góða og heildstæða fjármálaþjónustu.

Viðskiptavinir

Þegar kemur að mörkuðum eru viðskiptavinir okkar bæði einstaklingar og fagfjárfestar. Síðarnefndi hópurinn hefur stækkað jafnt og þétt að undanförunu.

Mikilvægur hluti af Premía þjónustu okkar fyrir umsvifamikla einstaklinga er sérhæfð einkabankaþjónusta en markmið Premía þjónustunnar er að tryggja að þeir njóti bestu mögulegu þjónustu hverju sinni. Nokkrir stærstu fagfjárfestar landsins, s.s. lífeyrissjóðir, séreignasjóðir, ýmis samtök og tryggingafélög, nýta þjónustu Arion við stýringu á eignasöfnum, ýmist að hluta til eða í heild. Enn fleiri fagfjárfestar nýta þjónustu okkar við kaup og sölu í erlendum sjóðum sem og í sjóðum Stefnis. Auk þess sinnum við verðbréfamiðlun fyrir stóran hóp innlendra og erlendra viðskiptavina bankans.

Við sérhæfum okkur í rekstri lífeyrissjóða en alls eru tæplega 140.000 sjóðfélagar með lífeyrissparnað í vörslu bankans. Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er með stærstu séreignardeild allra vörsluaðila á Íslandi, hefur átt í farsælu

samstarfi við Arion og forvera hans allt frá árinu 2001. Tæplega 35 þúsund sjóðfélagar völdu að greiða skyldu- og/eða viðbótarlífeyrissparnað í Frjálsa á árinu. Stærð sjóðsins í árslok var um 590 milljarðar króna. Lífeyrisauki, viðbótarlífeyrissparnaður Arion, er stærsti séreignarsjóður landsins. Tæplega 27 þúsund sjóðfélagar völdu að greiða viðbótarlífeyrissparnað í sjóðinn á árinu. Stærð sjóðsins í árslok var um 186 milljarðar króna. Aðrir lífeyrissjóðir í rekstri og eignastýringu hjá Arion eru EFÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og LSBÍ.

Helstu atburðir ársins

Á árinu 2025 einkenndust markaðir á Íslandi af áframhaldandi aðlögun að lægra vaxtastigi og smám saman lækkandi verðbólgu, þótt ákveðin óvissa hafi komið fram undir lok árs. Verðbólga mældist á bilinu 3,7-4,6% yfir árið en verðbólga án húsnæðis hélst lægri, eða á bilinu 2,5-3,8%. Í lok árs 2025 hafði vísitala neysluverðs hækkað um 4,5% milli ára.

Á skuldabréfamarkaði endurspegladist þessi þróun í kröfum ríkisskuldabréfa, þar sem ávöxtunarkrafa lækkaði í takt við minnkandi verðbólguvæntingar. Hækkun verðbólgu í desember stöðvaði þó lækkunarþróun kröfunnar að hluta. Þrátt fyrir þessar sveiflur var þróun

„Markviss áherslubreyting í Premía þjónustu okkar og kaupin á Arngrímsson hafa eflt þjónustuframboðið verulega og styrkt stöðu Arion – til hagsbóta fyrir verðmætustu viðskiptavinum okkar.“

Jóhann Möller
Frankvæmdastjóri markaða





kröfu og verðþróun skuldabréfa í heild nokkuð stöðug á árinu.

Á innlenda hlutabréfamarkaðnum var þróunin misjöfn. Gengi nokkurra félaga hækkaði verulega frá áramótum en hjá öðrum lækkaði það umtalsvert. Mest hækkaði gengi Arion banka á árinu en gengi Alvotech lækkaði mest. Heilt yfir lækkaði OMXIGI-vísitalan, mælt í íslenskum krónum, en þróunin skýrðist að stórum hluta af verulegri lækkun á gengi Alvotech. Á sama tíma sýndu erlendir hlutabréfamarkaðir mun sterkari þróun, þar sem vísitölur á borð við S&P 500 og MSCI World hækkuðu umtalsvert mælt í erlendri mynt.

Aukin óvissa tengd tollastefnu Bandaríkjaforseta var ríkjandi á árinu, sem leiddi til talsverðra sveiflna á bæði innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Þótt markaðir hafi lækkað í kjölfarið náðu erlendir markaðir að jafnaði hraðari bata á árinu en íslenski hlutabréfamarkaðinn.

Viðskipti með hlutabréf á Nasdaq Iceland drógust saman um tæp 16% milli ára. Arion var í þriðja sæti í hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði Nasdaq Iceland eftir að hafa vermt fyrsta sætið níu ár í röð. Velta Arion með innlend hlutabréf var um 318 milljarðar króna sem

samsvarar 15,1% markaðshlutdeild.

Viðskipti með innlend skuldabréf voru lífleg á árinu og jukust um 12% milli ára. Arion var í þriðja sæti í hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði Nasdaq Iceland. Velta Arion var um 648 milljarðar króna sem samsvarar 17,7% markaðshlutdeild. Þá var Arion í þriðja sæti í samanlagðri hlutdeild kauphallaraðila árið 2025.

Miðlun Arion var annar af tveimur stærstu söluaðilum í stærstu einstöku viðskiptum ársins í kauphöll, þ.e. sölu ríkisins á eignarhlut í Íslandsbanka. Nýjum skuldabréfaútgefendum fjölgaði og er Arion nú leiðandi í útgáfu og sölu skuldabréfa sveitarfélaga.

Kaup Arion banka á Arngrimsson Advisors gengu í gegn á fyrri hluta ársins en við það jukust eignir í þjónustu umtalsvert. Með kaupnum fjölgaði enn frekar þeim valkostum sem Arion býður bæði fagfjárfestum og einstaklingum þegar kemur að fjárfestingum í erlendum sjóðum, sérstaklega á sviði sérhæfðra fjárfestinga.

Við höldum áfram að vera leiðandi í stafrænum lausnum og í ár breyttu Arion og Stefnir leiknum í sjóðaviðskiptum í appi og netbanka með því að fella niður kaupþóknun og afgreiðslugjald. Þessi

breyting veitir viðskiptavinum enn meira frelsi til sparnaðar í sjóðum, óháð fjárhæð, en ekki er lengur gerð krafa um lágmarkskaup. Fjöldi reglubundinna áskrifta í sjóðum Stefnis hefur aukist verulega og aldrei verið meiri. Þá hefur verkefnið Konur fjárfestum skilað töluvert auknum viðskiptum kvenna, en það á reyndar við hvert sem lítið er innan Arion samstæðunnar.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hélt áfram að njóta mikillar velgengni og vann á árinu til verðlauna á alþjóðavettvangi í sextánda sinn er hann var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum uppbygging lífeyrissjóða (e. Defined Contribution and Hybrid Strategies) af hinu virta fagtimariti Investment Pension Europe.

Lífeyrissjóður tannlækna óskaði eftir sameiningu við Frjálsa lífeyrissjóðinn og Lífeyrissjóður bænda, sem verið hefur í eignastýringu hjá Arion undanfarin ár, er nú einnig í samrunaviðræðum við Frjálsa. Um 360 sjóðfélagar greiddu í Lífeyrissjóð tannlækna á árinu 2024 en heildarfjöldi sjóðfélaga er 458. Stærð sjóðsins í árslok 2024 var um 10,6 milljarðar króna. Um 1.820 sjóðfélagar greiddu í Lífeyrissjóð bænda á árinu 2024 en heildarfjöldi sjóðfélaga er um 10.600. Stærð sjóðsins í árslok 2024 var um 45,6 milljarðar króna.

Jafnframt endurnýjuðu Arion og Frjálsi rekstrar- og eignastýringarsamning til lengri tíma enda hefur samstarf undanfarinna áratuga verið afar farsælt.

Viðbótarsparnaður Frjálsa og Lífeyrisauki, viðbótarsparnaður Arion, telja nú bæði inn í Premíu og fríðindakerfið Arion fríðindi.

Premía er í mikilli sókn. Þjónustan hélt áfram að styrkjast og stækka á árinu og fjölgaði viðskipta- vinum verulega.

Tekin voru mikilvæg skref í stafrænni umbreytingu þjónustunnar á árinu og meðal annars hafist handa við að innleiða nýtt eignastýringar- og verðbréfakerfi. Auk þess voru gerðar miklar umbætur í þróun og verkefna- stýringu sem og í gæðamálum. Allt miðar þetta að aukinni festu og stöðugri árangri.





Einstaklingsþjónusta
Fyrirtækjaþjónusta
Markaðir

Þjónustuframboð fyrir einstaklinga og fagfjárfesta

Arion Premía

Premía þjónusta Arion gengur út á persónulega fjármálaþjónustu sem mætir þörfum þeirra sem eiga í fjölbreyttum og umsvifamiklum viðskiptum við Arion samstæðuna. Auk forgangs í hefðbundinni bankaþjónustu, og hagstæðra innlána-, útlána- og kreditkortakjara, býður Arion slíkum viðskiptavinum upp á einkabankaþjónustu og fjárstýringu.

Premía einkabankaþjónusta

Viðskiptastjóri heldur utan um eignasafn viðskiptavinar, fylgist náið með hreyfingum á markaði og fjárfestir samkvæmt fjárfestingarstefnu að vali viðskiptavinar. Eignaráðgjöf og fjárfestingarráðgjöf eru einnig í boði.

Premía fjárstýring

Viðskiptavinir fá aðgang að öllum helstu sérfræðingum bankans auk tveggja viðskiptastjóra. Þjónustan er nýjung á Íslandi hvað varðar gæði og umfang. Um er að ræða heildarlausn sem byggist á persónulegri nálgun og er sérsniðin að hverjum þeim sem er með yfir einn milljarð króna í eignastýringu hjá Arion.

Sjóðastýring

Sjóðastýring er í höndum Stefnis, dótturfélags Arion. Stefnir stýrir fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta.

Markaðsviðskipti

Sérfræðingar okkar í markaðsviðskiptum veita aðstoð við og hafa milligöngu um viðskipti með skráð verðbréf á öllum helstu verðbréfamörkuðum heims og býðst viðskiptavinum, innlendum sem erlendum, að nýta sér þá þjónustu.


Rekstur lífeyris- og séreignarsjóða

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er í rekstri og eignastýringu hjá Arion banka og býður sjóðurinn upp á bæði skyldu- og viðbótarlífeyrissparnað. Arion banki býður upp á viðbótarlífeyrissparnað sem kallast Lífeyrisauki. Aðrir lífeyrissjóðir í rekstri og eignastýringu hjá Arion eru EFÍA, Lífeyrissjóður Rangæinga og LSBÍ.

Eignastýring og þjónusta við fagfjárfesta

Við sinnum eignastýringu fagfjárfesta með því að veita þeim umfangsmikla og persónulega þjónustu. Áhersla er lögð á klæðskerasniðna eignastýringarþjónustu, fagleg vinnubrögð og virka eignastýringu. Auk þess sinnir Arion víðtækri og persónulegri aðstoð við fleiri fagfjárfesta vegna fjárfestinga í sjóðum samstarfsaðila, jafnt innlendum sem erlendum, og vinnur ötullega að því að leita frekari fjárfestingarkosta í takt við þróun markaða.

Heildareignir í stýringu og þjónustu Arion samstæðunnar
Milljarðar króna





Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Okkar afkoma og áhættustýring

Afkoma Arion samstæðunnar á árinu 2025 nam 30,6 milljörðum króna og arðsemi eiginfjár var 14,9%. Fjölbreytni tekjustoða gegnir áfram lykilhlutverki í árangri samstæðunnar. Arion banki er sem fyrr fjárhagslega sterkur og eru eiginfjárlutfall og hlutfall almenns eiginfjárpáttar 1 vel umfram þær kröfur sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir sem og ákvæði í lögum. Lausafjárstaða bankans er einnig afar sterk og vel yfir lögbundnum kröfum. Bankinn hélt á árinu áfram að efla stöðu sína á erlendum og innlendum lánsfjármörkuðum og fjölga fjármögnunarkostum.

Mikilvægur þáttur í starfsemi bankans og ábyrgð hans gagnvart samfélaginu er að stýra áhættu og taka upplýstar ákvarðanir. Áhættustýring og innra eftirlit eru því grundvallarþáttur í starfi bankans og árangri.






Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Ársreikningur og helstu fjárhagsniðurstöður

Hagnaður ársins
í milljörðum króna




Hagnaður hluthafa Arion banka á árinu 2025 nam 30,6 milljörðum króna samanborið við 26,1 milljarð króna á árinu 2024. Arðsemi eigin fjár var 14,9% samanborið við 13,2% á árinu 2024.

Árið einkenndist af auknum tekjum á flestum lykilsviðum. Þannig jukust hreinar vaxtatekjur um 6,2 milljarða króna, hreinar þjónustutekjur jukust um 1,8 milljarða króna en tekjur af váttryggingar-samningum lækkuðu lítillega. Hreinar fjármuna-tekjur lækkuðu um 1,8 milljarða króna milli ára en aðrar tekjur jukust verulega eða um 5,7 milljarða króna. Rekstrarkostnaður stóð nokkuð í stað milli ára en virðisrýrnun láanabókar jókst um 1,9 milljarða króna. Kjarnatekjur hafa hækkað um 12,3% milli ára, en þær eru skilgreindar sem hreinar vaxtatekjur, hreinar þjónustutekjur og tekjur af váttryggingum að frádregnum rekstrarkostnaði trygginga.



Ársreikning Arion banka
2025 má lesa hér.

Hreinar vaxtatekjur
í milljörðum króna




Rekstrartekjur námu 78,4 milljörðum króna samanborið við 66,5 milljarða króna á árinu 2024, sem er 18% hækkun milli ára.

Hreinar vaxtatekjur hækkuðu um 13,5% frá árinu 2024. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,2% samanborið við 3,1% á árinu 2024. Meðalstaða vaxtaberandi eigna hækkaði um 143 milljarða króna milli ára eða sem nemur um 9,2%, einkum útlán, en á sama tíma hækkuðu vaxtaberandi skuldir um 125 milljarða króna eða 9,2%, einkum lántaka og innlán.

Meginvextir Seðlabankans voru 7,25% í árslok en voru 8,50% í árslok 2024. Hátt vaxtastig hefur umtalsverð áhrif, bæði á eigna- og skuldahlið. Verðbólga dróst saman á árinu. Ársverðbólga mældist 3,70% í árslok en var 4,75% í árslok 2024. Verðtryggingarójöfnuður jókst nokkuð á árinu, var 209 milljarðar króna samanborið við 168 milljarða króna í árslok 2024.

Gera má ráð fyrir sveiflum í vaxtamun vegna aukins verðtryggingarójöfnuðar, en að jafnaði sé vaxtamunur í kringum 3% en þó líklega lítillega yfir til skemmri tíma lítið.

Hreinar þjónustutekjur
í milljörðum króna



Hreinar þjónustutekjur hækkuðu um 11,6% á milli ára. Mesta hækkunin var vegna þjónustutekna fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs, en þar hækkuðu þjónustutekjur um 31,3% milli ára, einkum vegna stórra verkefna sem sviðið tók að sér á árinu sem og vegna mikilla umsvifa í lánveitingum. Í fjárstýringu jukust tekjur af gjaldeyrismiðlun um rúm 18% og þjónustutekjur í eignastýringu jukust um 7,0% milli ára á meðan eignir í stýringu jukust um 10,3%. Ástæða fyrir minni fylgni eigna og þjónustutekna er m.a. breytt viðskiptamódel sem hefur þróast í átt að lægri hlutfallstekjum af þeim eignum sem stýrt er. Þjónustutekjur af viðskiptabankastarfsemi hafa staðið í stað eða lækkað á liðnum árum, þar sem sjálfvirkni og mikil samkeppni hafa haft áhrif. Þannig lækka þjónustutekjur viðskiptabankasviðs um 6,1% milli ára, m.a. vegna breyttra reglna um þjónustugjöld fyrir erlendar greiðslur og aukinna endurgreiðslna í fríðindakerfi.

„Starfsemi Arion samstæðunnar gekk vel á árinu og fimmta árið í röð skilum við arðsemi eiginfjár umfram markmið. Fjölbreyttar tekjustoðir styðja við stöðugan rekstur og jafnvægi í tekjum. Við leggjum áherslu á sterka fjárhagsstöðu og varkára fjármögnunarstefnu í ljósi óvissu í ytra umhverfi.“

Ólafur Hrafn Höskuldsson
Frankvæmdastjóri fjármálasviðs






Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður

Fjármögnun og lausafjárstaða

Áhættustýring og innra eftirlit

Vátryggingartekjur Varðar
í milljörðum króna




Afkoma af vátryggingarsamningum nam 2.111 milljónum króna á árinu 2025 samanborið við 2.166 milljónir króna á árinu 2024. Tekjur af vátryggingasamningum hækkðu um 5,5% frá 2024 en tjónakostnaður um 5,0%. Samsett hlutfall á árinu 2025 nam 89,8% samanborið við 88,9% á árinu 2024.

Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur voru jákvæðar sem nemur 5,5 milljörðum króna en voru neikvæðar um 0,2 milljarða króna á árinu 2024. Helsta ástæða góðrar afkomu á árinu er virðisbreyting og söluhagnaður af fjárfestingareignum í Arnarlandi ehf., en 51% eignarhlutur í félaginu var seldur undir lok árs.

Hreinar fjármunatekjur
í milljörðum króna




Hreinar fjármunatekjur námu 1,1 milljarði króna á árinu 2025, samanborið við 2,8 milljarða króna á árinu 2024. Markaðsaðstæður voru mjög erfiðar framan af ári, einkum hlutabréfamarkaðir, en jákvæðar verðbreytingar voru á síðari hluta ársins, bæði af hlutabréfum og skuldabréfum. Hagnaður varð af skuldabréfaeign, afleiðum og gjaldmiðlum en tap af hlutabréfaeign, reiknuðum áhrifum vátryggingasamninga og lánum á gangvirði.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður, eins og hann birtist í rekstrarreikningi, nam samtals 28,2 milljörðum króna samanborið við 28,3 milljarða króna á árinu 2024, sem samsvarar 0,3% lækkun milli ára. Ef horft er til heildarrekstrarkostnaðar, þar sem kostnaður af tryggingastarfsemi er tekinn með, var hann 31,9 milljarðar króna samanborið við 31,7 milljarða króna árið 2024 eða 0,6% hækkun. Kostnaður sem hlutfall af kjarnatekjum nam 42,3% samanborið við 47,2% árið 2024 á meðan hefðbundið kostnaðarhlutfall var 36,0% en var 42,6% árið 2024.


Rekstrarkostnaður
í milljörðum króna



Laun og launatengd gjöld námu 19,2 milljörðum króna sem er 2,8% hækkun frá fyrra ári. Sú hækkun er einkum tilkomin vegna fjölgunar starfsmanna, einkum í upplýsingatækni og innra eftirliti en á móti lækkar kostnaður við árangurstengt kaupaukakerfi. Stöðugildi hjá samstæðunni voru 901 í árslok en 858 í árslok 2024, sem samsvarar um 5,1% fjölgun milli ára. Gjaldfærður kostnaður við kaupaukakerfi nam 1,3 milljörðum króna á árinu 2025 samanborið við 1,8 milljarða króna árið áður, lækkun vegna breyttrar aðferðafræði við gjaldfærslu frestaðs kaupauka.

Annar rekstrarkostnaður nam 12,7 milljörðum króna á árinu 2025 sem er 2,6% lækkun frá 2024. Lækkunin milli ára skýrist einkum af sekt í kjölfar sáttar sem bankinn gerði við Fjármálaeftirlitið í júní 2024 að fjárhæð 585 milljónir króna. Aðkeypt sérfræðiþjónusta, markaðskostnaður og skrifstofukostnaður hækkðu nokkuð milli ára en í flestum tilvikum minna en verðlagshækkun, sem nam tæpum 4% á árinu.

Skattar
í milljörðum króna



Hrein virðisbreyting var neikvæð um 3,1 milljarða króna á árinu 2025 samanborið við 1,1 milljarð króna á árinu 2024. Út frá því reiknast niðurfærsla á lánasafnið 0,24% á árinu, en var 0,09% á árinu 2024. Útreikningar áhættustýringar gera ráð fyrir 0,20-0,25% árlegri niðurfærslu að jafnaði yfir líftíma og hefur niðurfærsla síðustu ára verið nokkuð undir því.

Tekjuskattur ársins nam 12,5 milljörðum króna samanborið við 8,9 milljarða króna árið 2024 sem samsvarar um 40% hækkun milli ára. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi 2025, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall var 27,7% samanborið við 25,4% árið 2024. Tekjuskattshlutfall sveiflast einkum vegna breyttrar samsetningar á tekjum, þar sem t.d. söluhagnaður og virðishækkun hlutabréfa er ekki skattskyld. Í myndinni hér að ofan má sjá þá skatta sem Arion banki greiðir líkt og stærri íslensk fjármálafyrirtæki.

**Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður**

Fjármögnun og lausafjárstaða


Áhættustýring og innra eftirlit

**Efnahagsreikningur**

Heildareignir samstæðu Arion banka jukust um 8,5% frá árslokum 2024, þar sem fjármögnun lána til viðskiptavina og aukning í lausu fé var helsta ástæða breytinga milli ára.

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands og lán til lánastofnana námu 173 milljörðum króna í árslok 2025 og hækkuðu um 22,9 milljarða króna eða um 15,3% frá árslokum 2024. Lausafjárstýring og staða fjármögnunar er meginskýring breytinga á þessum liðum.


Lán til viðskiptavina námu 1.329 milljörðum króna í árslok 2025 sem er 8,0% hækkun frá árslokum 2024. Lán til fyrirtækja jukust um 8,0% á árinu og eru þau um 51,8% lánabókarinnar í árslok, en voru 48,0% í árslok 2024. Dreifing fyrirtækjalána bankans er í takt við efnahagsumhverfið. Lán til einstaklinga jukust um 0,2% á árinu þar sem íbúðalán eru ráðandi hluti og eru lán til einstaklinga í árslok um 48,2% lánabókarinnar, lækka úr 52% í árslok 2024. Í árslok eru 43,4% útlána íbúðalán til einstaklinga, nokkru lægra en var í árslok 2024 eða 46,4%. Aukin samkeppni á íbúðalánamarkaði, einkum frá lífeyrissjóðum, er helsta skýringin á lækkun hlutfalls íbúðalána í heildarlánasafni bankans.

Lán viðskiptavina eftir atvinnugreinum




Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit


Lán til viðskiptavina



Verðbréfaeign
í milljörðum króna



Skuldir og eigið fé
í milljörðum króna



Heilbrigði lánabókarinnar er áfram gott. Hlutfall vandræðalána, sem skilgreind hafa verið sem lán með sértæka niðurfærslu, var í árslok 2025 2,4% og hækkaði úr 2,3% í árslok 2024. Hækkunin er óveruleg en hefur bæði verið í lánum til fyrirtækja og einstaklinga.


Verðbréfaeign nam 215,8 milljörðum króna í árslok 2025 samanborið við 206,4 milljarða króna í árslok 2024. Breytingin í heild sinni nemur um 4,6% eða um 9,4 milljörðum króna en aukningin hefur ekki síst átt sér stað í skuldabréfum í lausafjár safni bankans.

Skuldir samstæðu Arion banka jukust um 9,0% frá árslokum 2024. Eigið fé hluthafa Arion banka hækkaði um 5,2% frá árslokum 2024. Eigið fé hækkaði vegna afkomu ársins, sem var 30,6 milljarðar króna, en lækkaði vegna endurkaupa á eigin bréfum og arðgreiðslu, samtals að fjárhæð 22,1 milljarðar króna.






Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit



Innlán

Innlán frá viðskiptavinum námu 921,1 milljörðum króna í árslok 2025 og jukust um 7,4% frá árslokum 2024. Hlutfall lána á móti innlánnum var 144% í árslok 2025 og hækkaði úr 143% í árslok 2024. Samsetning innlána heldur áfram að þróast með hagfelldum hætti á þann veg að stærri hluti innlána er nú frá einstaklingum, smærri fyrirtækjum og fyrirtækjum með önnur viðskipti hjá bankanum en hlutfall stofnanafjárfesta hefur lækkað. Hlutfallslega varð mest aukning í innlánnum einstaklinga eftir að farið var af stað með nýjan sparnaðarreikning, Friðindareikninginn, sem er eingöngu fyrir meðlimi friðindakerfis bankans. Innlán eru, nú sem áður, mikilvægasta fjármögnun bankans en samkeppni er mjög mikil í fremur háu vaxtaumhverfi.



Lántaka

Lántaka bankans nam 494,8 milljörðum króna í árslok 2025, sem er 14,2% hækkun frá árslokum 2024. Hækkunina má einkum rekja til fyrirframfjármögnunar útgáfu sem er á gjalddaga í maí 2026, en lokið var við um 43 milljarða króna útgáfu í evrum í ágúst. Bankinn var virkur í útgáfu sinni, bæði á Íslandi í útgáfu á sértryggtum skuldabréfum og í óveðtryggtum útgáfum á alþjóðlegum mörkuðum en nýjar útgáfur voru að mestu nýttar til að greiða upp eldri útgáfur sem voru komnar á eða nálguðust gjalddaga. Endurgreiðsluferli lántöku óveðtryggðar útgáfu í krónum og evru er nokkuð vel dreift. Bankinn stendur vel þegar kemur að endurfjármögnun sem sterkur útgefandi sértryggðra bréfa á íslenskum markaði og reglulegur útgefandi á alþjóðlegum mörkuðum.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka nam 43,5 milljörðum króna í árslok samanborið við 44,5 milljarða króna í árslok 2024. Í júní gaf bankinn út Tier 2 skuldabréf upp á um 10 milljarða króna, sem nýttir voru til að greiða upp aðrar víkjandi útgáfur sem komnar voru að gjalddaga.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 217,4 milljörðum króna í árslok 2025 samanborið við 207,1 milljarða í árslok 2024. Breytinguna má einkum skýra með afkomu ársins að fjárhæð 30,6 milljarðar króna en til lækkunar koma kaup á eigin hlutabréfum bankans og arðgreiðsla, samtals að fjárhæð 22,1 milljarður króna. Hlutfall almenns eiginfjárbáttar hjá bankanum nam 18,4% í lok árs 2025, samanborið við 18,2% í árslok 2024. Vogunarhlutfall var 11,4% í árslok 2025 samanborið við 12,2% í árslok 2024 og er, þrátt fyrir lækkun, mjög hátt í öllum samanburði á alþjóðlegum bankamarkaði. Við útreikning eiginfjárlutfalla er tekið tillit til fyrirhugaðrar arðgreiðslu að fjárhæð 15,3 milljarða króna í kjölfar aðalfundar í mars 2026 og endurkaupa á eigin bréfum að fjárhæð 5 milljarða króna, en sú endurkaupaáætlun er nú þegar í framkvæmd eftir samþykkt hjá stjórn og Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Bankinn hefur sett sér markmið um að almennt eigið fé þáttar 1 sé að jafnaði 1,5-2,5 prósentustigum umfram kröfu eftirlitsaðila og er núverandi staða á bilinu 0,58-1,58 prósentustigum umfram það markmið.



Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Fjármögnun og lausafjárstaða

Á árinu 2025 hélt bankinn áfram að styrkja stöðu sína á erlendum og innlendum mörkuðum með aukinni fjölbreytni fjármögnunarkosta. Á erlendum mörkuðum gaf bankinn út almenn skuldabréf í evrum, dollurum, norskum krónum og sænskum krónum. Sömuleiðis voru gefin út græn skuldabréf í norskum og sænskum krónum. Innanlands gaf bankinn út sértryggt skuldabréf fyrir 18,5 milljarða króna og hélt áfram útgáfu almennra skuldabréfa í íslenskum krónum. Bankinn gaf sömuleiðis út víkjandi skuldabréf í íslenskum krónum sem teljast til eiginfjárbáttar 2.

Moody's staðfesti A3 lánshæfismat bankans fyrir almenn ótryggt skuldabréf sem og A2 lánshæfismat fyrir langtímainnlán og voru horfur metnar stöðugar. Lausafjárstaða bankans er sterk en lausafjárþekjuhlutfall er 199% og fjármögnunarhlutfall 118% við árslok.


Skuldabréfaútgáfur á erlendum mörkuðum

Í janúar gaf bankinn út almenn skuldabréf að fjárhæð 350 milljónir norskra króna og 250 milljónir sænskra króna. Skuldabréfin eru til þriggja ára og bera breytilega vexti sem nema 111 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti í norskum krónum og 113 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti í sænskum krónum. Umsjónaraðili útgáfunnar var Nordea.

Í febrúar gaf bankinn út almenn skuldabréf til fimm ára að fjárhæð 300 milljónir evra. Skuldabréfin bera 3,625% fasta vexti sem jafngilda 130 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum. Veruleg eftirspurn var eftir bréfunum, en hún var fjórum sinnum meiri en framboð, frá yfir 140 fjárfestum. Endanleg tilboðsbók nam um 1,3 milljörðum evra. Umsjónaraðilar útgáfunnar voru Barclays, Deutsche Bank, J.P. Morgan og Nomura.

Í júní gaf bankinn út græn almenn skuldabréf að fjárhæð 600 milljónir norskra króna og 900 milljónir sænskra króna. Skuldabréfin eru til 2,5 ára og bera breytilega vexti sem nema 117 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti í norskum krónum og 120 punkta álagi á þriggja mánaða millibankavexti í sænskum krónum. Útgáfan fellur undir sjálfbæra fjármálaumgjörð Arion banka og voru umsjónaraðilar hennar DNB Carnegie, Nordea og Swedbank.

Í ágúst gaf Arion banki út almenn skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra til 6 ára. Skuldabréfin bera 3,50% vexti sem jafngilda 120 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum. Umtalsverð eftirspurn var eftir bréfunum, tæplega 5 sinnum meiri en framboð. Yfir 105 fjárfestar, frá yfir 20 löndum í Evrópu og Asíu, gerðu tilboð í bréfin. Endanleg tilboðsbók nam rúmlega 1,45 milljörðum evra. Umsjónaraðilar útgáfunnar voru ABN AMRO Bank, BofA Securities Europe, Citigroup Global Markets Europe og UBS Europe.





Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Skuldabréfaútgáfur á innlendum mörkuðum


Arion banki hélt áfram útgáfu á almenna skuldabréfaflokknum ARION 28 1215 og gaf út bréf fyrir 4.860 milljónir króna í byrjun árs. Heildarstærð flokksins er 16,9 milljarðar króna.

Í júní gaf bankinn út nýjan flokk víkjandi skuldabréfa sem teljast til eiginfjárbáttar 2 (e. Tier 2). Gefin voru út bréf fyrir 10,0 milljarða króna á ávöxtunarkröfunni 5,09%. Flokkurinn er verðtryggður með vaxtagreiðslum tvisvar á ári. Lokagjaldldagi er í desember 2036, með innköllunarheimild af hálfu útgefanda í desember 2031 og á öllum vaxtagjaldldögum þar á eftir.


Arion banki hélt áfram útgáfu sinni á sértryggðum skuldabréfum sem tryggð eru samkvæmt lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Á árinu 2025 voru gefin út sértryggð skuldabréf fyrir 18,5 milljarða króna, þar af 960 milljónir til eigin nota.

Arion banki endurnýjaði samninga við Kviku, Íslandsbanka og Landsbankann um viðskiptavakt á sértryggðum skuldabréfum á Nasdaq Iceland útgefnum af Arion banka. Tilgangur samninganna er að efla viðskipti með markflokka sértryggðra skuldabréfa sem eru útgefin af bankanum.

Samsetning fjármögnunar



Endurgreiðsluferill fjármögnunar í milljörðum króna






Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit



Aaa	Aa1	Aa2	Aa3	A1	A2	A3	Baa1	Baa2	Baa3	Ba1	Ba2
-----	-----	-----	-----	----	----	----	------	------	------	-----	-----



Sértryggð skuldabréf Arion banka
Íslenska ríkið



Almenn ótryggð skuldabréf Arion banka
Vikjandi eiginfjárpáttar 2 skuldabréf Arion banka
Vikjandi viðbótar eiginfjárpáttar 1 skuldabréf Arion banka

Lánshæfismat

Á árinu 2025 staðfesti Moody's A3 lánshæfismat bankans fyrir almenn ótryggð skuldabréf sem og A2 lánshæfismat fyrir langtímainnlán, með stöðugum horfum. Að auki hélt bankinn Aa1 lánshæfismati fyrir sértryggð skuldabréf sem og P-1 lánshæfismati fyrir skammtíma innlán. Þessar niðurstöður endurspeglar væntingar Moody's um að afkoma bankans byggist áfram á fjölbreyttum tekjustoðum næstu 12–18 mánuði, sem og að mögulegur samruni við Kviku muni ganga vel fyrir sig.

Lausafjárstaða og lausafjárahætta

Bankinn er fjármagnaður að stórum hluta með innlánum frá einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum. Eitt af meginmarkmiðum Arion banka er að viðhalda sterku lausafjárþekjuhlutfalli (e. liquidity coverage ratio, LCR) til að styðja við stefnu og framgang bankans.

Lausafjárþekjuhlutfallið, sem er reiknað samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands og evrópskum reglum byggðum á Basel III staðlinum, tekur á áhættupáttum sem snerta kvikleika innlána og tímamismisvægi eigna og skulda.

Í árslok 2025 var lausafjárþekjuhlutfall bankans 199% og í evrum var hlutfallið 288%, sem er vel yfir þeim mörkum sem reglur Seðlabankans kveða á um.

Fjármögnunarhlutfall bankans (e. net stable funding ratio, NSFR) var 118% í árslok 2025. Hlutfallið vegur tiltæka stöðuga fjármögnun bankans gagnvart nauðsynlegri stöðugri fjármögnun samkvæmt aðferð sem tekur m.a. tillit til seljanleika eigna og gjalddaga skulda. Há hlutföll draga fram styrka fjármögnun bankans og getu til að styðja við útlánastarfsemi hans í framtíðinni.



Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring og innra eftirlit

Margs konar áhætta er samofin daglegri starfsemi Arion banka sem fjármálafyrirtækis. Mikilvægur þáttur í starfsemi bankans og ábyrgð hans gagnvart samfélaginu er að stýra áhættu og taka upplýstar ákvarðanir. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi bankans. Stefna bankans er að hafa virka áhættustýringu sem felur í sér að greina og mæla verulega áhættu og grípa til aðgerða ef hún fer út fyrir skilgreind mörk.

Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og samþykkir áhættustefnur sem tiltaka m.a. umgjörð, stjórnarhætti og viðeigandi eftirlitskerfi. Áhættustýring dótturfélaga er á ábyrgð stjórna viðkomandi dótturfélaga. Fyrir móðurfélagið


(bankann) ákvarðar stjórn bankans áhættuvilja. Áhættuviljinn er settur fram á formi yfirlýsingar ásamt mælanlegum mörkum á áhættuþáttum sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Tryggt er að stefnur, viðskiptaáætlun og heimildarráttar séu í samræmi við áhættuvilja.

Bankastjóri ber ábyrgð á að viðhalda skilvirku áhættustýringarkerfi, ferli og eftirliti, svo og að viðhalda sterkri áhættumenningu þannig að áhætta sé viðfangsefni alls starfsfólks. Bankinn starfar eftir þriggja línu líkaninu í samræmi við stefnu bankans um innra eftirlit.

Markvisst var unnið að því á árinu að auka samvinnu eftirlitseininga og tryggja þannig sameiginlega yfirsýn og skilvirkni í eftirliti.

Einingarnar hafa sömuleiðis lagt áherslu á eigin sýnileika innan bankans, og stuðla með því að eflingu áhættumenningar.

Áhættunefnd stjórnar bankans sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir hönd stjórnar hvað varðar áhættustýringarkerfi bankans og áhættuvilja, og gætir samræmis við viðskiptaáætlun, markmið og gildi bankans. Nefndin ber einnig ábyrgð á innra mati á eiginfjár- og lausafjárþörf. Lánanefnd stjórnar tekur ákvarðanir um lánaþyrirgreiðslur, sölutryggingar og fjárfestingar sem falla utan heimilda bankastjóra og gefur stjórn ráðgjöf í þeim málum sem fela í sér áhættu umfram skilgreindan áhættuvilja.



„Áhætta er órjúfanlegur hluti af starfsemi bankans - hún er í raun forsenda hennar. Hvort sem um er að ræða útlána- og fjárfestingarstarfsemi, greiðslur eða tækniinnviði, þá fylgir áhætta hverri einustu aðgerð. Stjórnun bankans felst ekki í því að sneiða hjá áhættu, heldur í að greina hana af nákvæmni, verðleggja hana rétt og tryggja virkt eftirlit og stýringu.“

Úlfar Freyr Stefánsson
Framkvæmdastjóri áhættustýringar






Ársreikningur og fjárhagsniðurstöður
Fjármögnun og lausafjárstaða
Áhættustýring og innra eftirlit

Bankastjóri hefur skipað fimm áhættunefndir sem taka til lykiláhættuþátta í rekstri bankans. Eigna- og fjárhagsskuldbindinganefnd stýrir áhættu sem stafar af misvægi eigna og skulda; lausafjárahættu, markaðsáhættu, vaxtaáhættu og eiginfjárstýringu. Nefndin tekur jafnframt ákvarðanir um sölutryggingar og fjárfestingar. Hlutverk rekstraráhættunefndar er að tryggja skilvirka stýringu rekstraráhættu innan bankans í samræmi við áhættuvilja og lagalegar kröfur. Nefndin ber ábyrgð á að stýra ófjárhagslegri áhættu, þar með talið upplýsingaöryggis- og gagnaáhættu, fjármunabrotum, viðskiptaferlum, útvistun, líkanaáhættu, hlítungaráhættu og háttsemisáhættu.

Lánanefnd Arion banka tekur ákvarðanir um lánaþyrirgreiðslur og hefur umsjón með lánaþreglum bankans, en nauðasamnings- og niðurfellingarnefnd tekur ákvarðanir um nauðasamninga og niðurfellingar. Báðar nefndir starfa innan þeirra heimilda sem lánanefnd stjórnar ákvarðar. Sjálfbærninefnd bankans tryggir að stefna bankans og ákvarðanir séu í samræmi við skuldbindingar bankans í tengslum við umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti. Nefndin hefur m.a. umsjón með grænum fjármögnunarramma bankans.

Yfiráhættunefnd ber ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni með stefnu þeirri sem sett er af stjórn. Henni er ætlað að tryggja heildstæða yfirsýn framkvæmdastjórnar yfir umgjörð áhættustýringar og þá margvíslegu áhættuþætti sem bankinn stendur frammi fyrir hverju sinni.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Áhættustýringarsvið skiptist í fjórar einingar: Efnahagsáhættu og líkón, sem greinir og mælir safnlæga áhættu og ber ábyrgð á líkónum og skýrslum; rekstrar- og



sjálfbærniáhættu, sem ber ábyrgð á umgjörð rekstraráhættu og styður við fyrstu línu auk þess að tryggja fylgni við stýringu sjálfbærniáhættu; og útlánaáhættu, sem styður við lánveitingarferlið, tekur þátt í lánaákvörðunum og hefur eftirlit með útlánagæðum. Fjóða einingin, öryggisteymi bankans, styður við og hefur eftirlit með virkni stýringa sem verja bankann fyrir áhættum er tengjast upplýsinga- og tækniöryggi og raunlægu öryggi. Ný staða áhættustjóra rekstrarþols var sett á laggirnar á árinu. Sú skipulagsbreyting endurspeglar aukna áherslu bankans á rekstraröryggi.

Regluvarsla bankans starfar undir stjórn regluvarðar. Deildin er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Regluvarsla ber ábyrgð á umgjörð háttsemis- og hlítungaráhættu og styður við fyrstu línu að stýra þeirri áhættu sem fellur undir ábyrgð deildarinnar. Þar undir fellur meðal annars hlutverk persónuverndarfulltrúa. Innan deildarinnar er starfrækt sérstök stjórnunareining sem ber ábyrgð á umgjörð bankans vegna aðgerða bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Einingunni er stýrt af

staðgengli regluvarðar, sem telst regluvörður bankans vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í skilningi laga nr. 140/2018.

Innri endurskoðun bankans gerir óháðar og hlutlægar úttektir á starfsemi bankans, dótturfélögum hans og lífeyrissjóðum í rekstri hjá bankanum. Innri endurskoðun gerir grein fyrir niðurstöðum sínum með skýrslum til stjórnenda og upplýsir endurskoðunarnefnd stjórnar og stjórn um niðurstöður úttekta sinna. Deildin starfar í samræmi við Heimsstaðla IIA en ný útgáfa þeirra tók gildi í ársbyrjun 2025.

Arion banki er lítill banki í alþjóðlegu samhengi en er flokkaður sem kerfislega mikilvægur á Íslandi. Samstæðan starfar í litlu hagkerfi, með eigin gjaldmiðil, sem er háð tiltölulega fáum atvinnugreinum, sveiflum í fjármagnsflæði og gengissveiflum. Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, lausafjárahætta, vaxtaáhætta, áhætta tengd upplýsingatæknikerfum, viðskiptaáhætta og sjálfbærniáhætta. Þessir áhættuþættir eru að

mestu leyti innan móðurfélagsins. Samstæðan stendur frammi fyrir áhættum í gegnum dótturfélög vegna tryggingastarfsemi og sjóða-stýringar. Rekstraráhætta er megináhætta fyrir tvo síðastnefndu liðina.

Í áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2025 er fjallað ítarlega um helstu áhættuþætti í starfsemi bankans, áhættustýringu og eiginfjárstöðu. Skýrslan tekur mið af kröfum um upplýsingagjöf samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki og ákvæðum reglugerðar Evrópu-þingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur fyrir fjármálafyrirtæki (CRR). Í áhættuskýrslunni er meðal annars fjallað um nýja og væntanlega löggjöf sem snertir bankann sem og starfskjarastefnu hans. Skýrslan tekur til samstæðu Arion banka, að tryggingafélögum undanskildum.



Áhættuskýrslu Arion banka 2025 má lesa hér.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Okkar stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að jákvæðri fyrirtækjamenningu Arion samstæðunnar; ábyrgri ákvarðanatöku, fylgni við lög og reglur og sjálfbærum og arðsömum rekstri. Arion banki er skráður í kauphallirnar á Íslandi og í Stokkhólmi og gegna stjórnarhættir okkar lykilhlutverki í að auka gagnsæi og mæta væntingum hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila.

Arion banki, Vörður og Stefir fengu á árinu 2025 endurnýjaða viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Það eru Stjórnvísir, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland sem veita viðurkenningarnar.





Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Stjórnarháttayfirlýsing

„Við höfum byggt upp einstaka hæfni í að takast á við breytingar og ætlum áfram að styrkja okkur í þeim efnum, þetta raðirnar innan Arion samstæðunnar enn frekar og tryggja skilvirka starfsemi þar sem þarfir viðskiptavinarnir eru í fyrsta sæti.“

Birna Hlin Káradóttir
Framkvæmdastjóri rekstrar og menningar



Arion banki hf. er íslenskt hlutafélag sem skráð er á hlutabréfamarkað Nasdaq Íslandi og Nasdaq Stokkhólmi. Stjórn bankans birtir hér árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrir árið 2025. Stjórnarhættir vísa til ábyrgða mismunandi stjórnareininga bankans og hvernig ákvarðanatöku fer fram, í samræmi við gildandi lög og reglur. Hluthafafundur Arion banka kys stjórn bankans, sem ræður bankastjóra og hefur eftirlit með að skipulag og starfsemi bankans sé í réttu og góðu horfi. Bankastjóri annast daglegan rekstur bankans og kemur fram fyrir hönd bankans að því marki. Bankastjóra ber að fylgja viðeigandi löggjöf, samþykktum bankans og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Þá ber bankastjóri ábyrgð á að innleiða stefnur sem stjórn bankans samþykkir.

Grundvöllur að stjórnarháttum Arion banka eru annars vegar samþykktir bankans, sem hluthafafundur samþykkir, og hins vegar stefnur og fyrirmæli sem stjórn bankans samþykkir. Hér má tiltaka starfsreglur stjórnar, starfsreglur undirnefnda stjórnar og stefnur er lúta að skilvirku skipulagi og stýringu á áhættu í starfsemi bankans. Stefneur um áhættustýringu eru endurskoðaðar árlega og þegar þurfa þykir. Fyrirtækjamenning, viðskiptastefna bankans og innri verkferlar eru sömuleiðis veigamikill þáttur stjórnarháttanna.

Með því að iðka góða stjórnarhætti og stuðla að jákvæðri fyrirtækjamenningu er hlúð að traustum og heiðarlegum samskiptum stjórnar bankans, hluthafa, viðskiptavina og annarra haghafa, svo sem starfsmanna bankans og almennings. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, og sjálfbærri langtímaarðsemi í rekstri bankans. Stjórn bankans leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurskoðar stjórnarhætti sína reglulega á grundvelli viðurkenndra viðmiða um stjórnarhætti.

Meginþáttur í stjórnarháttum fjármálafyrirtækja felst í árangursríkri stýringu á áhættum sem óhjákvæmilega koma upp í starfsemi þeirra. Um áhættustýringu bankans er náðar fjallað í þessari yfirlýsingu, árs- og sjálfbærnisráðgjörð bankans, og áhættuskýrslu. Að koma á og viðhalda tryggu eftirlitskerfi með áhættu er lykiláskorun þegar kemur að traustum rekstri fjármálafyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er byggð á löggjöf, reglugerðum og viðurkenndum viðmiðunarreglum og leiðbeiningum sem eru í gildi þegar stjórn samþykkir ársreikning bankans.



Stjórnarháttayfirlýsing
Arion banka 2025
má lesa hér.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Framkvæmd starfskjarastefnu

Aðalfundur Arion banka samþykkir árlega starfskjarastefnu fyrir félagið þar sem fram koma meginsjónarmið og atriði sem stjórn bankans og framkvæmdastjórn skulu horfa til, m.a. í tengslum við ákvörðun starfskjara.

Samkvæmt starfskjarastefnu, sem samþykkt var á aðalfundi bankans árið 2025, skal stefnt að því að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf laun til að bankinn geti laðað til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólk og að störf hjá bankanum séu eftirsóknarverð í augum hæfra einstaklinga.

Við mörkun starfskjarastefnunnar er haft að leiðarljósi að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku heldur hvetji til þess að langtíma-sjónarmiða sé gætt og tryggi heilbrigðan rekstur bankans í samræmi við viðskiptaáætlun hans. Starfskjarastefnan er liður í að gæta langtíma-hagsmuna eigenda bankans, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Við framkvæmd starfskjarastefnunnar ber bankanum að ganga úr skugga um að engin mismunun eigi sér stað við ákvörðun launa og annarra starfskjara.

Helstu atriði í tengslum við framkvæmd starfskjarastefnu bankans árið 2025

- Samkvæmt launakönnun Intellecta greiðir Arion banki almennt samkeppnishæf laun en er ekki leiðandi á markaðnum. Meðalhækkun launakostnaðar í bankanum var 2,1% milli ára en almenn hækkun launavísitölu var 8,3% (ársmeðaltal).
- Samkvæmt ákvörðun aðalfundar bankans árið 2020 var kaupréttaráætlun sett á laggirnar til fimm ára fyrir starfsfólk bankans eða frá árinu 2021 til ársins 2026. Á aðalfundi bankans árið 2025 var samþykkt að veita stjórn heimild til að innleiða nýja fimm ára kaupréttaráætlun sem tekur við þegar eldri áætlun fellur úr gildi. Kaupréttaráætlunin byggist á ákvæðum tekjuskattslaga. Fastráðnu starfsfólki bankans og dótturfélaganna Varðar trygginga hf. og Stefnis hf. stendur til boða að kaupa hlutabréf í bankanum fyrir að hámarki kr. 1.500.000 á ári í samræmi við ákvæði tekjuskattslaga. Bankinn horfir meðal annars til skuldbindinga vegna kaupréttaráætlunarinnar í tengslum við eignarhald á eigin bréfum og kostnaður bankans tekur þar af leiðandi mið af því. Í kjölfar nýrra kaupréttasamninga sem gerðir voru í febrúar 2026 eru í gildi kaupréttasamningar við starfsfólk bankans og dótturfélaga sem ná til ársins 2031.
- Engir samningar um sérstakar starfslokagreiðslur voru gerðir við stjórnendur á árinu 2025.
- Stjórn bankans samþykkti nýtt kaupaukakerfi árið 2020 sem kom til framkvæmda árið 2021, byggt á fjölbreyttum mælikvörðum og árangri bankans í heild. Öllu fastráðnu starfsfólki bankans, að undanskildu starfsfólki eftirlitseininga, stendur til boða að taka þátt í kerfinu en yfirmarkmið þess er að skila betri arðsemi en keppinautar gera að meðaltali. Meirihluti starfsfólks getur fengið allt að 10% af árslaunum greidd í kaupauka í formi reiðufjár og án frestunar. Stjórnendur og það starfsfólk sem hefur mestu áhrifin á kostnað og tekjur bankans getur fengið allt að 25% af árslaunum í kaupauka í formi peningagreiðslu (5%) og hlutabréfa eða kaupréttar að hlutabréfum í bankanum (20%) eða blöndu af hvoru tveggja. Þessi hópur telur um 1/6 starfsfólks og er 40% af kaupauka frestað til 4 ára en 5 ára í tilfelli bankastjóra og starfsfólks sem heyrir beint undir bankastjóra. Hlutabréf sem þetta starfsfólk fær í hendur eru háð sölubanni að fullu leyti í þrjú ár en í tilfelli kaupréttar er fyrsta nýtingartímabil eftir þrjú ár (4/5 ár í tilfelli blandaðrar leiðar). Samþykktur kaupauki til starfsfólks bankans samkvæmt kaupaukakerfinu á árinu 2025 vegna árangurs á árinu 2024 nam um 95% af fullum kaupauka. Nam heildarfjárhæðin 1,2 milljörðum króna. Bankinn horfir meðal annars til skuldbindinga vegna kaupaukakerfisins í tengslum við eignarhald á eigin bréfum og kostnaður bankans tekur þar af leiðandi mið af því. Reglur kerfisins eru aðgengilegar á vefsíðu bankans.
- Á aðalfundi bankans árið 2025 voru samþykktar breytingar á starfskjarastefnu sem heimiluðu að greiða starfsfólki eftirlitseininga fastar árlegar uppbótargreiðslur sem geta numið allt að 10% af árlegum starfskjörum hlutaðeigandi starfsfólks. Var markmið þeirra breytinga að efla samkeppnishæfni slíkra starfa.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Stjórn



Formaður

Paul Horner

Paul er fæddur árið 1962. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Paul er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Paul er formaður stjórnar og situr í lánanefnd, áhættunefnd, endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tækninefnd stjórnar.

Paul útskrifaðist með meistaragráðu með láði í tónlist frá University of Oxford árið 1983 og er útskrifaður frá UK Chartered Institute of Bankers. Paul býr að víðtækri alþjóðlegri reynslu á sviði viðskiptabanka-, fyrirtækjabanka- og einkabankaþjónustu og fjárfestingarbankastarfsemi. Paul gegndi margvíslegum stjórnunar- og áhættustýringarstöðum hjá Barclays PLC á árunum 1988 til 2003. Árið 2003 hóf Paul störf hjá The Royal Bank of Scotland Group (RBS) þar sem hann sinnti störfum framkvæmdastjóra og öðrum yfirmannsstöðum. Frá 2012 til 2016 var Paul framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Coutts & Co Ltd., alþjóðlegri einkabankaeiningu National Westminster Group, og varð forstjóri þess banka frá 2016 til 2017. Árið 2018 var Paul framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Ulster Bank í Dublin, og frá 2018 til 2021 var hann stjórnarmaður Coutts & Co Ltd.

Í dag situr Paul í stjórn AIB Group P.L.C. sem formaður áhættustýringanefndar og jafnframt í endurskoðunarnefnd stjórnar. Einnig situr hann í stjórn LHV (UK) Ltd. og á sæti í endurskoðunar-, tilnefningar- og starfskjaranefnd stjórnar, auk þess að sinna formennsku í áhættunefnd stjórnar LHV. Enn fremur situr Paul í stjórn The National Bank of Kuwait þar sem hann er formaður áhættunefndar stjórnar og situr í endurskoðunarnefnd stjórnar.



Varaformaður

Kristín Pétursdóttir

Kristín er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 15. mars 2023. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Kristín er varaformaður stjórnar, formaður áhættunefndar og situr í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd stjórnar.

Kristín útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA frá Norges Handelshøyskole árið 1993.

Kristín var annar stofnenda Auðar Capital og starfaði sem forstjóri þess fyrirtækis frá 2007 til 2013 og sem stjórnarformaður frá 2013-2017 (síðar Virðing hf.). Kristín var einnig stjórnarformaður Kviku banka á árunum 2018-2020, forstjóri Mentor hf. 2015-2017, framkvæmdastjóri fjárfestingar Kaupþings banka 1997-2005 og aðstoðarforstjóri Singer & Friedlander 2005-2007. Kristín hefur setið í stjórnum Ölgerðarinnar, Tals, Yggdrasils, Singer & Friedlander, Viðskiptaráðs, Eyrís Invest, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja. Kristín hefur einnig setið í fjárfestingarráðum framtakssjóðanna Eddu, Freyju og Auðar I.

Í dag er Kristín sjálfstætt starfandi stjórnendaráðgjafi og situr í stjórnum Grid ehf. og Miðeindar ehf.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn



Gunnar Sturluson

Gunnar er fæddur árið 1967. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 8. ágúst 2019. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Gunnar er formaður endurskoðunarnefndar stjórnar. Hann er einnig formaður starfskjaranefndar stjórnar ásamt því að sitja í lánanefnd stjórnar.

Gunnar útskrifaðist með Cand.Jur gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992 og með LL.M-gráðu frá Háskólanum í Amsterdam árið 1995. Hann hlaut málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1993 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 1999.

Gunnar hefur starfað hjá LOGOS lögmansþjónustu síðan 1992 og starfar þar í dag sem meðeigandi, áður starfaði hann sem faglegur framkvæmdastjóri á árunum 2001-2013.

Gunnar situr í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Hann hefur sinnt ýmsum stjórnarstörfum og var meðal annars forseti FEIF, alþjóðasamtaka Íslandshestafélaga, 2014-2025, stjórnarmaður í GAMMA hf. 2017-2019, stjórnarformaður Ríkisútvarpsins ohf. 2016-2017, stjórnarformaður Íslenska dansflokksins 2013-2016, stjórnarmaður í gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands, stjórnarmaður hjá Sviðslistamiðstöð Íslands og kjörinn í landskjörstjórn af Alþingi 2013- 2017. Þá sinnti Gunnar stundakennslu í samkeppnisrétti við lagadeild Háskóla Íslands 1995-2007.



Marianne Gjertsen Ebbesen

Marianne er fædd árið 1972. Hún var kjörin í stjórn Arion banka þann 12. mars 2025. Marianne er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Marianne er formaður tækninefndar stjórnar og situr í áhættunefnd stjórnar.

Marianne útskrifaðist með meistaragráðu frá Handelshøyskolen BI árið 1996 og lauk stjórnendanámi frá Turku School of Economics árið 2008 og frá The International Institute for Management Development (IMD) árið 2014.

Marianne hefur frá árinu 2019 gegnt fjórum ólíkum stjórnendastöðum hjá OBOS BBL samstæðunni í Noregi og er í dag forstjóri samstæðunnar. Áður gegndi hún ýmsum stjórnunarstöðum á norskum fjármálamarkaði, þar á meðal hjá Nordea, DNB og If P&C Insurance.

Í dag situr Marianne í stjórnnum AF Gruppen ASA, Thrane-Steen Gruppen AS og í nokkrum fyrirtækjum með 100% eignarhlut í gegnum OBOS BBL. Hún hefur jafnframt setið í stjórnnum Odevo AB, Gjensidige Pensjonsforsikring AS og SBC Sveriges Bostadsrettcentrum og var stjórnarformaður OBOS Banken AS, OBOS Eiendomsmeglere AS og DNB Meglerservice.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn



Steinunn Kristín Þórðardóttir

Steinunn er fædd árið 1972. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 30. nóvember 2017. Steinunn er hluthafi í bankanum (hlutafjáreign hennar eru 12.000 hlutir) og er óháður stjórnarmaður. Steinunn sinnir formennsku í lánanefnd stjórnar og situr í starfskjaranefnd, áhættunefnd og tækninefnd stjórnar. Steinunn situr í stjórn Varðar.

Steinunn er með meistaragráðu í alþjóðlegri stjórnun (MIM) frá Thunderbird, Arizona, og BA-gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórn málafræði frá University of South Carolina.

Steinunn sat áður í ýmsum stjórnnum í Evrópu og var í stjórn Bankasýslu ríkisins árið 2011. Steinunn starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi frá 2015 til 2017 og sem tímabundinn forstjóri hjá Beringer Finance á Íslandi. Hún var einnig forstöðumaður alþjóðadeildar fyrirtækisins á sviði matvæla og sjávarfangs. Þá stofnaði Steinunn ráðgjafafyrirtækið Acton Capital AS í Noregi og hefur unnið þar við fjárfestingar og ráðgjöf. Hún starfaði áður hjá Íslandsbanka (síðar Glitni), sem framkvæmdastjóri bankans á Bretlandi, og fyrir það leiddi hún svið alþjóðalánveitinga og sambankalána sem forstöðumaður bankans.

Í dag vinnur Steinunn með tæknifyrirtækjum í Noregi, bæði sem fjárfestir og ráðgjafi hvað varðar stefnumótun. Hugbúnaðarfyrirtækin sem hún vinnur með eru alþjóðleg uppskölunarfyrirtæki, og er Steinunn stjórnarformaður Acton Capital AS. Hún er jafnframt stjórnarformaður Norsk-Íslenska viðskiptaráðsins. Þá situr Steinunn í tilnefningarnefnd Símans og er í stjórn hugbúnaðarfyrirtækisins Öldu Íslandi. Enn fremur er hún leiðbeinandi ungra hæfileikaríkra kvenna og stofnandi Women Empower Women og stjórnarformaður Ólafíusjós, góðgerðarsamtaka í Noregi.


Varamenn í stjórn

Sigurbjörg Ólafsdóttir, verkfræðingur,
og Einar Hugi Bjarnason, hæstaréttarlögmaður.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Skipurit 2025





Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn



Benedikt Gíslason

Bankastjóri

Benedikt er fæddur árið 1974. Hann tók við starfi bankastjóra Arion banka 1. júlí 2019.

Benedikt hóf störf hjá FBA (síðar Íslandsbanka) árið 1998, sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum hjá Straumi-Burðarás, var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá FL Group og framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs MP banka. Benedikt starfaði um tíma sem ráðgjafi hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og var varaformaður starfshóps stjórnvalda um afnám fjármagnshafna á árunum 2013-2016. Hann sat í stjórn Kaupþings á árunum 2016-2018 og var ráðgjafi Kaupþings í málefnum Arion banka. Hann tók sæti í stjórn Arion banka í september 2018 og var í stjórn bankans þar til hann tók við starfi bankastjóra.

Benedikt útskrifaðist með C.Sc.-gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998.



Iða Brá Benediksdóttir

Aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs

Iða Brá Benediksdóttir er fædd 1976. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs í júlí 2017 og starfi aðstoðarbankastjóra í apríl 2022.

Iða Brá hefur starfað hjá Arion banka og forverum hans frá árinu 1999. Frá þeim tíma hefur hún gegnt ýmsum störfum innan bankans, nú síðast sem framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs frá 2016 til 2017. Áður hafði Iða Brá m.a. verið forstöðumaður samskiptasviðs, einkabankaþjónustu og í fjárfstýringu bankans. Iða hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja: Sparisjóðs Ólafsfjarðar, AFL – sparisjóðs, fasteignafélagsins Landfesta og HB Granda hf. Iða Brá situr í stjórn Nordic Financial CERT.

Iða Brá er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er með MSc-próf í fjármálum frá Erasmus Graduate School of Business í Hollandi og með próf í verðbréfavíðskiptum.



Birna Hlín Káradóttir

Framkvæmdastjóri rekstrar og menningar

Birna Hlín er fædd árið 1978. Hún tók við starfi yfirlögfræðings Arion banka í september 2019 og tók sæti í framkvæmdastjórn í júní 2020. Í september 2023 tók Birna við starfi framkvæmdastjóra reksturs og menningar.

Frá árinu 2016 var Birna meðeigandi og yfirlögfræðingur Fossa markaða. Hún var yfirlögfræðingur Straums fjárfestingarbanka á árunum 2011 til 2015. Birna Hlín starfaði hjá Straumi-Burðarás fjárfestingabanka á árunum 2007 til 2011 og var yfirlögfræðingur félagsins frá árinu 2009. Birna hefur kennt lög um fjármálamarkaði o.fl. í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Hún hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja og félaga hérlandis og erlendis.

Birna er með AMP-gráðu frá IESE Business School í Barcelona og er lögfræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er með mállutningsréttindi og próf í verðbréfavíðskiptum.



Björn Björnsson

Framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs

Björn er fæddur árið 1980. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra upplýsingatæknisviðs Arion banka í mars 2023.

Frá árinu 2015 starfaði Björn hjá Boston Consulting Group (BCG) í Ástralíu og á Norðurlöndum með áherslu á stefnumarkandi verkefni í upplýsingatækni fyrir fjármálastofnanir. Áður en Björn hóf störf hjá BCG vann hann sem stjórnandi og sérfræðingur hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum, m.a. sem framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Byr.

Björn er með BS-gráðu í tölvunarfræði og MS-gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá Melbourne Business School.



Hákon Hrafn Gröndal

Framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs

Hákon Hrafn Gröndal er fæddur 1988. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs í apríl 2022.

Hákon Hrafn Gröndal hóf störf hjá Arion banka 2012 í útibúi bankans á Höfða. Síðan þá hefur Hákon sinnt ýmsum störfum innan bankans tengdum fjármálaráðgjöf og útlánum og setið í ýmsum stjórnnum fyrir hönd bankans. Frá árinu 2013 sinnti Hákon starfi lánastjóra á fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði.

Hákon er viðskiptafræðingur frá Griffith University, með MSc-próf í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands, og með próf í verðbréfa- viðskiptum.



Jóhann Möller

Framkvæmdastjóri markaða

Jóhann Möller er fæddur 1979. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra markaða í maí 2022.

Jóhann Möller var framkvæmdastjóri Stefnis frá árinu 2020 til ársins 2022. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði í rúm 20 ár og hjá Stefni frá árinu 2006 við stýringu á innlendum hlutabréfa- sjóðum auk þess sem hann veitti hlutabréfateymi félagsins forstöðu á árunum 2017-2020.

Jóhann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með próf í verðbréfavíðskiptum.



Ólafur Hrafn Höskuldsson

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Ólafur Hrafn er fæddur árið 1981. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs í september 2021.

Ólafur Hrafn hóf störf hjá Arion banka árið 2019 er hann tók við starfi forstöðumanns stefnumótunar og þróunar á skrifstofu bankastjóra. Ólafur starfaði hjá Royal Bank of Scotland í London og New York á árunum 2010 til 2016. Árið 2016 tók hann við starfi framkvæmdastjóra hjá Títan fjárfestingafélagi sem hann sinnti til ársins 2019. Áður vann Ólafur Hrafn meðal annars hjá CreditInfo í Þýskalandi og Straumi fjárfestingabanka. Ólafur situr í stjórn Varðar og Landeyjar.

Ólafur Hrafn útskrifaðist með cand.oecon-gráðu frá Háskóla Íslands árið 2006 með reikningshald og endurskoðun sem aðalgrein. Hann hefur öðlast löggildingu til fjárfestingaráðgjafar í Bretlandi (UK FSA approved person status) og í Bandaríkjunum (US FINRA series 79).



Úlfar Freyr Stefánsson

Framkvæmdastjóri áhættustýringar

Úlfar Freyr er fæddur árið 1981. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra áhættustýringar í maí 2020.

Úlfar hóf störf í áhættustýringu Arion banka árið 2013 eftir að hafa starfað fyrir Kaupþing (í slitameðferð) frá árinu 2010, m.a. sem sérfræðingur við uppgjör afleiðubókar og sem framkvæmdastjóri áhættustýringar. Úlfar var forstöðumaður eignasafnsáhættu Arion banka á árunum 2013-2015 er hann tók við sem forstöðumaður efnahagsáhættu innan áhættustýringar.

Úlfar er með doktors- og meistaraþróf í stærðfræði frá Georgia Institute of Technology og BS-gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur jafnframt lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.



Stjórnarháttayfirlýsing
Framkvæmd starfskjarastefnu
Stjórn
Framkvæmdastjórn

Dótturfélög



Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir

Forstjóri Varðar

Guðbjörg Heiða er fædd árið 1980. Hún tók við sem forstjóri Varðar í apríl 2023.

Guðbjörg starfaði í 12 ár hjá Marel, síðast sem framkvæmdastjóri fiskiðnaðar og framkvæmdastjóri Marel á Íslandi, en leiddi áður vöruþróunarteymi Marel á Íslandi og í Bretlandi. Fyrir það starfaði hún hjá fjárfestingafélaginu Eyri Invest.

Guðbjörg er með meistaragráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.



Jón Finnbogason

Framkvæmdastjóri Stefnis

Jón er fæddur árið 1973. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra Stefnis í maí 2022.

Jón hefur starfað á fjármálamarkaði við margvísleg stjórnunar- og sérfræðistörf frá árinu 1999. Hann starfaði hjá Stefni á tímabilinu 2003 til 2008 og aftur 2013 til 2017 þegar hann veitti skuldabréfateymi félagsins forstöðu og var staðgengill framkvæmdastjóra. Jón var sparisjóðsstjóri Byr 2009 og forstjóri Byr hf. 2010 til 2011 er hann tók við starfi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Íslandsbanka og gegndi því starfi til 2013. Jón tók við starfi útlánastjóra Arion banka árið 2017 og frá árinu 2019 var hann jafnframt forstöðumaður fyrirtækja innan fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs.

Jón útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1998 og er með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum og próf í verðbréfavíðskiptum.

Stjórnendur annarra lykileininga



Andrés Fjeldsted

Regluvörður

Andrés Fjeldsted er fæddur árið 1984. Hann tók við starfi regluvarðar Arion banka í apríl 2022.

Andrés starfaði við lögfræðiráðgjöf hjá Arion banka frá árinu 2015. Helstu verkefni hans tengdust eignastýringu og yfirstjórn og var hann um nokkurra ára skeið ritari stjórnar bankans.

Andrés er með mag. jur.-gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands og BA-gráðu í hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði frá University of Essex.



Anna Sif Jónsdóttir

Innri endurskoðandi

Anna Sif er fædd árið 1971. Hún var skipuð innri endurskoðandi Arion banka í september 2022.

Anna Sif starfaði sem innri endurskoðandi Kviku banka hf. frá árinu 2013. Áður starfaði hún sem fjármálastjóri Regins (Heimar) frá 2009 til 2013 og Landic Property Iceland (Reitir) frá 2007 til 2009. Anna var sérfræðingur og verkefnastjóri hjá KPMG frá 2000 til 2006.

Anna Sif er með BA-gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands og cand. oecon-gráðu frá sama skóla. Hún er löggiltur endurskoðandi og með próf í verðbréfavíðskiptum.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tviátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Sjálfbærni hjá Arion

Arion banki hefur í um áratug veitt upplýsingar um sjálfbærni í starfsemi bankans. Í annað sinn tekur skýrslan til Arion samstæðunnar sem telur, auk Arion banka, tryggingarfélagið Vörð og sjóðastýringarfélagið Stefni. Í skýrslunni vísum við í Arion þegar átt er við samstæðuna í heild. Ef umfjöllun á eingöngu við Arion banka, Vörð eða Stefni er það sérstaklega tekið fram.

Markmið með upplýsingagjöf um sjálfbærni er að veita haghöfum okkar yfirlit yfir stefnu, markmið og árangur og sýna fram á hvernig við sköpum verðmæti fyrir hagaðila okkar. Við höldum áfram að samþætta enn frekar umfjöllun um dótturfélög bankans, Vörð og Stefni, í tengslum við sjálfbærni. Þannig tökum við frekari skref í þá átt að veita haghöfum heildstæðar upplýsingar um sjálfbærni hjá samstæðunni.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni

Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið

Árangurinn okkar

Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring

Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun

Staða úthlutaðra fjármuna

Konur fjárfestum

Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar

Ábyrg sjóðastýring

Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið

Helstu þættir umhverfisuppgjör

Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar

Rétta fólkið

Ánægja, líðan og samskipti

Skýr sýn í jafnréttismálum

Stöðug þróun og fræðsla

Árangursdrifin menning

Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila

Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun

Styrkir og samstarf

Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla

Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir

Félagsþættir

Stjórnarhættir

GRI Standards tilvísunartafla

ESRS tilvísunartafla

UN PRB – yfirlýsing um framvindu

Álit endurskoðanda

Skýrslugjöf um sjálfbærni


ESRS 2: BP-1, GOV-4

Skýrslan er unnin og birt í samræmi við GRI Standards. Staðallinn hjálpar fyrirtækjum og stofnunum að miðla upplýsingum tengdum sjálfbærni á gagnsæjan og samanburðarhæfan hátt. Nánar er fjallað um hvaða GRI staðlar eru notaðir í sjálfbærniuppgjöri samstæðunnar. Skýrslan er í samræmi við ákvæði 66. gr. d. í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Einnig er notast við UFS-viðmið Nasdaq á Norðurlöndunum, tíu meginmarkmið UN Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslunni er að finna yfirlýsingu um framvindu innleiðingar á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi, UN Principles for Responsible Banking (PRB).

Árið 2023 hóf Arion banki innleiðingu á ESRS-staðlinum (European Sustainability Reporting Standards). Staðallinn er hluti af CSRD-tilskipun Evrópusambandsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni sem hefur ekki verið innleidd í íslenskan rétt. Á árinu 2025 boðaði Evrópusambandið veigamiklar breytingar á tilskipuninni, bæði hvað varðar gildissvið hennar og umfang upplýsingagjafar. Á seinni hluta ársins voru birt drög að einfölduðum ESRS-stöðlum auk þess sem Evrópuþingið samþykkti einföldun á regluverkinu. Samþykkt var að takmarka umfang regluverksins við fyrirtæki með meira en 450 milljónir evra í ársveltu og yfir 1.000 stöðugildi á ársgrundvelli. Breytingarnar biða formlegrar staðfestingar innan Evrópusambandsins en líklegt þykir að þær séu nú í endanlegri mynd. Verði fyrrnefnt gildissvið samþykkt og leitt í íslensk lög er Arion samstæðan, eins og stendur, rétt undir viðmiðunarmörkum og þ.a.l. utan gildissviðs tilskipunarinnar. Þrátt fyrir óvissuna höldum við áfram að nota ESRS-staðalinn og að þessu sinni nýtum við okkur einfölduðu útgáfuna sem var birt í nóvember 2025.

Umfjöllun í skýrslunni byggir á þeim málefnum sem greind hafa verið mikilvæg fyrir starfsemi Arion og byggir á fimm meginþemum: ábyrgri starfsemi, sjálfbærum fjármálum, umhverfis- og loftslagsmálum, mannauði og samskiptum við samfélagið. Í lokin er að finna viðamikil sjálfbærniuppgjör samstæðunnar. Hægt er að lesa hvern stakan kafla en til að fá góða heildarmynd er gott að lesa sjálfbærnihluta skýrslunnar í heild sinni.

Í skýrslunni eru kaflaheiti merkt viðeigandi upplýsingakröfu ESRS staðlanna ef um er að ræða umfjöllun sem tengist viðkomandi staðli. Einnig höfum við merkt upplýsingar í sjálfbærniuppgjöri. Þrátt fyrir að merking sé til staðar þýðir það ekki að við teljum okkur uppfylla viðkomandi staðal að fullu heldur að upplýsingagjöfin tengist þeim staðli. Ekki er að þessu sinni gerð grein fyrir hvort við uppfylfum viðkomandi lið að hluta eða öllu leyti.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni

Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjors
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

Árið 2023 var löggjöf um flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy) lögfest hér á landi. Arion fellur undir lögin og birtir upplýsingar í samræmi við löggjöfina í viðauka við ársreikning samstæðunnar. Breytingar sem liggja fyrir í einfölduðu sjálfbærniregluverki Evrópusambandsins ná einnig til EU Taxonomy og eru því háðar endanlegu samþykki Evrópusambandsins. Skýrslugjöf Arion er því óbreytt milli ára þar sem breytingarnar hafa ekki verið lögfestar á Íslandi.

Áhættuskýrsla

Arion banki gefur árlega út áhættuskýrslu þar sem fjallað er um helstu áhættuþætti bankans, þar með talið sjálfbærniáhættu. Þar er einnig fjallað um stjórnskipulag bankans með tilliti til áhættu sem og starfskjarastefnu. Skýrslan er gefin út ásamt upplýsingasniðmátum Evrópsku bankaeftirlits-stofnunarinnar (EBA) og ætti að lesa samhliða þeim. Skýrsluna má finna á vefsíðu Arion banka (arionbanki.is/pillar-3-2025).

Upplýsingasöfnun og óháð staðfesting

Upplýsingar sem tengjast skýrslugjöf um sjálfbærni koma úr upplýsingakerfum Arion banka og dótturfélaga. KPMG aðstoðaði við gerð umhverfisuppgjors. Upplýsingar eru unnar í samstarfi sjálfbærniteymis og viðeigandi ábyrgðaraðila innan samstæðunnar. Skýrslan í heild sinni er samþykkt af sjálfbærninefnd bankans.

Skýrslan er gefin út á íslensku og ensku og er hægt að nálgast báðar útgáfur á PDF-sniði á vefsíðu bankans.

Deloitte hefur veitt álit með takmarkaðri vissu á upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærni í Árs- og sjálfbærniskýrslu 2025 samkvæmt GRI Standards og UFS leiðbeiningum Nasdaq.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni

Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið

Árangurinn okkar

Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring

Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun

Staða úthlutaðra fjármuna

Konur fjárfestum

Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar

Ábyrg sjóðastýring

Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið

Helstu þættir umhverfisuppgjör

Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar

Rétta fólkið

Ánægja, líðan og samskipti

Skýr sýn í jafnréttismálum

Stöðug þróun og fræðsla

Árangursdrifin menning

Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila

Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun

Styrkir og samstarf

Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla

Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir

Félagsþættir

Stjórnarhættir

GRI Standards tilvísunartafla

ESRS tilvísunartafla

UN PRB – yfirlýsing um framvindu

Álit endurskoðanda


Tvíátta mikilvægisgreining

ESRS 2: SBM-1, SBM-2, IRO-1

Í stöðlum Evrópusambandsins um sjálfbærni-tengda upplýsingagjöf er sett fram krafa um gerð tvíátta mikilvægisgreiningar. Grunnhugmyndin er að greina áhrif, áhættu og tækifæri sem eru fyrirtækjum mikilvæg. Það er annars vegar gert með því að horfa út á við, það er hvaða áhrif starfsemin hefur á umhverfi og samfélag, og hins vegar með því að horfa inn á við og greina fjárhagslegar áhættur og tækifæri sem geta haft áhrif á fjárhag vegna utanaðkomandi sjálfbærniþátta.

ESRS staðallinn byggir á 12 undirstöðlum: tveimur sem fjalla um framkvæmd og innihald skýrslugjafar, fimm umhverfisstöðlum, fjórum stöðlum um félagsþætti og einum um stjórnarhætti. Í tvíátta mikilvægisgreiningu er greint hvaða staðlar og efnisþættir þeirra eru mikilvægir. Þegar mikilvægir efnisþættir hafa verið greindir er settur þröskuldur sem segir til um hvaða atriði falla undir kröfur ESRS.

Arion gerði tvíátta mikilvægisgreiningu í samstarfi við KPMG á Íslandi árið 2023 og var greiningin ítruð og endurmetin á árinu 2024 þar sem meðal annars dótturfélögin Vörður og Stefni voru fengin að borðinu. Niðurstöðurnar voru birtar í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf 2024 og eru endurbirtar hér með örlítið breytti framsetningu.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi
Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál
Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál
Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður
Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið
Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning


Sjálfbærniuppgjör
Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Meginniðurstöður sýna að staðlar E1 um loftslagsbreytingar, S1 um mannauð, S4 um neytendur og endanotendur og G1 um stjórnarhætti eru mikilvægastir fyrir samstæðuna. Áhrif, áhættur og tækifæri voru metin án stýringa og snúa helstu áhersluatriði Arion að mildun loftslagsbreytinga, fyrirtækjamenningu, ráðstöfunum gegn peningaþvætti, fræðslu og þróun mannauðs og upplýsingaöryggi neytenda.

- E1-II: Mildun loftslagsbreytinga
- E2-I: Loft-, vatns- og jarðvegsmengun
- E3-II: Sjávarauðlindir
- E4-I: Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi
- E5-I: Hringrásarhagkerfi
- S1-I: Vinnuaðstæður
- S1-II: Jöfn tækifæri fyrir öll
- S2-I: Vinnuaðstæður starfsfólks í aðfangakeðju
- S2-II: Jöfn tækifæri í aðfangakeðju
- S3-I: Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi samfélaga
- S3-II: Borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi samfélaga
- S4-I: Upplýsingatengd áhrif fyrir neytendur og/eða endanotendur
- S4-II: Persónulegt öryggi neytenda og/eða endanotenda
- S4-III: Samfélagsleg inngilding neytenda og/eða endanotenda
- G1-I: Fyrirtækjamenning
- G1-II: Vernd uppljóstrara
- G1-III: Dýravelferð
- G1-IV: Stjórnmálaþátttaka og hagsmunagæsla
- G1-V: Stjórnun samskipta við birgja, þar með talið greiðsluvenjur
- G1-VI: Mútur og spilling

Niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar út frá efnisþáttum

Yfir mikilvægisþröskuldi
Undir mikilvægisþröskuldi





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining
- Ábyrg starfsemi**
 - Stefna og markmið
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
 - Ábyrg innkaup
 - Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Sjálfbær fjármál**
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Staða úthlutaðra fjármuna
 - Konur fjárfestum
 - Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
 - Ábyrg sjóðastýring
 - Ábyrg tryggingastarfsemi
- Umhverfis- og loftslagsmál**
 - Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
 - Helstu þættir umhverfissuppgjör
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður**
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Rétta fólkið
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Stóðug þróun og fræðsla
 - Árangursdrifin menning
 - Öflug forysta
- Við og samfélagið**
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör**
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Framkvæmd mikilvægisgreiningar

Tvíátta mikilvægisgreining Arion samstæðunnar var gerð í fimm fösum. Leitast var við að fá álit sérfræðinga á öllum stigum en jafnframt að viðhalda víðu sjónarhorni í vinnustofum og svörum kannana. Áhættur, tækifæri og áhrif voru greind á öllum stigum virðiskeðjunnar. Við skoðuðum aðfangakeðjuna sem tekur til birgja og framleiðenda sem útvega Arion vörur eða þjónustu, eigin starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi fyrirtækisins sjálfs, þar með talið mannauð og kolefnislosun í eigin starfsemi, og að lokum niðurstreymi sem vísar til þeirra vara og þjónustu sem Arion veitir.

Á komandi árum munum við halda áfram að fylgjast með þróun regluverks Evrópu-sambandsins sem snýr að upplýsingagjöf um sjálfbærni og uppfæra greiningar þegar við á.

Greining sérfræðinga

Stuðst var við gögn frá alþjóðlegum reitunaraðilum og mikilvægisgreiningar annarra leiðandi banka á Norðurlöndum voru rýndar. Niðurstöður þessarar greiningarvinnu voru nýttar sem grundvöllur fyrir greiningu Arion, meðal annars til að fá fram sjónarmið hlutabréfa- og skuldabréfaeigenda.

Afrakstur fyrsta fasa:

- Listi yfir mikilvægisþætti flokkaða undir stjórnarhætti, félagsþætti eða umhverfisþætti.

Mat ákveðinna áhrifa, áhættu og tækifæra

Haldnar voru tvær vinnustofur en þátttakendur voru starfsfólk og stjórnendur úr ýmsum deildum bankans sem og fulltrúi stjórnar. Í þeirri fyrri var unnið með fjárhagslegt mikilvægi, í þeirri seinni var unnið með mikilvægi út frá samfélagi og umhverfi. Mikilvægisþáttum var einnig raðað eftir mikilvægi.

Afrakstur annars fasa:

- Listi yfir raunveruleg og hugsanleg áhrif, tækifæri og áhættur. Atriði metin með tilliti til umfangs og vægis.

Samtal við hagsmunaaðila

Niðurstofur vinnustofanna tveggja voru greindar með tilliti til eftirfarandi hagaðila: viðskiptavina, hluthafa og skuldabréfaeigenda, starfsfólks, hagsmunasamtaka, félagasamtaka, sérfræðinga og eftirlitsaðila.

Þessir hópar voru samþykktir af sjálfbærninefnd bankans sem helstu hagaðilar út frá sjálfbærni og var óskað eftir frekari þátttöku þeirra.

Afrakstur þriðja fasa:

- Könnun send til alls starfsfólks Arion banka.
- Djúpvíðtöl við viðskiptavini, sem og fulltrúa hagsmunasamtaka, félagasamtaka og sérfræðinga.

Forgangsróðun mikilvægisþátta

Gögn og niðurstöður rýndar af sjálfbærniteymi KPMG og sérfræðingum hjá Arion banka. Nánari greining gerð á umfangi og alvarleika áhrifa, áhættu og tækifæra og þröskuldur skilgreindur fyrir mörk þeirra þátta sem teljast mikilvægastir.

Afrakstur fjórða fasa:

- Þröskuldur fyrir þá mikilvægisþætti sem falla undir upplýsingakröfur ESRS.

Útvíkkun greiningar fyrir samstæðuna

Niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar Arion banka voru bornar undir sérfræðinga hjá Verði og Stefni. Í samvinnu við dótturfélögin var aðferðafræðin og útkoman rýnd með tilliti til sérstöðu þeirra innan samstæðunnar.

Í þeim tilvikum sem vægi mikilvægisþátta var breytt var það gert á grundvelli líkinda og umfangs.

Afrakstur fimmta fasa:

- Heildstæð tvíátta mikilvægisgreining fyrir Arion banka, Vörð og Stefni.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni

Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið

Árangurinn okkar

Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring

Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun

Staða úthlutaðra fjármuna

Konur fjárfestum

Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar

Ábyrg sjóðastýring

Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið

Helstu þættir umhverfisuppgjör

Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar

Rétta fólkið

Ánægja, líðan og samskipti

Skýr sýn í jafnréttismálum

Stöðug þróun og fræðsla

Árangursdrifin menning

Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila

Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun

Styrkir og samstarf

Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla

Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir

Félagsþættir

Stjórnarhættir

GRI Standards tilvísunartafla

ESRS tilvísunartafla

UN PRB – yfirlýsing um framvindu

Álit endurskoðanda

Aðferðafræði við einkunnagjöf

Áhrif

Vægi áhrifa er fundið með því að meta stærð og umfang þeirra, án aðkomu stýringa. Mikilvægis Einkunn er gefin með því að leggja þessar tvær breytur saman í tilviki raunverulegra jákvæðra áhrifa en í tilviki hugsanlegra jákvæðra áhrifa er að auki margfaldað með líkum á að áhrif raungerist. Fyrir neikvæð raunveruleg áhrif er mikilvægi metið út frá stærð, umfangi og óafturkræfni. Eins og í tilviki jákvæðra áhrifa er síðan margfaldað með líkum á því að atburður raungerist til að fá mikilvægis Einkunn hugsanlegra neikvæðra áhrifa.

Áhætta

Vægi greindrar áhættu er byggt á alvarleika hennar og líkum á að hún raungerist. Hverri áhættu er því gefin mikilvægis Einkunn sem samanstendur af líkum margfölduðum með stærð afleiðinga ef áhættan raungerist.


Tækifæri

Mikilvægis Einkunn tækifæra er reiknuð með sama hætti og fyrir áhættu, þ.e. hvert greint tækifæri fær vægi sem reiknað er sem líkur á að tækifæri nýtist og mögulegri stærð afleiðinga verði það að raunveruleika.

Við mátum breyturnar á eftirfarandi hátt:

- Stærð (e. scale): hversu mikil áhrif verða vegna mikilvægisþáttarins. Skipt í lítil, miðlungs og mikil áhrif.
- Umfang (e. scope): hversu víðtæk eru eða verða áhrifin. Annars vegar takmörkuð og hins vegar víðtæk.
- Óafturkræfni (e. irremediability): erfiðleikar við að snúa við þróun og bæta upp fyrir neikvæðar afleiðingar. Almennt skilgreind sem lítil, miðlungs eða mikil.
- Líkur (e. likelihood): hversu líklegt er að áhætta eða tækifæri raungerist. Litlar, miðlungs eða miklar.
- Alvarleiki/stærð (e. severity): hversu miklar afleiðingar hefur áhætta eða tækifæri í för með sér fyrir fyrirtækið eða hagaðila. Lítil, miðlungs eða stór.

Notast var við skilgreindan kvarða á bilinu 1-5 og þröskuldur dreginn við öll þau atriði sem fengu Einkunnina 3 eða hærrí. Þess má þó geta að allir sjálfbærniþættirnir eru metnir mikilvægir en kröfur CSRD löggjafarinnar ná einkum til þeirra sem mælast yfir mikilvægisþröskuldi til skýrslugjafar.





Okkar sjálfbærni

- Sjálfbærni hjá Arion
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining
- Ábyrg starfsemi
- Stefna og markmið
- Árangurinn okkar
- Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
- Ábyrg innkaup
- Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Sjálfbær fjármál
- Sjálfbær fjármögnun
- Staða úthlutaðra fjármuna
- Konur fjárfestum
- Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
- Ábyrg sjóðastýring
- Ábyrg tryggingastarfsemi
- Umhverfis- og loftslagsmál
- Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
- Helstu þættir umhverfisuppgjör
- Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
- Mannauðsstefnan okkar
- Rétta fólkið
- Ánægja, líðan og samskipti
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Stóðug þróun og fræðsla
- Árangursdrifin menning
- Öflug forysta
- Við og samfélagið
- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
- Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Tvíátta mikilvægisgreining

ESRS 2 IRO-2

				ES	Eigin starfsemi	NS	Niðurstreymi; vörur og þjónusta frá Arion	US	Uppstreymi; vörur og þjónusta til Arion
Áhersluatriði	Efnisþáttur	Áhrif, tækifæri eða áhætta	Virðiskeðja	Lýsing					
E1 Loftslagsbreytingar									
E1-II Mildun loftslagsbreytinga									
Mildun loftslagsbreytinga	Grænar fjármálalausnir	Jákvæð áhrif og áhætta	ES NS	Með fjölbreyttu grænu vöruúrvali getur Arion haft jákvæð áhrif á framgang aðgerða til að milda loftslagsbreytingar. Ef hvati á bak við grænar fjármálaafurðir er ekki nógu mikill eða framboð er takmarkað hefur það fjárhagslega áhættu í för með sér í formi ófullnægjandi samkeppnishæfni.					
	Loftslagsáhætta og loftslagsstefna	Neikvæð áhrif	US NS	Ef ekki er tekið tillit til loftslagsáhættu eða loftslagsstefnu fyrirtækisins er ekki fylgt eftir hefur það neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag.					
	Kolefnisspor af eigin rekstri	Neikvæð áhrif	US ES NS	Ef það er ósamræmi á milli stefnu og aðgerða getur það haft neikvæð áhrif á hagaðila.					
	Endurnýting í tjónavinnslu	Jákvæð áhrif	US NS	Endurnýting í tjónavinnslu minnkar umhverfisáhrif og úrgangsmyndun.					
	Forvarnir í formi áhættumats	Jákvæð áhrif og tækifæri	NS	Mikilvægi forvarna í formi áhættumats.					
G1 Stjórnarhættir									
G1-I Fyrirtækjamenning									
Fyrirtækjamenning	Traust og gagnsæi	Jákvæð áhrif og tækifæri	US ES NS	Gagnsæi og heiðarleiki auka traust til fyrirtækisins og traust er undirstaða góðra viðskiptasambanda.					
	Alhliða áhættustýring	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES	Alhliða áhættustýring stuðlar að traustum rekstri.					
	Lagalegt umhverfi	Neikvæð áhrif og áhætta	US ES NS	Hliðni við lög og reglur er grundvallarforsenda starfsemi fyrirtækisins. Áhætta getur falist í því að ekki sé farið að lögum og reglum og hversu umfangsmikið regluverk gildir um starfsemina. Þetta getur leitt til neikvæðra áhrifa á hagaðila.					
	Orðspor	Jákvæð áhrif og áhætta	US ES NS	Neikvætt orðspor getur falið í sér fjárhagsáhættu en gott orðspor eflir viðskiptatækifæri og traust hagaðila.					
	Aðlaðandi vinnustaður	Jákvæð áhrif	ES	Góðir stjórnarhættir og jákvætt vinnuumhverfi eru mikilvæg til að laða að hæfileikaríkt starfsfólk.					
	Áhættumenning og ákvarðanataka	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES NS	Góð áhættumenning og ákvarðanataka dregur úr líkum á fjárhagslegu tapi fyrirtækisins og viðskiptavina.					
	Skattavenjur	Áhætta	ES	Siðferðilegar skattavenjur eru mikilvægar til að forðast lagalegar refsingar og skaða á orðspori.					
	Hvatar til stjórnenda	Tækifæri	ES	Nauðsynlegt er að viðhalda gagnsæjum skattavenjum til að forðast þá áhættu.					
Samræming hvata til stjórnenda við langtímaþátttöku getur ýtt undir sjálfbæran vöxt fyrirtækis.									
G1-II Vernd uppljóstrara									
Vernd uppljóstrara	Vernd uppljóstrara	Tækifæri	ES	Að tryggja vernd uppljóstrara er mikilvægt til að viðhalda trausti til fyrirtækisins.					
G1-V Samskipti við birgja									
Samskipti við birgja, þar með talið greiðsluhættir	Samstarfsaðilar	Jákvæð áhrif	US	Góð samskipti og góðir stjórnarhættir leiða til betra samstarfs við birgja og aðra samstarfsaðila.					
G1-VI Mútur og spilling									
Mútur og spilling	AML ráðstafanir	Neikvæð áhrif og áhætta	ES NS	Mikilvægt er að tryggja fullnægjandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ófullnægjandi aðgerðir geta haft í för með sér neikvæð áhrif á eigin starfsemi og hagaðila.					



Okkar sjálfbærni

- Sjálfbærni hjá Arion
- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining
- Ábyrg starfsemi
- Stefna og markmið
- Árangurinn okkar
- Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
- Ábyrg innkaup
- Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Sjálfbær fjármál
- Sjálfbær fjármögnun
- Staða úthlutaðra fjármuna
- Konur fjárfestum
- Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
- Ábyrg sjóðastýring
- Ábyrg tryggingastarfsemi
- Umhverfis- og loftslagsmál
- Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
- Helstu þættir umhverfisuppgjörs
- Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
- Mannauðsstefnan okkar
- Rétta fólkið
- Ánægja, líðan og samskipti
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Stöðug þróun og fræðsla
- Árangursdrifin menning
- Öflug forysta
- Við og samfélagið
- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
- Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Tvíátta mikilvægisgreining

ESRS 2 IRO-2

				ES	Eigin starfsemi	NS	Niðurstreymi; vörur og þjónusta frá Arion	US	Uppstreymi; vörur og þjónusta til Arion
Áhersluatriði	Efnispáttur	Áhrif, tækifæri eða áhætta	Virðisboðja	Lýsing					
S1 Mannauður									
S1-I Vinnuaðstæður									
Vinnuumhverfi	Starfsöryggi	Jákvæð áhrif	ES	Að tryggja starfsöryggi eykur stöðugleika á vinnustaðnum og afköst mannauðs.					
	Viðeigandi laun	Jákvæð áhrif	ES	Samngjörð og viðeigandi laun eru grundvöllur starfsánægju og helgunar starfsfólks.					
	Heilsa og öryggi starfsfólks	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES	Að tryggja heilsu og öryggi starfsfólks á vinnustaðnum er lykilatriði trausts reksturs.					
	Hvatakerfi	Áhætta	ES	Ef hvatar til starfsfólks eru takmarkaðir ógnar það samkeppnishæfni fyrirtækisins.					
	Áhersla á arðsemi og sjálfbærni	Áhætta	ES	Að leggja áherslu á arðsemi umfram sjálfbærni í hvatakerfum getur leitt til neikvæðra ákvarðana í þágu sjálfbærni.					
	Jafnvægi milli vinnu og einkalífs	Tækifæri	ES	Að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs starfsfólks eykur velliðan og afköst á vinnustað.					
	Sveigjanlegur vinnutími	Tækifæri	ES	Sveigjanlegur vinnutími laðar að fjölbreytt og hæfileikaríkt starfsfólk.					
S1-II Jöfn tækifæri fyrir öll									
Jöfn tækifæri fyrir öll	Jafnrétti og jöfn laun	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES	Jafnrétti og jöfn laun tryggja fjárhagslegan stöðugleika starfsfólks og ýta undir kynjajafnrétti.					
	Fjölbreytileiki	Jákvæð áhrif	ES	Fjölbreytileiki og inngilding á vinnustað skapa kraftmikinn og frjóan mannauð.					
	Fræðsla og þróun mannauðs	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES	Stöðug fræðsla og þróun mannauðs er mikilvæg til að starfsfólk vaxi í starfi og fyrirtækið dafni.					
	Samsetning og fjölbreytileiki stjórna	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES	Samsetning og fjölbreytileiki stjórna bætir ákvarðanatöku og trúverðugleika.					
S4 Neytendur og endanotendur									
S4-I Upplýsingatengd áhrif									
Upplýsingatengd áhrif á neytendur og endanotendur	Tækniþróun	Neikvæð áhrif	NS	Hröð tækniþróun getur haft í för með sér áhættu í tengslum við hæði við tæknilega innviði.					
	Persónuupplýsingar	Neikvæð áhrif	ES NS	Ný tækni getur leitt til áhættu við vinnslu persónuupplýsinga.					
	Aðgengi að traustum upplýsingum	Jákvæð áhrif og tækifæri	NS	Að tryggja aðgang að traustum upplýsingum eflir fjármálatæsi og fjárhagslegt sjálfstæði viðskiptavina.					
	Friðhelgi einkalífs	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES NS	Að vernda friðhelgi einkalífs viðskiptavina og öryggi upplýsinga um þá er grundvöllur trausts sem og fylgni við lög og reglur.					
	Upplýsingaöryggisbrot	Áhætta	ES NS	Upplýsingaöryggisbrot geta skaðað orðspor fyrirtækisins, traust viðskiptavina og leitt til fjárhagslegra viðurlaga.					
	Netöryggi og netsvindl	Áhætta	ES NS	Netöryggisógnir á borð við netsvindl, netóvæður og lausnargjaldsforrit.					
S4-III Samfélagsleg inngilding									
Samfélagsleg inngilding fyrir neytendur og endanotendur	Aðgengi að vörum og þjónustu	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES NS	Að tryggja aðgengi að vörum og þjónustu er mikilvægt fyrir ánægju viðskiptavina og vöxt fyrirtækis.					
	Engin mismunur neytenda	Jákvæð áhrif og tækifæri	ES NS	Ráðstafanir til að koma í veg fyrir mismunur neytenda eru nauðsynlegar fyrir inngildingu og jafnrétti.					



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Árangurinn okkar
- Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
- Ábyrg innkaup
- Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbær fjármögnun
- Staða úthlutaðra fjármuna
- Konur fjárfestum
- Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
- Ábyrg sjóðastýring
- Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
- Helstu þættir umhverfisuppgjör
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Rétta fólkið
- Ánægja, líðan og samskipti
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Stöðug þróun og fræðsla
- Árangursdrifin menning
- Öflug forysta

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Ábyrg starfsemi

Við hjá Arion leggjum ríka áherslu á að starfsemi okkar taki mið af umhverfis- og félagsþáttum ásamt vönduðum stjórnarháttum. Tilgangur Arion er að virkja kraftinn sem er allt í kringum okkur og saman ætlum við að vera best í að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Hlutverk Arion banka er að hjálpa þeim sem vilja ná árangri með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun. Hlutverk Varðar er að vera til staðar fyrir samfélagið og veita fólki hugarró með nýrri og skapandi hugsun. Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar, sem framkvæmd var í tengslum við innleiðingu á ESRS staðli Evrópusambandsins, sýna að viðskiptasiðferði, fyrirtækjamenning og góðir stjórnarhættir eru lykilatriði fyrir starfsemi Arion. Upplýsingaöryggi, persónuvernd og varnir gegn peningabætti leika þar stórt hlutverk.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið

- Árangurinn okkar
- Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
- Ábyrg innkaup
- Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbær fjármögnun
- Staða úthlutaðra fjármuna
- Konur fjárfestum
- Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
- Ábyrg sjóðastýring
- Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
- Helstu þættir umhverfisuppgjör
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Rétta fólkið
- Ánægja, líðan og samskipti
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Stöðug þróun og fræðsla
- Árangursdrifin menning
- Öflug forysta

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Stefna og markmið

ESRS 2: SBM-1, GDR-P



Hlédís Sigurðardóttir
Forstöðumaður sjálfbærni

Við leggjum áherslu á að sjálfbærni sé hluti af daglegri starfsemi okkar, ákvarðanatöku og ferlum. Sjálfbærnistefna Arion banka er leiðarljós í því en yfirskrift hennar er Saman látum við góða hluti gerast. Það felur í sér að við viljum vera öðrum fyrirmynd um ábyrga, en einnig arðbæra, viðskiptahætti þar sem tekið er tillit til umhverfis og samfélags. Ásamt siðareglum okkar myndar stefnan viðmið fyrir starfsfólk til að taka ábyrgar ákvarðanir. Siðareglurnar má nálgast á vefsíðu bankans.

Stefna Arion banka um sjálfbærni

Við viljum vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi, efnahagslífi og því samfélagi sem við störfum í. Við setjum okkur í spor viðskiptavina og leitumst stöðugt við að gera betur í dag en í gær.

Við störfum á eftirsóknarverðum vinnustað þar sem þekking skapar verðmæti til framtíðar, viðskiptavinum, fjárfestum og samfélaginu öllu til góða.

Vörður er alhliða váttryggingafélag sem vinnur eftir sjálfbærnistefnu og hefur það að markmiði að bjóða viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd á samkeppnishæfu verði. Markmið Varðar er að rekstur félagsins sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi og er ekki eingöngu horft til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, heldur einnig til umhverfisþátta, félagsþátta og stjórnarhátta. Jafnrétti og mannréttindi eru hornsteinn í rekstri félagsins og eitt af lykilmarkmiðum þess er að huga vel að mannauðsmálum. Ábyrgir stjórnarhættir, persónuvernd og öryggi upplýsinga eru forsenda góðs og trausts rekstrar tryggingafélags. Lesa má meira um sjálfbærni hjá Verði á vefsíðu félagsins.

Sjóðastýringarfyrirtækið Stefnir hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar ásamt stefnu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi til skemmri og lengri tíma. Ábyrgir og fjölbreyttir fjárfestingakostir auk ítarlegrar greiningar og upplýsingagjafar eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagsábyrgðar sem Stefnir vill standa fyrir. Með því að huga að sjálfbærni í starfsemi Stefnis og fjárfestingum fyrir hönd viðskiptavina viljum við hámarka langtíma virði með sjálfbærum hætti fyrir alla hagaðila. Nánari upplýsingar um sjálfbærni er að finna á vefsíðu Stefnis



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tviátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið

Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Hjá Arion höfum við valið okkur að vinna eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þeim er ætlað að skapa jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar, þeirrar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Markmiðin eru 17 talsins, voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og gilda fyrir tímabilið 2016-2030.

Arion banki leggur megin áherslu á sex heimsmarkmið, númer 5, 7, 8, 9, 12 og 13. Í þessum sex markmiðum birtist megin inntak sjálfbærnistefnu bankans þar sem áhersla er á að horfa bæði til umhverfis og samfélags á sama tíma og við sköpum verðmæti til framtíðar.

Hjá Verði er lögð áhersla á heimsmarkmið sem tengjast kjarnastarfsemi félagsins, markmið 3, 5, 8 og 12. Með öflugum forvörnum eru viðskiptavinir Varðar og almenningur hvattir til að huga að heilsu sinni og vellíðan. Jafnrétti kynjanna er féluginu hjartans mál sem og sjálfbærni í daglegum rekstri.

Heimsmarkmiðin sem Stefnir hefur valið endurspegla gildi fyrirtækisins og þau jákvæðu áhrif sem félagið getur haft á samfélag, umhverfi og hagkerfi. Þetta eru markmið 5, 8, 10, 12, 13 og 17. Stefnir vill í starfsemi sinni ýta undir fjölbreytileika, jafnrétti og almenn mannréttindi. Lögð er áhersla á nýsköpun og sjálfbærar fjármálavörur sem styðja við stöðugan hagvöxt og sjálfbæra atvinnuuppbýggingu.

1 ENGIN
FÁTÆKT



2 EKKERT
HUNGUR



3 HEILSA OG
VELLIÐAN



4 MENNTUN
FYRIR ÖLL



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



6 HREINT VATN OG
HREINLÆTISABSTADA



7 SJÁLFBÆR
ORKA



8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBÝGGING



10 AUKINN
JÖFNUDUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERDIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



14 LÍF Í
VATNI



15 LÍF Á
LANDI



16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



Okkar sjálfbærni

- Sjálfbærni hjá Arion
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Ábyrg starfsemi
 - Stefna og markmið
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
 - Ábyrg innkaup
 - Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Sjálfbær fjármál
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Staða úthlutaðra fjármuna
 - Konur fjárfestum
 - Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
 - Ábyrg sjóðastýring
 - Ábyrg tryggingastarfsemi
- Umhverfis- og loftslagsmál
 - Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
 - Helstu þættir umhverfisuppgjörs
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Rétta fólkið
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
 - Stöðug þróun og fræðsla
 - Árangursdrifin menning
 - Öflug forysta
- Við og samfélagið
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Yfirlit yfir helstu markmið Arion banka

ESRS 2 GDR-T, ESRS E1-6, ESRS S1-4, ESRS S4-4, ESRS G1-3

Umhverfi	Félagsþættir	Stjórnarhættir
Markmið til ársins 2030: - hlutfall sjálfbærra lánveitinga verði a.m.k. 20% af heildarlánabók bankans; - draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af eigin starfsemi (umfang 1 og 2) um 80% miðað við árið 2015 og kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur; - stuðla að samdrætti í fjármagnaðri losun í þeim atvinnugreinum sem hafa mest áhrif (umfang 3) í samræmi við markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Nýjustu markmið eru birt árlega; - bankinn kaupi áfram einungis inn bíla sem nota 100% endurnýjanlega orkugjafa fyrir daglegan rekstur bankans. Aðrir bílar sem bankinn kaupir fyrir starfsemina nýti að hluta eða að öllu leyti endurnýjanlega orkugjafa. Frá og með árinu 2030 verði einungis keyptir inn bílar sem uppfylla skilyrði um 100% endurnýjanlega orkugjafa; - markmið í tengslum við fjármagnaðan útblástur séu samþykkt af SBTi; - vinna stöðugt að því að hlutfall flokkaðs úrgangs í rekstri bankans sé a.m.k. 90%. Upplýsingar um stöðu umhverfismarkmiða er að finna í köflunum um umhverfis- og loftslagsmál, sjálfbær fjármál og í sjálfbærniuppgjöri Arion.	Markmið til ársins 2027: Vinna eftir aðgerðaáætlun bankans í jafnréttis- og mannréttindamálum sem m.a. felur í sér að: - stuðla að jöfnum kynjahlutföllum í starfseiningum, starfaflokkum og nefndum og jafna möguleika starfsfólks á framþróun í starfi; - miðgildi heildarlauna karla í hlutfalli við heildarlaun kvenna lækki niður fyrir 1,25; - ekki sé til staðar óútskýrður launamunur og að heildarfrávik séu ekki meiri en 1%; - vera fjölskylduvænn vinnustaður og að niðurstöður könnunar um upplifun starfsfólks á jafnvægi milli vinnu og einkalífs séu að lágmarki 4,2; - allt starfsfólk nýti fæðingarorlofsrétt sinn óháð kyni og að jákvæð þróun eigi sér stað á kynjahlutfalli þegar kemur að töku fæðingarorlofs; - menning vinnustaðarins sé með þeim hætti að einelti, kynferðislegt/kynbundið ofbeldi eða áreiti viðgangist ekki; - auka hlutfall kvenna í fjárfestingum; - leggja áherslu á inngildingu í hópi viðskiptavina Arion; - lágmarka líkur á því að Arion eigi í viðskiptum við aðila sem styðja eða valda mannréttindabrotum. Upplýsingar um stöðu markmiða varðandi félagsþætti má finna í kaflanum um mannauð og í sjálfbærniuppgjöri Arion. Upplýsingar um framgang markmiða um að auka hlutfall kvenna í fjárfestingum er að finna í kaflanum um sjálfbær fjármál.	Markmið fyrir árið 2025: - að a.m.k. 90% nýrra birgja, sem eru með samning við bankann, hafi farið í gegnum birgjamat þar sem frammistaða í umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum er metin og að sama hlutfall hafi samþykkt siðareglur bankans fyrir birgja; - að allt starfsfólk ljúki skyldufræðslu, m.a. um siðareglur, upplýsingaöryggi, varnir gegn peningabætti og persónuvernd; - að innri markmiðum bankans um þekkingu á viðskiptavinum (KYC/AML) sé náð. Upplýsingar um stöðu markmiða má finna í umfjöllun hér fyrir neðan, í kaflanum um sjálfbær fjármál og í áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2025.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Árangurinn okkar

ESRS 2 GDR-A

Á árinu 2025 héldum við áfram að vinna með markvissum hætti að sjálfbærni í Arion, þéttum samstarfið innan samstæðunnar enn frekar og unnum að margvíslegum spennandi verkefnum. Konur fjárfestum, átakið sem miðar að því að efla konur á fjármálamörkuðum, hélt áfram með góðum árangri og fékk verðskuldaða athygli. Við unnum markvisst með viðskiptavinum og öðrum hagaðilum að uppfærslu loftslagsmarkmiða bankans og lögðum áframhaldandi áherslu á jafnréttismál og inngildingu í starfsemi okkar og þjónustu. Þá fylgdumst við grannt með þróun sjálfbærniregluverks Evrópusambandsins og tókum fleiri skref í innleiðingu ESRS staðlanna ásamt því að hvetja viðskiptavinum áfram í skýrslugjöf um sjálfbærni og fræddum þá um mismunandi leiðir í þeim efnum.

Við gáfum út skýrsluna „Leiðin að kolefnishlutleysi“ og birtum þar uppfærð loftslagsmarkmið til ársins 2030 fyrir þær atvinnugreinar sem eru með mesta kolefnislosun í lánasafni okkar og nýttum til þess vísindalegar sviðsmyndir. Unnið var að því að fá loftslagsmarkmiðin samþykkt hjá Science Based Targets initiative (SBTi) og til stóð að ljúka þeirri samþykkt fyrir árslok. Þegar langt var liðið á ferlið gaf SBTi út nýjan staðal sem er sérstaklega hugsaður fyrir fjármálafyrirtæki.


Ákveðið var að hverfa frá þeirri vinnu að fara í gegnum samþykktarferlið hjá SBTi samkvæmt eldri staðlinum og vinnur bankinn að því að fá markmiðin samþykkt eftir nýja staðlinum innan tveggja ára en það eru tímamörkin sem SBTi gefur fjármálafyrirtækjum. Nánari umfjöllun um markmiðin er að finna í kaflanum um umhverfis- og loftslagsmál.

Ný vara sem styður við orkuskipti viðskiptavina okkar var kynnt á árinu, bíla- og tækjalán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Var þessi vara þróuð í tengslum við samstarf Arion banka og Evrópska fjárfestingarsjóðsins með það að markmiði að auðvelda fyrirtækjunum að fjárfesta í rafbílum, vistvænum tækjum og búnaði. Lánveitingarnar eru háðar ákveðnum skilyrðum og eru á betri kjörum en hefðbundin bíla- og tækjalán.

Mannauðsstefna Arion var uppfærð á árinu og byggir hún áfram á sex megináherslum sem snúa að mannauði samstæðunnar. Unnið var markvisst að framgangi aðgerða í jafnréttis- og mannréttindaáætlun samstæðunnar og meðal verkefna á því sviði var opnun dagvistunarúrræðis á vormánuðum fyrir börn starfsfólks sem þarf að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Nánari umfjöllun um dagvistunina og önnur mannauðsmál er að finna í kaflanum um mannauð.

Undir lok síðasta árs hóf Vörður markvissa vegferð í fræðslu fyrir konur. Síðan þá hafa forsvarskonur félagsins haldið erindi fyrir fleiri en 2.000 konur um mikilvægi trygginga, einkum í gegnum átakið Konur fjárfestum. Viðfangsefni Varðar á viðburðunum hafa verið tryggingar sem snúa að heilsu, fasteignum og fyrirtækjarekstri kvenna. Tryggingaerindin hafa fengið jákvæð viðbrögð og styðja vel við þá mikilvægu fjármálafræðslu sem Konur fjárfestum veitir. Nokkrar mikilvægar skilmálabreytingar trygginga voru gerðar á árinu með það að markmiði að auka vernd tryggingataka. Nánar má lesa um þær breytingar sem gerðar voru í kaflanum Ábyrg tryggingastarfsemi.

Á árinu bættist sjötti sjóðurinn í hóp sjóða í stýringu Stefnis sem falla undir 8. grein SFDR (reglugerð ESB um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu). Slíkir sjóðir skuldbinda sig til að upplýsa hvernig UFS-þættir eru innleiddir í fjárfestingarferli. Stefni fylgir auk þess reglum um meðferð umboðsatkvæða og beitir hluthafaréttindum í samræmi við mat á hagsmunum sjóða, m.a. við atkvæðagreiðslu á hluthafafundum. Félagið tók þátt í fjölda aðal- og hluthafafunda ásamt fundum með tilnefninga-nefndum á árinu í samræmi við stefnu um beitingu umboðsatkvæða. Þá hefur Stefni einnig komið að verkefninu Konur fjárfestum.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Sjálfbærnimat frá ytri aðilum

Við fengum framúrskarandi einkunn fyrir frammistöðu okkar í sjálfbærni frá matsaðilum á árinu. Við erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð í tengslum við umhverfi og samfélag og höldum ótrauð áfram á sömu vegferð.



Arion banki viðheldur framúrskarandi einkunn í sjálfbærnimati Reitunar

Í nóvember 2025 gaf Reitun út nýtt sjálfbærnimat fyrir Arion banka. Matið byggir á frammistöðu á sviði umhverfis- og félagsþátta auk stjórnarhátta. Bankinn fékk 90 stig af 100 mögulegum, sem eru flest stig sem gefin hafa verið, og er í flokki A3 sjötta árið í röð. Með óbreyttri einkunn hélt bankinn því í við auknar kröfur sem gerðar eru milli ára. Meðaltalseinkunn allra fyrirtækja sem Reitun metur er 73 stig en um 45 fyrirtæki hafa verið metin. Arion banki er í flokki sex fyrirtækja sem hljóta einkunnina A3 en ekkert fyrirtæki hefur hlotið hærri einkunn en það.

Samkvæmt niðurstöðum Reitunar stendur bankinn sig vel í sjálfbærni og tekið er fram að sjálfbærnimál séu með formlegum hætti hluti af stjórnskipulagi bankans auk þess sem bankinn vinni meðal annars eftir viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB). Þá kemur fram að bankinn hafi birt útreikning á fjármagnaðri kolefnislosun samkvæmt aðferða-fræði PCAF og sett sér markmið um samdrátt í níu atvinnugreinum. Auk þess kemur fram að bankinn hafi aukið vægi sjálfbærniþátta í lánveitingum og innleitt formlegt UFS-mat sem hluta af lánaferli bankans sem öll lán yfir ákveðinni upphæð fara í gegnum.

Arion banki metinn í 3% á heimsvísu á sviði sjálfbærni hjá Morningstar Sustainability

Alþjóðlega matsfyrirtækið Morningstar Sustainability sérhæfir sig í mati á UFS-áhættu fyrirtækja. Fyrirtækið metur frammistöðu Arion banka árlega og var niðurstaðan fyrir árið 2025 jákvæð líkt og árin á undan. Að þeirra mati er Arion banki í hópi þeirra banka á heimsvísu sem standa sig best í sjálfbærnimálum.

Gefin eru stig frá 0-100 þar sem færri stig þýða minni áhætta. Arion banki skorar 11,7 stig og er því metið að lítil áhætta sé á verulegu fjárhagslegu tjóni vegna UFS-þátta hjá bankanum. Í byrjun janúar 2026 er frammistaða Arion banka metin í efstu 6% þegar horft er til rúmlega 1.000 banka sem metnir hafa verið af Morningstar Sustainability á heimsvísu og í efstu 3% af um 600 svæðisbundnum bönkum.



Arion banki hlaut einkunnina AA hjá MSCI

Matsfyrirtækið MSCI gaf út uppfært sjálfbærnimat í október 2025 þar sem Arion banki hlaut einkunnina AA og flokkast því sem leiðtogi. MSCI gefur einkunnir á skalanum CCC til AAA og er bankinn því í efri mörkum. Fjárfestar nota gjarnan sjálfbærnimat MSCI til þess að greina áhættu í eignasöfnum og byggja upp sjálfbær eignasöfn.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjors
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Skuldbindingar, vottanir og þátttaka á sviði sjálfbærni





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring

ESRS 2 GOV-1

Hjá Arion banka eru sjálfbærnimál skilgreind í stjórnskipulagi bankans. Stjórnskipulagið nær til samstæðunnar í heild þar sem lögð er áhersla á að fylgja stefnum og skuldbindingum, stýra áhættu og fjármunum auk þess að miðla þekkingu og reynslu þvert á samstæðuna.

Sjálfbærninefnd

Í Arion banka er starfandi sjálfbærninefnd og er stýring á áhættu í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti skilgreind sem hluti af áhættustýringarkerfi bankans. Bankastjóri er formaður nefndarinnar sem hefur það meginhlutverk að fylgjast með frammistöðu bankans í tengslum við stefnu og skuldbindingar á sviði sjálfbærni og tryggja að tillit sé tekið til UFS-þátta í ákvarðanatöku og áætlunum. Sjálfbær fjármögnunarnefnd og jafnréttisnefnd heyra undir nefndina. Í sjálfbærninefnd sitja, auk bankastjóra, framkvæmdastjórar viðskiptabankasviðs, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs, markaða, fjármálasviðs og reksturs og menningar. Framkvæmdastjóri áhættustýringar og forstöðumenn samskiptasviðs og sjálfbærni sitja fundi án atkvæðisréttar. Þá sitja fulltrúar dótturfyrirtækjanna Stefnis og Varðar fundi eftir þörfum.

Sjálfbærniteymi

Sjálfbærniteymi Arion banka er eining sem heyrir undir bankastjóra. Teymið vinnur m.a. að því að uppfylla skuldbindingar bankans á sviði sjálfbærni ásamt því að uppfylla lagalegar skyldur. Þá vinnur teymið að viðtækri skýrslugerð, vinnur að stefnumótun og markmiðasetningu á sviði sjálfbærni ásamt því að styðja önnur svið í tengslum við málaflokkinn og að vera í samskiptum við fjölbreyttan hóp hagaðila. Samstarffsamningur er á milli Varðar og teymisins um ráðgjöf á sviði sjálfbærni.

Rekstrar- og sjálfbærniáhættu


Innan áhættustýringar er eining sem hefur það hlutverk að meta rekstrar- og sjálfbærniáhættu til skemmri og lengri tíma. Mat á sjálfbærniáhættu tekur til umhverfis- og félagsþátta og stjórnarháttar. Með því að samþætta sjálfbærniþætti í áhættustjórnunarramma leitast bankinn við að tryggja að rekstur hans, og sú þjónusta sem hann veitir, hafi ekki óásættanleg áhrif á fólk eða umhverfi.

Jafnréttis- og mannréttindanefnd

Jafnréttis- og mannréttindanefndin samanstendur af fulltrúum frá Arion banka, Verði og Stefni. Nefndin hefur sett fram ítarlega framkvæmdaáætlun til þriggja ára sem gildir fyrir alla samstæðuna. Aukin áhersla er á inngildingu og vernd mannréttinda í nýjustu áætluninni. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir áætlunum og stuðla að fræðslu og aðgerðum. Bankastjóri er formaður nefndarinnar.

Sjálfbær fjármögnunarnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að móta sjálfbæra fjármálaumgjörð og hafa umsjón með þróun og uppfærslu umgjörðarinnar. Nefndin yfirfer og samþykkir grænar og félagslegar lánveitingar til að tryggja að allar eignir uppfylli þær kröfur sem skilgreindar eru í umgjörðinni auk þess að gegna hlutverki við gerð árlegrar áhrifa- og úthlutunarskýrslu bankans. Nefndin heyrir undir sjálfbærninefnd og í henni sitja fulltrúar frá fjárstýringu og fjárfestatengslum, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviði, áhættustýringu og viðskiptabankasviði auk forstöðumanns sjálfbærni. Formennska nefndarinnar er á höndum fjármálasviðs.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Sjálfbærnihópur Arion

Á árinu voru tveir starfandi vinnuhópar, annars vegar hópur sem vann að því að greina sjálfbærniáhættu og hins vegar hópur sem hafði það hlutverk að fylgja eftir sjálfbærniregluverki Evrópusambandsins, sameinaðir í sjálfbærnihóp Arion. Hópurinn samanstendur af fulltrúum nokkurra sviða innan bankans ásamt fulltrúum frá Verði og Stefni. Markmið sjálfbærnihópsins er að miðla þekkingu og reynslu innan samstæðunnar sem og að fylgjast með lagalegum kröfum og breytingum ásamt því að vinna að sameiginlegum verkefnum.

Dótturfélög

Innan Varðar starfar sjálfbærnihópur sem fjallar um sjálfbærni í starfseminni og áhættu félagsins á því sviði. Sjálfbærnihópurinn er skipaður af rekstrarstjóra úr hópi starfsfólks og starfar samkvæmt starfsreglum. Hlutverk hans er að yta undir sjálfbærni í allri starfsemi Varðar og að setja og fylgja eftir markmiðum félagsins.

Innan Stefnis starfar UFS-ráð. Framkvæmdastjóri skipar UFS-ráð úr hópi starfsfólks sem kemur að fjárfestingaferli sjóða. UFS-ráðið vinnur samkvæmt starfsreglum, veitir stuðning við samval fjárfestinga og tryggir að unnið sé samkvæmt þeim viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar sem sett hafa verið í starfsemi Stefnis. UFS-ráðið ákveður þær siðferðislegu takmarkanir fjárfestinga sem ber að fylgja við fjárfestingarákvarðanir sjóða.

Áhættustýring

ESRS 2: GOV-2, GOV-4

Í áhættustefnu bankans um sjálfbærniáhættu kemur meðal annars fram að Arion banki leitist við að tryggja að starfsemi hans og þjónusta hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á fólk eða umhverfi og að bankinn styðji aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum um að standast skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Stjórn fær reglulega áhættuskýrslu og eru lykilmælikvarðar í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnhætti hluti af henni. Áhættustefna bankans, þar sem áhættuvilji bankans er skilgreindur, er samþykkt af stjórn og er yfirfarin árlega.

Í lok árs 2024 lauk vinnu við greiningu sjálfbærniáhættu fyrir helstu atvinnugreinar lánabókar og eigin fjárfestinga og var greiningin tekin inn í lánshæfismat með formlegum hætti um mitt ár 2025. Í árlegu áhættumati bankans er áhætta tengd sjálfbærniþáttum einnig metin. Eðlislæg áhætta í tengslum við mannauðsmál og félagsþætti er almennt metin lág. Helsta áhættan sneri að hæfni og þróun starfsfólks ásamt jafnrétti og fjölbreytileika. Í tengslum við umhverfismál voru hætta á grænþvotti og umhverfis- og loftslagsáhrif á lánveitingar og fjárfestingar metin sem helstu áhættur.

Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að helstu áhættur bankans í tengslum við stjórnarhætti snúa að vörnum gegn peningaþvætti, brotum í tengslum við þekkingu á viðskiptavinum (KYC) og málefnum persónuverndar. Stýringar á fyrrgreindum áhættum innan bankans voru heilt yfir metnar fullnægjandi eða sterkar.

Í stefnu Varðar um áhættustýringu er markmiðum og aðferðum félagsins við greiningu, mat og stýringu áhættuþátta lýst, þ.m.t. sjálfbærni-áhættu. Félagið vinnur með váttryggingatökum og birgjum og leggur sitt af mörkum til þess að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag. Félagið dregur úr sjálfbærniáhættu með því að stunda ábyrgar fjárfestingar sem taka mið af umhverfisþáttum, félagsþáttum og stjórnarháttum í samræmi við fjárfestingastefnu.

Í áhættustefnu og samkvæmt áhættuvilja Stefnis er markmiðum og aðferðum félagsins við greiningu, mat og stýringu áhættuþátta lýst, þ.m.t. sjálfbærniáhættu. Markmið Stefnis er að vera leiðandi innan síns geira þegar kemur að sjálfbærni með því að stunda ábyrgar fjárfestingar sem taka mið af umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum í samræmi við fjárfestingastefnu. Við mörkun starfskjarastefnu er þess gætt að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku ásamt því að markmiðum kaupaukakerfis er ætlað að hvetja starfsfólk til þess að skapa sjálfbæran langtímaárangur og milda áhættu tengda sjálfbærni.

Kaupaukakerfi er til staðar fyrir fastráðið starfsfólk bankans. Dótturfélög bankans hafa einnig sín eigin kaupaukakerfi. Kaupaukakerfi Arion banka byggir á skýrum markmiðum og eru háð ströngum skilyrðum í samræmi við gildandi lög og reglur. Á árinu 2025 voru, líkt og síðustu ár, bæði fjárhagslegir og ófjárhagslegir mælikvarðar hluti af kerfinu en þeir ófjárhagslegu tengjast meðal annars árangri varðandi heildar-ánægju viðskiptavina, fræðslu- og jafnréttismálum og þekkingu á viðskiptavinum (KYC).

Hjá Verði eru ófjárhagslegir mælikvarðar tengdir jafnréttismálum og fræðslu hluti af mælikvörðum kaupaukakerfis auk fjárhagslegra mælikvarða. Einnig er horft til ófjárhagslegra mælikvarða í kaupaukakerfi Stefnis.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. SFDR kemur fram í starfskjarastefnu með hvaða hætti stefnan samræmist innfellingu sjálfbærniáhættu í starfsemi bankans. Í stefnunni er útskýrt með hvaða hætti starfskjarastefna, m.a. í gegnum kaupaukakerfi bankans, veitir starfsfólki aðhald við innfellingu sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvarðanaferli og fjárfestingarráðgjöf. Hið sama á við um starfskjarastefnu Stefnis.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttatíu mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfispættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Ábyrg innkaup

ESRS G1-6


Arion banki og dótturfélög leita í nærumhverfi sitt eftir þjónustu eins og frekast er unnt, að því gefnu að birgjar standist kröfur um gæði og hagkvæmni.

37 af 50 stærstu birgjum Arion banka starfa á Íslandi. Þrátt fyrir að aðfangakeðja Arion teygi sig út fyrir landsteinana er fyrsti hlekkur hennar oftast á heimamarkaði. Þannig eru þrír erlendir birgjar á meðal tíu stærstu birgja Arion banka. Stærstur hluti erlendra birgja samstæðunnar tengist innkaupum á hugbúnaði, ráðgjöf og þjónustu tengdri upplýsingatækni. Vélbúnaður er því sem næst allur keyptur með milligöngu innlendra aðila.

Við leggjum áherslu á að tryggja jafnræði og heiðarleika í samskiptum við birgja. Þegar um er að ræða umfangsmikil viðskipti er kallað eftir upplýsingum frá hugsanlegum birgjum áður en endanlegur birgir er valinn. Þannig er gætt að því að allir birgjar sem til greina koma fái sams konar tækifæri og sitji við sama borð. Ef í ljós kemur að birgjar geta boðið upp á mjög sambærilega valkosti er horft til þess hvernig þeir gæta að félags- og umhverfispáttum. Þetta er meðal annars metið út frá svörum í birgjamati sem og öðrum samskiptum.

Arion tekur ekki afstöðu til stærðar birgja þegar kemur að uppgjöri og greiðslum. Við kappkostum ávallt að greiða öllum birgjum, óháð stærð þeirra, innan tilskilins tímaramma.

Innkaup hjá Arion banka skiptast með eftirfarandi hætti á milli 50 stærstu birgja



Það er markmið Arion banka að a.m.k. 90% nýrra birgja sem eru með samning við bankann skuli fara í gegnum birgjamat þar sem frammistaða í umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum er metin og að sama hlutfall hafi samþykkt siðareglur bankans fyrir birgja. Í birgjamati, sem fyllt er út rafrænt, er lögð áhersla á frammistöðu birgja varðandi umhverfis- og loftslagsmál en einnig jafnréttismál, mannréttindi, vinnurétt og heilsu- og öryggismál. Á árinu fóru 93% nýrra birgja Arion banka, sem falla undir þá skilgreiningu og eru með samning við bankann, í gegnum matið.

Siðareglur birgja, sem snúa að sjálfbærni og samfélagsábyrgð, eru aðgengilegar á vefsíðu bankans. Siðareglurnar koma fram í rafrænum spurningalistum eða birgjamati sem birgjar svara í upphafi samningssambands. 95% nýrra birgja, sem luku birgjamati á árinu, samþykktu siðareglurnar.

Í ársbyrjun 2026 tók gildi ný reglugerð frá Evrópusambandinu sem hefur það að markmiði að styrkja stafrænan viðnámsþrótt fjármála-geirans (Digital Operational Resilience Act, DORA).

Reglugerðin setur skýrar og samræmdar kröfur um öryggi, áhættustýringu, viðbragðsáætlanir, prófanir og eftirlit tengt upplýsingatækni hjá fjármálafyrirtækjum og þjónustuveitum þeirra. Innan Arion hefur mikið verið lagt upp úr innleiðingu reglugerðarinnar og ýmsar breytingar er varða birgja hafa verið innleiddar. Í þessu samhengi hafa verið kynntar nýjar reglur um þriðju aðila þar sem fram kemur að þeir eru nú flokkaðir í fimm flokka eftir mikilvægi. Eftirlit með birgjum verður umfangsmeira eftir því sem birgirinn telst vera mikilvægari fyrir rekstur Arion og þjónustu við viðskiptavini. Í eftirlitinu er fylgst með hvort birgjar uppfylli þær kröfur sem kveðið er á um í samningum og einnig eru auknar prófanir í kringum kerfislegar uppfærslur.

Verktakar

Verktakar eru flokkaðir í þrjá flokka eftir tegundum aðgangsheimilda og umfangi. Verktakar eru aðilar sem vinna tiltekin verkefni fyrir bankann, til styttri eða lengri tíma, en eru ekki fastráðið starfsfólk Arion. Dæmi um verktaka eru aðilar sem sinna fasteignaþjónustu og rekstri á eignum, viðhaldi, ræstingu, endurskoðun og ráðgjöf. Flestir verktakar Arion eru forritarar, eftirlitsaðilar sem sinna meðal annars öryggiseftirliti og aðrir sérfræðingar.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttu mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Viðskiptasiðferði

ESRS G1-1, ESRS 2 GDR-P

Arion banki leggur ríka áherslu á siðferðisleg gildi og við erum meðvituð um að starfsemi okkar hefur áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni. Bankinn býr yfir öflugri umgjörð sem er ætlað að stuðla að ábyrgri hegðun og ákvörðunartöku í starfseminni sem og sanngjarnri meðferð og sjálfbærri verðmætasköpun fyrir alla hagaðila. Siðareglur bankans, sem gilda jafnt um stjórn bankans, stjórnendur og allt starfsfólk, eru undirstaða framangreindrar umgjörðar. Framangreint styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 16, sem hefur það meðal annars að markmiði að draga úr ólöglegu flæði fjármagns, mútum og spillingu.

Stefna bankans um háttsemi og hlítingu (e. Conduct and Compliance Policy) undirstrikar skuldbindingu bankans um að starfa ætíð í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stefnan setur fram meginreglur um mat á áhættu, stýringar og fyrirbyggjandi aðgerðir sem varða háttsemi- og hlítingaráhættu.

Hún kveður skýrt á um ekkert umburðarlyndi gagnvart háttsemi sem skaðar viðskiptavini, heilindi fjármálamarkaða eða orðspor bankans. Starfsfólki ber að fylgja öllum lögum og reglum sem um starfsemiina gilda, sem og þeim innri stefnum og reglum sem bankinn hefur sett sér. Starfsfólk og ytri aðilar eru jafnframt hvött til að tilkynna ef þau verða vör við, hafa vitneskju um eða grun um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi.

Stjórnarhættir

Í eigendastefnu bankans fyrir dótturfélög (e. Ownership Policy for Subsidiaries) er lagt fyrir dótturfélög að innleiða tilteknar stefnur og reglur í samræmi við viðmið bankans, þar á meðal siðareglur og stefnur sem snúa að háttsemi og hlítingu, t.a.m. stefnur um tilkynningar um misferli, aðgerðir gegn mútum og spillingu, aðgerðir gegn fjármunaglæpum ásamt öðru er viðkemur umgjörð vegna stjórnarháttta og áhættustýringar. Þessum kröfum er ætlað að tryggja samræmi innan samstæðunnar, meðal annars hvað varðar stjórnarhætti, áhættuvilja og sjálfbærnimarkmið.

Ábyrgð á málefnum er varða viðskiptasiðferði, háttsemi og hlítingu er samofin stjórnarháttum bankans. Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á að tryggja að áhættu, sem tengist áðurnefndum atriðum, sé stýrt. Stjórn samþykkir siðareglur bankans og stefnur, meðal annars um háttsemi og hlítingu, tilkynningar um misferli, aðgerðir gegn mútum og spillingu og áhættuvilja bankans. Stefnur eru endurskoðaðar og samþykktar að lágmarki árlega.

Bankastjóri, með stuðningi framkvæmdastjórnar, ber ábyrgð á að koma á fót og viðhalda umgjörð sem stuðlar að sterkri fyrirtækjamenningu og fylgni við innra og ytra regluverk. Áhættustýring og regluvarsla bankans hafa eftirlit með virkni stýringa tengdum háttsemi og hlítingu, gætir að samhæfðu verklagi og veitir starfsfólki ráðgjöf og viðeigandi fræðslu.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða útlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Vernd uppljóstrara

ESRS S4-2, ESRS G1-1, ESRS 2 GDR-P

Arion banki leggur áherslu á að koma í veg fyrir ólögmdæta, ósiðlega og ámælisverða háttsemi ásamt því að stuðla að fyrirtækjamenningu sem samanstendur af gagnsæi og heilindum. Í stefnu bankans um tilkynningar um misferli (e. Policy on Internal Alerts) er sett fram umgjörð er varðar tilkynningar um misferli og vernd uppljóstrara, og er ætlað að tryggja að til staðar séu boðleiðir sem geri starfsfólki kleift að koma upplýsingum um möguleg lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi á framfæri, að fræðslu um framangreindar boðleiðir sé komið á framfæri við starfsfólk, að til staðar sé ferli er varðar meðferð og viðbrögð við tilkynningum og að til staðar sé vernd gegn hefndaraðgerðum.

Bankinn starfrækir sérstaka tilkynningagátt (e. Whistleblower Software), sem er aðgengileg starfsfólki samstæðunnar á íslensku og ensku, þar sem starfsfólki gefst kostur á að koma tilkynningum á framfæri nafnlaust. Verklagsreglur sem varða tilkynningar um misferli og vernd uppljóstrara eru aðgengilegar á innra neti bankans og er gáttin auglýst á sama svæði. Í verkferlinum, ásamt þeirri fræðslu sem starfsfólki er skylt að ljúka, eru upplýsingar veittar um að tilkynningum megi einnig koma áleiðis beint til regluvarðar, innri endurskoðanda eða Fjármálaeftirlitsins.

Í samræmi við lög um vernd uppljóstrara leggur Arion áherslu á að vernda starfsfólk sem tilkynnir grun um misferli fyrir hvers kyns neikvæðum afleiðingum, t.d. hefndaraðgerðum, mismunum eða annarri ósanngjarnri meðferð.

Einnig er leitast við að vernda þann sem tilkynnt er um gegn neikvæðum afleiðingum ef rannsókn leiðir í ljós að ekki séu forsendur til að grípa til aðgerða gegn viðkomandi. Ef gripið er til aðgerða er leitast við ganga ekki lengra en þörf er á, ásamt því að lágmarka ófyrirséðar neikvæðar afleiðingar. Farið er með allar tilkynningar sem trúnaðarmál, og öllum málum sinnt án tafar og til samræmis við innri ferla þar um.

Það er á ábyrgð alls starfsfólks að tilkynna það án tafar ef grunur vaknar um mögulega ólögmdæta eða ámælisverða háttsemi. Hluthafar, viðskiptavinir og aðrir hagaðilar eru einnig hvattir til að koma ábendingum á framfæri.

Regluvörður bankans ber ábyrgð á að innleiða og viðhalda viðeigandi umgjörð er varðar vernd uppljóstrara. Innri endurskoðun ber meginábyrgð á móttöku, rannsókn og afgreiðslu tilkynninga. Innri endurskoðun getur vísað tilkynningum til formanns endurskoðunarnefndar stjórnar, sem gegnir hlutverki óháðs talsmanns uppljóstrara (e. Whistleblowing Champion). Í hlutverkinu felst að tryggja og hafa eftirlit með heilindum, sjálfstæði og virkni stefnu og verklagsreglna er varða uppljóstrun, þar með talið ferlum sem ætlað er að vernda uppljóstrara gegn hefndaraðgerðum eða annarri mismunum.

Á árinu 2025 voru tvö tilvik tilkynnt í gegnum tilkynningagátt, annað sneri að viðskiptum og hitt að aðgangsstýringu. Öðru málinu lauk með útgáfu minnisblaðs og hitt er í ferli. Hvorugt málanna er þess eðlis að vera tilkynningaskýlt til eftirlitsaðila.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda



Aðgerðir gegn mútum og spillingu ESRS G1-1, ESRS 2 GDR-P

Ekkert umburðarlyndi er gagnvart mútum og spillingu í starfsemi Arion banka, líkt og tiltekið er í stefnu bankans um varnir gegn mútum og spillingu (e. Anti-Bribery and Corruption Policy). Stefan er endurskoðuð og samþykkt af stjórn að lágmarki árlega, er í samræmi við alþjóðlega staðla og gildir fyrir allt starfsfólk.

Stýringar bankans er varða áhættu vegna mútugreiðslna og spillingu fela í sér stefnu, reglur, ferla og fræðslu er varðar lykiláhættur, svo sem varðandi hlunnindi, skemmtanir, samband við þriðju aðila og birgja, framlög til góðgerðamála og stjórnmalastarfs, auk ferla í tengslum við ráðningar og stjórnarhætti. Bankinn hefur sett sér eftirfarandi meginreglur er varða aðgerðir gegn mútum og spillingu:

- **Ekkert umburðarlyndi:** Bankinn hefur ekkert umburðarlyndi gagnvart mútum og spillingu.
- **Reglufylgni:** Bankinn starfar í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti.
- **Fyrirbyggjandi aðgerðir:** Bankinn grípur til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir mútur og spillingu.
- **Áreiðanleikakannanir:** Bankinn framkvæmir áreiðanleikakönnun á þriðju aðilum til að tryggja að starfsemi þeirra samræmist viðmiðum bankans er varða aðgerðir gegn mútum og spillingu.
- **Tilkynningar:** Bankinn hvetur starfsfólk og þriðju aðila til að tilkynna grun eða tilvik um mútur eða spillingu.

Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ESRS G1-1, ESRS 2 GDR-P

Það er stefna Arion banka að vinna markvisst að því að koma í veg fyrir fjármunabrot og að þjónusta og starfsemi bankans sé misnotuð í slíkum tilgangi. Bankinn fylgir bæði innlendum og alþjóðlega viðurkenndum stöðlum á þessu sviði, þar á meðal stöðlum sem tengjast alþjóðlegum þvingunaraðgerðum. Arion banki hefur sett sér stefnu um baráttu gegn fjármunabrotum, sem er yfirfarin og samþykkt af stjórn að lágmarki árlega. Á grundvelli stefnunnar hefur bankastjóri samþykkt sértækar reglur auk þess sem viðskiptaeyningar hafa mótað ítarlegar verklagsreglur.

Þá er Wolfsberg-spurningalisti birtur á vef bankans fyrir ytri hagaðila.

Umgjörð bankans er varðar aðgerðir gegn fjármunabrotum er samþætt daglegri starfsemi bankans, sem önnur og þriðja lína hafa

eftirlit með. Bankinn hefur tilnefnt sérstakan ábyrgðaraðila aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka úr hópi stjórnenda. Einnig hefur verið tilnefndur regluvörður aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem tilheyrir annarri línu. Nánari upplýsingar um þriggja línu líkanið er að finna í áhættuskýrslu bankans.

Umgjörðin samanstendur meðal annars af áhættumati á starfsemi bankans vegna hættu á fjármunabrotum; áhættumati á samnings-samböndum og einstökum viðskiptum, verklagsreglum er varða áreiðanleikakannanir, þar með talið vegna aukinna áreiðanleikakannana, viðvarandi eftirlit og skimun viðskiptavina og færslna og tilkynninga um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Þá ber starfsfólk að tilkynna um óvenjuleg eða grunsamleg viðskipti eða athæfi. Til staðar eru boðleiðir innan bankans til að koma slíkum tilkynningum á framfæri, þar með talið nafnlaust.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Persónuvernd

ESRS S4-1, ESRS 2 GDR-P

Okkur er umhugað um persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina okkar. Samkvæmt persónuverndaryfirlýsingu Arion banka leggjum við sérstaka áherslu á að persónuupplýsingar séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.

Í persónuverndaryfirlýsingunni kemur fram hvaða persónuupplýsingum bankinn safnar, hvenær og hvers vegna, hvernig þær eru unnar og þeim miðlað, og hvernig öryggi þeirra er tryggt. Hún fjallar einnig um réttindi einstaklinga, þar á meðal tengiliða lögaðila, umsækjenda og annarra sem eiga í samskiptum við bankann, og veitir leiðbeiningar um kvartanir til Persónuverndar. Yfirlýsingin gildir um vinnslu sem Arion banki framkvæmir sem ábyrgðaraðili, vinnsluaðili eða sameiginlegur ábyrgðaraðili. Vörður og Stefniur hafa sent frá sér sambærilegar persónu-verndaryfirlýsingar.

Persónuverndaryfirlýsingar hjá samstæðunni eru uppfærðar þegar þurfa þykir en að lágmarki árlega. Þær má finna á vefsíðum fyrirtækjanna.

Samstæðan fylgir skýrum innri reglum og ferlum sem er ætlað að tryggja hlítinu við persónuverndarlöggjöfina. Öll vinnsla persónuupplýsinga er skráð í vinnsluskrá samstæðunnar og metin með tilliti til áhættu, hagsmuna og öryggis. Framkvæmt er mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) ef vinnsla telst áhættusöm. Ef vinnsla byggir á lögmætum hagsmunum er framkvæmt hagsmunamat. Þá er farið yfir vinnsluskrá, MÁP og hagsmunamöt árlega. Hjá bankanum gilda reglur um varðveislu og eyðingu persónuupplýsinga til að tryggja að gögn séu ekki varðveitt lengur en þörf er á. Teymi persónuverndarfulltrúa fylgir skýru ferli varðandi meðferð persónuverndarfrávika. Metið er hvort um öryggisbrest sé að ræða og hvort atvikið sé tilkynningarskylt til Persónuverndar eða eftir atvikum til skráðra einstaklinga.

Bankinn hefur sett sér reglur um meðferð upplýsinga um viðskiptavini og rafræna vöktun. Reglur um rafræna vöktun kveða á um heimildir til hljóðritunar samtala og notkun eftirlitsmyndavéla. Þær tryggja að gögn sem verða

til við rafræna vöktun séu aðeins notuð í öryggisskyni og að aðgangur að þeim sé takmarkaður við aðila sem hafa til þess heimild og allar aðgerðir rekjanlegar. Markmiðið er að vernda réttindi einstaklinga, tryggja örugga og ábyrga vinnslu persónuupplýsinga og sýna fram á ábyrgðarskyldu bankans. Bankinn leggur áherslu á gagnsæi og hvetur einstaklinga til að hafa samband við persónuverndarfulltrúa vegna spurninga eða ábendinga, auk þess sem ferli eru til staðar fyrir tilkynningar til Persónuverndar þegar það á við.

Hjá Arion er teymi persónuverndarfulltrúa og persónuverndarráð. Í ráðinu sitja auk persónuverndarfulltrúa öryggisstjóri og ýmsir hagaðilar innan samstæðunnar. Meðal verkefna ráðsins er að fjalla um málefni er lúta að persónuvernd og stuðla að vitund um mikilvægi hennar hjá samstæðunni. Til viðbótar framkvæmir teymi persónuverndarfulltrúa reglulega innri úttektir á því hvort sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer hjá Arion sé í samræmi við persónuverndarlöggjöfina.

Persónuverndarfulltrúi skilar árlega skýrslum til stjórnar og ársfjórðungslega til áhættunefndar stjórnar. Í skýrslunum er fjallað um stöðu og framkvæmd verkefna er lúta að persónuvernd, öryggisbresti, innri úttektir og samskipti við Persónuvernd ef við á, auk skilvirkni þeirra ráðstafana sem Arion hefur innleitt til að tryggja hlítinu við persónuverndarlöggjöfina og helstu áhættuþætti sem kunna að koma upp.

Þá fær rekstraráhættunefnd Arion banka mánaðarlega tölfraði um öll tilkynnt persónuverndarfrávik frá áhættustýringu bankans. Engin kvörtun barst um vinnslu persónuupplýsinga eða brot á friðhelgi viðskiptavina á árinu 2025 og eins komu ekki upp neinir öryggisbrestir þar sem persónuupplýsingar glötuðust eða tap varð á gögnum.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttu mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda



Upplýsingaöryggi

ESRS S4-1, ESRS 2 GDR-P

Hjá Arion er lögð rík áhersla á að vernda gögn viðskiptavina og tryggja rekstrarþol. Er það meðal annars gert með öflugu stjórnkerfi upplýsingaöryggis (ISMS). Kerfið er vottað samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum. Nálgun okkar er í samræmi við reglur Evrópusambandsins, þar á meðal DORA, persónuverndarlög og leiðbeiningar frá Evrópska bankaeftirlitinu (EBA) og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA).

Hornsteinninn í stjórnkerfi öryggis hjá bankanum er stefna um upplýsingaöryggi. Aðrar helstu stefnur, sem snúa að upplýsingaöryggi, eru stefna um tilkynningar um misferli (e. Policy on Internal Alerts), leiðbeiningar um ásættanlega notkun (e. Acceptable Use Policy) og stefna um áhættu vegna þriðja aðila (e. Third-Party Risk Policy). Stefnurnar ná til alls starfsfólks, verktaka og þeirra þriðju aðila sem vinna með eða hafa aðgang að gögnum bankans. Stefna um upplýsingaöryggi er samþykkt af stjórn og yfirfarin árlega af rekstraráhættunefnd sem bankastjóri er í forsvari fyrir.

Árlega skilar öryggisstjóri skýrslu til áhættunefndar stjórnar og rekstrar-áhættunefndar sem inniheldur lykiltölur um frammistöðu upplýsingaöryggis, niðurstöður úttekta auk þess sem aðgerðaáætlanir og framvinda eru kynnt.

Formlegt áhættumatsferli er endurskoðað og samþykkt tvisvar á ári í samræmi við kröfur ISO/IEC 27001:2022 staðalsins, alþjóðlegar leiðbeiningar og lög. Matið felur í sér sviðsmyndagreiningu, mat á áhrifum á rekstur og forgangs röðun aðgerða. Niðurstöður eru skráðar í áhættuskrá og eru þær hluti af mælaborði stjórnarháttá.

Helstu aðgerðir sem snúa að upplýsingaöryggi fela í sér stöðugar áhættugreiningar, öryggisvöktun allan sólarhringinn og úttektir utanaðkomandi aðila til að staðfesta öryggisráðstafanir.

Hjá Arion eru í gildi verklagsreglur um greiningu, áframhald mála, vörslu og endurheimt vegna öryggisatvika, sem á að tryggja skjót og samhæfð viðbrögð. Verklagið er í samræmi við ISO/IEC 27001:2022 staðalinn og kröfur DORA, og nær yfir flokkun atvika, samskiptareglur og eftirfylgni. Vöktun er allan sólarhringinn og viðbragðsteymi sér um rannsóknir, úrbætur og eftirfylgni.

Öll öryggisatvik, lykilmælikvarðar og athuga-semdir úr úttektum eru skráðar og fylgt eftir í mælaborði fyrir stjórnkerfi upplýsingaöryggis og í áhættuskrá fyrirtækisins. Fyrirkomulagið veitir yfirsýn í rauntíma yfir þróun og framvindu úrbóta. Mælikvarðarnir taka á alvarleika atvika, viðbragðstíma og virkni stýringa og eru yfirfarnir á stjórnarfundum og kynntir stjórnendum.

Reglulega eru gerðar úttektir og innbrotaprófanir og niðurstöður meðal annars nýttar í úrbótaáætlanir. Þá upplýsum við og fræðum viðskiptavini um upplýsingaöryggi og netveiðar í gegnum mismunandi leiðir. Með virku samtali við viðskiptavini viljum við styrkja netöryggi og draga úr hættu á fjársvikum.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólk
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Öryggisfræðsla

ESRS S4-3

Á árinu var lögð sérstök áhersla á fræðslu um netöryggi til viðskiptavina. Á samfélagsmiðlum var birt efni sem eykur vitund um netögnir, auk þess sem einstaklingum og fyrirtækjum stóð til boða að sækja fyrirlestra um netöryggi.

Sýnd var örþáttaröðin Sönn svikamál þar sem fjölmiðlamaðurinn Sigursteinn Músson ræddi við einstaklinga sem orðið hafa fyrir netsvikum og sögðu frá reynslu sinni á opinskáan hátt. Markmið þáttanna var að varpa ljósi á hvernig svik virka, hvaða aðferðir svikarar nota (t.d. netveiðar og svindl í gegnum textaskilaboð og tölvupósta, fjárfestingarsvik og ástarsvik) og hvernig hægt er að verjast þeim.


Þá var viðskiptavinum boðið í leikjavædda fræðslu, Arion Escape Room, þar sem þeir settu sig í hlutverk þjófa á vegum fjárvikahringa og fengu það verkefni að stela 100 milljónum króna á innan við 40 mínútum. Ánægja var með fræðsluna en 210 einstaklingar tóku þátt.

Á árinu heimsótti Troy Hunt, stofnandi HaveIBeenPwned.com og einn áhrifamesti sérfræðingurinn í netöryggi, Arion banka. Haldinn var viðburður í húsnæði bankans sem var opinn almenningi og komust færri að en vildu. Þar fjallaði Troy meðal annars um þær fjöldamörgu leiðir sem netskúrkar nota til að komast yfir persónuupplýsingar fólks.

Á haustráðstefnu Advania var haldin kynning, þar sem fjallað var um þróun netsvika á Íslandi, hvernig svikarar nýta veikleika í hegðun og tæknikerfum, og hvernig nýjar aðferðir – þar á meðal gervigreind og samfélagsmiðlar – hafa breytt landslaginu. Rætt var um áhrif netsvika á traust til fjármálakerfisins og mikilvægi samvinnu milli stjórnvalda, fjármálastofnana og þjónustuaðila innviða til að efla varnir og fræðslu.

Verkefni sem þessi styðja við stefnu bankans um öryggi, stafræna forystu og sjálfbærni með því að efla vitund og vernd viðskiptavina og almennings.

Nánari upplýsingar um netöryggi er að finna á vefsíðu bankans.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup

Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Fræðsla fyrir starfsfólk

Rík áhersla er lögð á fræðslu um viðskiptasiðferði, persónuvernd og upplýsingaöryggi. Öllu starfsfólki er skylt að ljúka árlegri fræðslu um vernd uppljóstrara, aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, atriði er viðkoma aðgerðum bankans gegn mútum og spillingu auk fræðslu um persónuvernd og upplýsingaöryggi. Þá ber öllu nýráðnu starfsfólki skylda til að ljúka þessum námskeiðum á fyrstu þrjátíu dögum í starfi. Skyldufræðsla er rafræn og í samræmi við stefnur bankans.

Til viðbótar við skyldufræðslu er markviss fræðsla í boði til ákveðinna starfssviða, með hliðsjón af áhættumiðaðri nálgun. Dæmi um slíka fræðslu sem fram fór á árinu er fræðsla um persónuvernd hjá bæði Verði og Arion banka. Þar var fjallað um réttindi starfsfólks, rafræna vöktun, reglur um meðferð persónuupplýsinga um viðskiptavini, réttindi skráðra einstaklinga, skráningu í vinnsluskra, gerð mats á áhrifum á persónuvernd, persónuverndaryfirlýsingar samstæðunnar, reglur um meðferð persónuupplýsinga, meðferð öryggisbresta, frávíkaskráningu og tilkynningaskyldu til Persónuverndar.

Einnig fékk starfsfólk með aukin kerfisréttindi og þau sem bera ábyrgð á upplýsingatækniahættu sértæk námskeið í upplýsingaöryggi þar sem kafað var dýpra en í skyldubundnu fræðsluefni og einblínt á atriði á borð við örugga kerfisstjórnun, auðkenningar- og aðgangsstýringu, verka-skiptingu og eftirlit með þeim sem hafa auknar heimildir. Þegar við á sinna ytri sérfræðingar sértækri fræðslu auk þess sem starfsfólk sækir fræðslu á innlendum og erlendum ráðstefnum, og vinnustofum þegar við á.

Allt starfsfólk samstæðunnar hefur aðgang að innra neti þar sem stefnur, reglur og leiðbeiningar varðandi viðskiptasiðferði, persónuvernd og upplýsingaöryggi er að finna. Þá er innra netið einnig notað til að koma á framfæri og minna á atriði er varða þessi mál.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Sjálfbær fjármál

Fjármálafyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í þróun samfélagsins í átt að sjálfbærri framtíð. Það er okkur kappsmál að styðja við viðskiptavinum okkar og samfélagið í heild og því höfum við lagt áherslu á ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar, boðið upp á sjálfbært vöruúrval, metið loftslagsáhættu og kynnt til sögunnar áttak til að auka jafnrétti í fjármálum. Langtímaáttaksverkefnið Konur fjárfestum hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli og fengið jákvæð viðbrögð í hvívetna. Með því viljum við efla sjálfstraust kvenna í fjárfestingum og atvinnurekstri og hvetja konur til að láta til sín taka á fjármálamörkuðum. Á árinu sýndi Vörður gott fordæmi þegar skilmálum trygginga var breytt til að auka stuðning við þolendur heimilisofbeldis, auk þess sem sjúkratryggingar innifela nú meðgöngu- og foreldravernd. Stefnið hefur lengi verið leiðandi í þróun nýrra sjóða og fjárfestingarkosta og samþætt UFS-málefni í fjárfestingarferli sjóða í stýringu félagsins.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttu mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun

Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Sjálfbær fjármögnun

ESRS E1-1, ESRS E1-5

Sjálfbær fjármálaumgjörð

Arion banki hefur gefið út sjálfbæra fjármála-umgjörð sem nýtist við útgáfu grænna og sjálfbærra skuldabréfa, við öflun grænna innlána og veitingu grænna og sjálfbærra lána. Umgjörðin samanstendur af ellefu flokkum sem samræmast markmiðum um að draga úr eða koma í veg fyrir loftslagsbreytingar eða hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Sjálfbæra umgjörðin var gefin út á árinu 2024 og byggir á grunni grænnar fjármála-umgjarðar bankans sem tekin var í notkun árið 2021.

Með fjármögnun lánveitinga til einstaklinga og fyrirtækja samkvæmt sjálfbæru fjármála-umgjörðinni hefur Arion banki skuldbundið sig til að nýta það fjármagn sem sótt er á lánsfjármörkuðum í tengslum við umgjörðina í græn lán eða verkefni sem stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum s.s. aukinni menntun, jafnrétti og aðgengi að þjónustu fyrir viðkvæma hópa. Sem stendur hefur bankinn ekki gefið út skuldabréf sem innihalda félagslega flokka en hefur verið virkur í grænum skuldabréfaútgáfum á síðustu árum.

Sjálfbæra umgjörðin hefur nýst til að efla umhverfisvænt vöruframboð bankans og til þess að sýna fram á nýtingu þessara fjármuna

birtir bankinn árlega áhrifa- og úthlutunarskýrslu þar sem farið er yfir úthlutun fjármuna og jákvæð áhrif lánveitinganna.

Verkefni sem hafa fallið undir grænar lánveitingar snúa meðal annars að orkusparnaði, orkuskiptum í samgöngum, umhverfisvottuðum fasteignum, sjálfbærum sjávarútvegi, endurvinnslu og framleiðslu á endurnýjanlegri orku. Einnig er rými til lánveitinga tengdum hringrásarhagkerfi og þróun á lausnum til varanlegrar kolefnisbindingar. Arion banki býður grænar lánveitingar til fyrirtækja sem uppfylla skilyrði sjálfbæru fjármálaumgjarðarinnar og eru þær að jafnaði á betri kjörum. Við bjóðum einstaklingum 100% afslátt af lántökugjaldi á íbúðalánum við kaup á umhverfisvottuðu íbúðarhúsnæði og 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun rafmagnsbíla. Jafnframt bjóðum við hagstæðari vexti á bílalánum fyrir bíla sem knúnir eru 100% endurnýjanlegum orkugjöfum og tengiltvinnbíla sem eru með mengunarstuðul undir 50 g CO₂/km.

Undir þá flokka sem hafa jákvæð samfélagsáhrif falla verkefni sem auka aðgengi að húsnæði, menntun eða heilbrigðisþjónustu, auk verkefna sem stuðla að atvinnusköpun og rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna eða innflytjenda.

Mikil áhersla hefur verið lögð á konur í atvinnurekstri í tengslum við átakið Konur fjárfestum og styður sú vinna bankans við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna. Þær vörur bankans sem lúta að auknu aðgengi að húsnæði eru meðal annars lán til fyrstu kaupenda fasteigna. Við fyrstu fasteignakaup býðst lántökum lán sem nemur allt að 85% af markaðsvirði eignarinnar og 100% afsláttur af lántökugjaldi. Þar að auki geta fyrstu kaupendur nýtt viðbótarsparnað til útborgunar og er það skattfrjálst.

Ráðgefandi í útgáfuferli sjálfbæru fjármála-umgjarðarinnar var Deutsche Bank en umgjörðin hefur hlotið álit frá óháðum aðila, ISS Corporate, sem mat gæði hennar m.a. út frá framlagi til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og hæfi verkefna út frá tæknilegum matsviðmiðum flokkunarkerfis Evrópusambandsins á sjálfbærri starfsemi (EU Taxonomy). Einnig höfum við birt skýrslu um aðferðafræði við útreikninga á grænu íbúðarhúsnæði sem verkfræðistofan COWI þróaði fyrir bankann. Sjálfbær fjármálaumgjörð Arion banka mun nýtast við frekari vörubrúun á sviði sjálfbærrar bankaþjónustu og við útgáfu sjálfbærra skuldabréfa en umgjörðina má finna á vefsíðu bankans (arionbanki.is/sjalbbaer-framtid).





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Ábyrgðarsamningur við Evrópska fjárfestinga-sjóðinn

Við erum með vel skilgreindan starfsþróunarramma þar sem fólk með sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri varðandi starfsþróun. Starfsþróunarramminn býr til hvata fyrir starfsfólk til að efla sig í starfi og taka ábyrgð á eigin vexti. Einnig er til staðar skýr arftakaáætlun þar sem skilgreindir eru arftakar fyrir lykilhlutverk innan samstæðunnar. Arftakaáætlunin er yfirfarin árlega og mögulegir arftakar metnir út frá fyrirfram skilgreindum hæfnisviðmiðum. Það er hugað að kynjahlutföllum í hverju hlutverki og jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi. Kynjahlutfall í núverandi arftakaáætlun er nokkuð jafnt.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjors
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Rétta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Móttaka nýliða

Við leggjum okkur fram um að móttaka nýliða fari fram með faglegum hætti og að vel sé tekið á móti nýju starfsfólki. Allt starfsfólk sem hefur störf hjá Arion fer í gegnum Arion skólann. Um er að ræða fræðsluverkefni sem miðar að því að styrkja menningu samstæðunnar, efla þekkingu og bæta samvinnu. Arion skólinn samanstendur af nýliðadegi, sölu- og þjónustuskóla og rafrænni fræðslu. Nýtt starfsfólk fær senda könnun eftir sex vikur í starfi og getur þar komið ábendingum á framfæri og veitt endurgjöf varðandi nýliðafræðslu og móttökur á fyrstu vikum í starfi.

Stefna um starfslok vegna aldurs

Það er mikilvægt að vanda til verka þegar kemur að starfslokum, hvort sem um er að ræða starfslok að frumkvæði starfsfólks, að frumkvæði Arion eða vegna aldurs eða veikinda. Við styðjum sérstaklega við starfsfólk í tengslum við starfslok vegna aldurs og viljum að það upplifi sveigjanleika. Því reynum við að koma til móts við óskir fólks um breytt starfshlutfall eða breyttar starfsskyldur í aðdraganda starfsloka. Frá 65 ára aldri getur starfsfólk látið af störfum og fengið ígildi launa í sex mánuði eftir starfslok eða minnkað við sig vinnu og dreift launum yfir ákveðið tímabil.

Markmið

Að styðja við starfsfólk í tengslum við starfslok vegna aldurs.

Starfsfólki stendur til boða að taka þátt í námskeiði til þess að undirbúa sig fyrir þessi tímamót og hefja nýtt æviskeið með jákvæða upplifun.

Allt starfsfólk sem hættir að eigin frumkvæði fær tækifæri til að svara starfslokakönnun og koma á framfæri ítarlegum upplýsingum um ástæður starfsloka. Svör í starfslokakönnun eru rekjanleg sem gerir okkur kleift að bregðast við ábendingum á skilvirkan hátt.

Útskriftarþrógramm

Framúrskarandi nýútskrifuðum háskólanemum er boðið upp á 15 mánaða útskriftarþrógramm þar sem þeim gefst einstakt tækifæri til að kynnst fjölbreyttum störfum innan Arion samstæðunnar.

Þrógrammið byggir á því að þátttakendur færast til í starfi á nokkurra mánaða fresti og öðlast þannig fjölbreytta starfsreynslu. Í lok árs lauk fyrsti hópurinn við sitt útskriftarþrógramm og allir fimm þátttakendur hafa verið ráðnir í áframhaldandi starf hjá samstæðunni. Síðastliðið vor bættust svo sex aðilar til viðbótar við þrógrammið sem mun standa yfir fram á haust 2026. Alls sóttu 145 útskriftarnemar um að taka þátt.

Mentorverkefni

Mentorverkefni Arion er ætlað starfsfólki sem hefur brennandi áhuga á að efla sig í lífi og starfi, læra af öðrum og stíga út fyrir þægindarammann. Frá árinu 2023 hafa tveir hópar lokið þátttöku í verkefninu og sá þriðji hóf sína vegferð í október 2025. Alls hafa 55 reynslumiklir stjórnendur og sérfræðingar innan samstæðunnar tekið þátt í verkefninu sem leiðbeinendur (47% karlar og 53% konur) og 78 einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn verið þátttakendur (33% karlar og 67% konur). Í yfirstandandi mentorverkefni voru 26 aðilar valdir úr hópi umsækjenda og fengu þeir hver sinn leiðbeinanda. Hópurinn samanstendur af 15 konum og 11 körlum á aldrinum 22-55 ára.

”
Upplifun mín er mjög góð af þessu verkefni. Þetta er í annað sinn sem ég tek þátt og ég held að svona verkefni sé þarft í fyrirtæki eins og Arion.

- Mentor

”
Mjög jákvæð upplifun. Skemmtilegt að kynnst fleirum innan bankans og sérstaklega gaman að fá mentor sem er að gera eitthvað allt annað en ég. Einnig fannst mér undirbúningstímabilið mjög gagnlegt.

- Þátttakandi



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttatíu mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Ánægja, líðan og samskipti

ESRS S1-1, ESRS S1-3

Við leggjum okkur fram um að mynda hvetjandi starfsumhverfi og styðja við okkar fólk. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og er einelti, kynbundin eða kynferðisleg áreitni og ofbeldi aldrei líðið. Það er á allra ábyrgð að koma í veg fyrir slíkt. Við stöndum vörð um heilsu og öryggi starfsfólks og leggjum áherslu á heilsueflandi starfsumhverfi og forvarnir. Við bjóðum eftirsóknarvert starfsumhverfi og erum fjölskylduvænn vinnustaður. Með sveigjanleika í starfi og fjarvinnustefnu mætum við þörfum starfsfólks og stuðlum að bættu jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Raddir starfsfólks

ESRS S1-2

Frá 2015 höfum við sent út Arion vísitöluna á allt starfsfólk Arion banka. Vörður og Stefniir bættust við síðar og fá nú öll félög Arion samstæðunnar senda könnun annan hvern mánuð.

Svör starfsfólks eru ekki persónugreinanleg en niðurstöður eru rýndar af mannauðsteymi og stjórnendum. Tilgangurinn með könnunum er þríþættur:

- að mæla upplifun starfsfólks af eigin störfum, starfsumhverfi og líðan á vinnustað;
- að vera rödd starfsfólks til að koma ábendingum hratt og auðveldlega á framfæri;
- að finna tækifæri til umbóta og bregðast við vandamálum á skjóttan og öruggan hátt.

Á skalanum 0-10, hversu líklegt er að þú myndir mæla með þessu fyrirtæki sem frábærum vinnustað?

Meðaltal 2025 úr vísitölukönnunum

8,95

af 10
Arion banki

8,93

af 10
Vörður

Könnunin samanstendur af grunnspurningum sem mynda Arion, Varðar og Stefniir vísitöluna, þemasurningum, sNPS spurningu sem mælir tryggð starfsfólks og opnum spurningum. Tilgangur opinna spurninga er annars vegar að gefa starfsfólki færi á að koma ítarlegri upplýsingum á framfæri og hins vegar vera vettvangur til að koma á framfæri umbótatilögum.


Árlega framkvæmum við vinnustaðagreiningu, stjórnendamat og EKKO-mælingu. Tilgangur vinnustaðagreiningar er að mæla helgun starfsfólks*, viðhalda því sem vel er gert og bregðast við því sem betur má fara í starfsemi.

Niðurstöður vinnustaðagreiningar sýna að helgun hjá öllum félögum í Arion samstæðunni er góð í samanburði við innlendan og alþjóðlegan vinnumarkað. Niðurstöður eru ekki birtar fyrir Stefni þar sem fjöldi svara nær ekki lágmarksviðmiði fyrir birtingu gagna svo hægt sé að tryggja persónuvernd.

*Helgun starfsfólks er mæld með Gallup Q12 spurningum. Spurningarnar fanga þau atriði sem spá fyrir um helgun og tengjast lykilárangri eins og framleiðni, gæðum og starfsánægju.


Arion og Varðar vísitölur

Meðaltal 2025 úr vísitölukönnunum



Helgun starfsfólks

Niðurstöður úr vinnustaðagreiningu 2025





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttán mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnun kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Fjölskylduvænn vinnustaður ESRS S1-14


Við bjóðum sveigjanlegt starfsumhverfi, fjarvinnustefnu og leggjum okkur fram um að mæta þörfum starfsfólks þegar kemur að því að sinna fjölskylduábyrgð. Starfsfólk okkar er einnig hvatt til að nýta áunnin orlof og vinnu-tímastyttingu. Starfsfólki eru tryggð 80% laun í fæðingarorlofi og það hvatt til að nýta allan fæðingarorlofsrétt sinn, óháð kyni.

Á vormánuðum opnuðum við Sunnuborg, dagvistun á vegum Arion fyrir börn starfsfólks á aldrinum 12-24 mánaða. Með því viljum við brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og styðja við bakið á starfsfólki sem stendur á þessum mikilvægu tímamótum. Dagvistunin er eingöngu ætluð þeim sem hafa nýtt sinn fæðingarorlofsrétt og eru á biðlista eftir leikskólaplássi. Á Sunnuborg starfa tvær dagmæður með áralanga reynslu af umönnun ungra barna og þar er aðstaða til fyrirmyndar, fyrir börnin, foreldrana og dagmæðurnar. Við erum afskaplega stolt af þessu verkefni og þakklát fyrir að geta stutt vel við starfsfólkið okkar á þessum annasama en um leið dýrmæta tíma í þeirra lífi.

Reglulega yfir árið eru gerðar mælingar á upplifun starfsfólks af jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Starfsfólk er annars vegar spurt hvort það upplifi að það geti viðhaldið heilbrigðu jafnvægi milli vinnu og persónulegra skyldna og hins vegar hvort að fyrirtækið veiti því tækifæri til þess að hafa jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs. Niðurstöður beggja mælinga hjá Arion og Verði eru yfir markmiðum.

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Meðaltal 2025 úr vísitölukönnunum



Markmið

- Að vera fjölskylduvænn vinnustaður og gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu.
- Að niðurstöður úr könnun um upplifun starfsfólks á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sé að lágmarki 4,2.



Ljósmyndir frá Sunnuborg, dagvistun Arion.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða útlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, liðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Heilsa, öryggi og velferð starfsfólks

ESRS S1-13

Á seinni hluta árs var heilsu- og öryggisstefnan uppfærð. Nýja stefnan inniheldur markmið Arion þegar kemur að heilsu, öryggi og velferð starfsfólks, megináherslur, áhættuþætti, forvarnir og mælingar. Okkur er umhugað um heilsu starfsfólks og leggjum áherslu á að skapa öruggt og heilsueflandi starfsumhverfi, tryggja að lögum um heilsu og öryggi starfsfólks sé fylgt og sýna stuðning með forvörnum og heilsuefningu til framtíðar.

Þá kynntum við einnig úrræði sem styður við starfsfólk sem er þolendur heimilisofbeldis. Markmiðið er að hvetja einstaklinga sem eru þolendur heimilisofbeldis til að stíga fram og þiggja aðstoð. Með úrræðinu viljum við skapa öruggar vinnuaðstæður og tryggja nauðsynlegan stuðning, hvort sem um er að ræða faglegan stuðning eða stuðning inni á vinnustaðnum.

Hjá Arion er starfandi vinnuverndarnefnd sem fylgir eftir formlegri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum, framkvæmir áhættumat og gerir aðgerðaráætlun út frá athugasemdum. Árið 2025 var gert áhættumat í nokkrum útibúum auk þess sem sértækt áhættumat var gert í nokkrum einingum innan samstæðunnar. Í lok árs kom vinnueftirlitið í vettvangsferð í höfuðstöðvarnar sem lauk án fyrirsmæla.

Arion er í samstarfi við viðurkenndan þjónustuaðila sem hefur það hlutverk að vera mannauði, stjórnendum og starfsfólki innan handar varðandi forvarnir, meðferðir og eftirlit með heilsu starfsfólks. Starfsfólk hefur aðgang að sálfræðiþjónustu, hjúkrunarfræðingum, læknum, fjölskylduráðgjöfum og fleiri fagaðilum í gegnum umræddan þjónustuaðila.

Öllu starfsfólki stendur til boða að fara í reglulegt heilsufarsmat sem framkvæmt er af hjúkrunarfræðingi. Markmið heilsufarsmats er að skima fyrir áhættuþáttum er varða líkamlega, andlega og félagslega heilsu starfsfólks og bregðast við ef við á. Einnig er heilsufarsmatið nýtt til þess að vekja fólk til umhugsunar og ábyrgðar um eigin heilsu og til forvarna. Þá stendur öllu starfsfólki einnig til boða að þiggja bólusetningu gegn árlegri influensu á hverju hausti.

Um árabil höfum við mælt heilsuvisitölu starfsfólks. Mælikvarði segir okkur til um það hversu hátt hlutfall vinnudaga á ársgrundvelli voru unnir dagar. Heilsuvisitalan fyrir árið 2025 er 96,9% sem þýðir að 3,1% vinnudaga töpuðust á árinu vegna veikinda starfsfólks.

Markmið heilsu- og öryggisstefnu

- Gæta þess að starfsfólk sé verndað gegn hvers konar heilsuvá í starfsumhverfinu.
- Tryggja öryggi á vinnustað og uppfylla lögbundnar kröfur um heilbrigði og öryggi.
- Stuðla að bættri andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu starfsfólks.
- Forvarnarstarf með fræðslu, aðgengi að faglegri þjónustu og hvetjandi starfsumhverfi.
- Auka vitund starfsfólks um eigin heilsu og mikilvægi heilsuefningar.
- Draga úr fjarveru starfsfólks vegna veikinda eða slysa.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttta fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO) ESRS S1-13

Einelti, kynbundin eða kynferðisleg áreitni, sem og annað ofbeldi (EKKO), er ekki undir neinum kringumstæðum umborið. Með skýrri EKKO-stefnu, viðbragðsáætlun og markvissri fræðslu viljum við skapa öruggt starfsumhverfi þar sem allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð. Allar tilkynningar vegna EKKO eru meðhöndlaðar eftir fyrir fram skilgreindu ferli eins fljótt og auðið er.

Það skal þó áreittað að hvert mál er einstakt og mikilvægt að það skoðist sem slíkt. Starfsfólk getur tilkynnt um EKKO-mál á sérstöku svæði á innri vef og fara þær tilkynningar til EKKO-teymis sem skipað er mannauðsstjóra og tveimur fulltrúum starfsfólks. Starfsfólk getur einnig leitað til stjórnenda, mannauðsdeildar, trúnaðarmanns eða fagaðila hafi það orðið fyrir, orðið vitni að eða hafi rökstuddan grun um að hegðun sem fellur undir skilgreiningu EKKO hafi átt sér stað. Þá getur starfsfólk sent inn nafnlausu ábendingu og tilkynnt ef upp kemur grunur um eða það verður vart við ámælisverða háttsemi. Slíkar ábendingar fara til innri endurskoðunar til úrvinnslu og þeim svo komið í viðeigandi ferli hverju sinni.

Markmið

Að menningin sé með þeim hætti að einelti, kynferðislegt/kynbundið ofbeldi eða áreitni (EKKO) viðgangist ekki.

Fræðsla um EKKO

EKKO – Láttu þig aðra varða

Vinnustaður án eineltis

Kynferðisleg áreitni

Jafnréttismál og mikilvægi fjölbreytileikans

EKKO – Handleiðsla fyrir stjórnendur

Stjórnendum og starfsfólki er skylt að sitja fræðslu um EKKO með það að markmiði að auka vitund um málefnið og stuðla að sameiginlegum skilningi á hugtökum og verkferlum í mála-flokknum. Árlega framkvæmum við könnun um EKKO meðal starfsfólks og mælist það mjög lágt í öllum flokkum.

Trúnaðarmannaráð ESRS S1-7

Innan samstæðunnar er starfandi trúnaðarmannaráð ásamt kjörnum trúnaðarmönnum innan starfsstöðva. Trúnaðarmannaráð sér um það sem lýtur að kjörum og stéttarfélagslegum málefnum starfsfólks og styður við trúnaðarmenn í sínum trúnaðarstörfum. Trúnaðarmannaráðið leitast við að leysa úr málum sem snerta starfsfólk samstæðunnar óháð stéttarfélagsaðild.

Stéttarfélagsaðild ESRS S1-7

Um 97,1% starfsfólks samstæðunnar eru aðilar að stéttarfélagi, flest í Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF). Stéttarfélög sinna almennri réttindavörslu fyrir launþega og koma fram fyrir hönd þeirra við kjarasamningsgerð. Starfsfólki er heimilt að standa utan stéttarfélags en er eftir sem áður skylt að vinna eftir lögbundnum kjarasamningum.

Starfsmannafélagið Skjöldur

Starfsmannafélagið Skjöldur var upphaflega stofnað 7. febrúar 1936. Öllu starfsfólki samstæðunnar stendur til boða að vera meðlimir í starfsmannafélaginu en markmið félagsins er að vinna að bættum hag félagsmanna, efla félagslega vitund, samstarf og samheldni meðal starfsfólks. Starfsfólk greiðir fyrir þátttöku í félaginu og kys stjórn á aðalfundi ár hvert. Innan starfsmannafélagsins eru fjölmargar nefndir og klúbbar.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttatíu mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Skýr sýn í jafnréttismálum

ESRS S1-1, ESRS S1-3


Við virðum mannréttindi og jafnrétti í allri okkar starfsemi. Við vinnum eftir jafnlaunastefnu til að tryggja jöfn kjör fyrir jafnverðmæt störf og gagnsæi í launaákvörðunum. Einnig leggjum við áherslu á jöfn tækifæri og að vinnustaðamenning sé með þeim hætti að allt starfsfólk geti blómstrað í starfi.

Jafnréttis- og mannréttindastefna

ESRS S1-1, ESRS 2 GDR-P

Það er stefna Arion að virða mannréttindi og jafnrétti í allri sinni starfsemi. Unnið er eftir jafnréttis- og mannréttindastefnu ásamt aðgerðaáætlun sem gildir fyrir tímabilið 2024-2027. Markmið stefnunnar og áætlunarinnar er að skapa umhverfi þar sem fólk með sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri og kjör, án tillits til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlnar, trúar eða annarrar stöðu. Stefnan og aðgerðaáætlunin eru samþykktar af æðstu stjórnendum samstæðunnar. Bankastjóri situr í jafnréttisnefnd sem ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan samstæðunnar. Nefndin starfar í hans umboði og er skipuð fulltrúum starfsfólks Arion banka, Varðar og Stefnis.

Arion banki er aðili að Jafnréttissáttmála UN Women (e. Women's Empowerment Principles). Bankinn er jafnframt aðili að UN Global Compact, UN PRB og UN PRI og er Stefnir einnig aðili að síðastnefndu samtökunum. Við höfum því skuldbundið okkur til að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, þar með talið jafnrétti og mannréttindum. Áhersla Arion á jafnrétti styður við fimmta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem snýr að jafnrétti kynjanna. Þá var horft til viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki, leiðbeinandi meginreglna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, yfirlýsingar ILO um grundvallarreglur og réttindi við vinnu sem og Alþjóðaréttindaskrárinnar við gerð jafnréttis- og mannréttindaáætlunarinnar.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining
- Ábyrg starfsemi**
 - Stefna og markmið
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
 - Ábyrg innkaup
 - Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Sjálfbær fjármál**
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Staða úthlutaðra fjármuna
 - Konur fjárfestum
 - Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
 - Ábyrg sjóðastýring
 - Ábyrg tryggingastarfsemi
- Umhverfis- og loftslagsmál**
 - Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
 - Helstu þættir umhverfisuppgjörs
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður**
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Rétta fólkið
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Skýr sýn í jafnréttismálum**
 - Stöðug þróun og fræðsla
 - Árangursdrifin menning
 - Öflug forysta
- Við og samfélagið**
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör**
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Fjölbreytileiki

Við leggjum áherslu á að skapa jafnréttissinnaðan og góðan vinnustað þar sem starfsfólk nýtur virðingar, fjölbreytt sjónarmið fá að njóta sín og jafnrétti og inngilding eru höfð að leiðarljósi. Vinnuumhverfið skal taka tillit til fjölbreyttra þarfa starfsfólks þannig að hver og einn einstaklingur fái tækifæri til að njóta sín, bæði vegna sérstöðu sinnar en líka þrátt fyrir hana.

Við höldum áfram að vinna að þeim fjölmörgu verkefnum sem styðja við markmið um inngildingu. Sem dæmi má nefna vitundarvakningu og fræðslu fyrir starfsfólk og stjórnendur um inngildingu og mikilvægi fjölbreytileika í hópi starfsfólks og gerð aðgerðaáætlunar um mögulegar úrbætur á starfsumhverfinu svo að vinnuaðstaðan henti öllum. Einnig höfum við aukið stuðning við starfsfólk af erlendum uppruna með því að bjóða því upp á starfstengt íslenskunám og aðgengi að smáforritinu Bara tala.

Í aðgerðaáætlun í jafnréttismálum hafa verið sett fram markmið sem snúa að inngildingu og fjölbreytileika. Eitt af þeim markmiðum er að mælingar á inngildingu séu yfir landsmeðaltali í inngildingarkönnun Öldu. Slík könnun er framkvæmd annað hvert ár, síðast árið 2024 og var inngildingarvísitala Arion þá yfir landsmeðaltali. Næsta könnun verður framkvæmd árið 2026.

Markmið

Að vera vinnustaður sem leggur áherslu á inngildingu.

Rafræn fræðsla um inngildingu

Fræðsla um fjölbreytileika
Bandamennska
Forréttindavitund
Tókenismi
Fötlunarfóðmar
Fræðsla um hinseginleika
Bandamennska með transfólki
Fornöfn og hýrýrði
Fræðsla um sálrænt öryggi

Inngildandi tungutak
Að úthluta verkefnum






Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining
- Ábyrg starfsemi**
 - Stefna og markmið
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
 - Ábyrg innkaup
 - Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Sjálfbær fjármál**
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Staða úthlutaðra fjármuna
 - Konur fjárfestum
 - Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
 - Ábyrg sjóðastýring
 - Ábyrg tryggingastarfsemi
- Umhverfis- og loftslagsmál**
 - Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
 - Helstu þættir umhverfisuppgjörs
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður**
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Rétta fólkið
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Skýr sýn í jafnréttismálum**
 - Stöðug þróun og fræðsla
 - Árangursdrifin menning
 - Öflug forysta
- Við og samfélagið**
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör**
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda

Miðgildi árslauna karla sem hlutfall af miðgildi árslauna kvenna 2026
Markmið fyrir árslok 2027 að vera undir 1,25



Starfskjarastefna ESRS S1-15

Samkvæmt gildandi starfskjarastefnu skal stefnt að því að bjóða samkeppnishæf laun á hverjum tíma. Starfskjarastefnan er liður í því að gæta langtímahagsmuna eigenda, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Við áhættumetum samkeppnishæfni vinnustaðarins og leiðir til að tryggja nauðsynlega hæfni og þekkingu starfsfólks. Niðurstöður úr áhættumati sýna að áhætta er óveruleg.

Jafnlaunastefna ESRS S1-15

Það er stefna Arion að greiða jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Markmið okkar er að allt starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og tryggja að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Með jöfnum launakjörum er átt við að launaviðmið skulu vera fyrir fram ákveðin og að ekki sé mismunað á grundvelli kyns eða annarra þátta. Einnig skal tryggja að allar launaákvæðanir séu í samræmi við kjarasamninga.

Jafnlaunavottun

Arion vinnur eftir jafnlaunakerfi og eru félögin í samstæðunni jafnlaunavottuð. Vörður fékk fyrst jafnlaunavottun árið 2014, Arion banki árið 2015 og Stefir hlaut jafnlaunavottun í fyrsta sinn 2024. Nú er byggt á sama jafnlaunakerfi fyrir öll félögin. Niðurstöður jafnlaunavottunar sýndu að óútskýrður launamunur kynjanna mælist 0,2% á árinu. Niðurstöður í jafnlaunamálum eru góðar og í takt við markmið okkar. Til viðbótar við árlega jafnlaunaúttekt framkvæmum við mánaðarlegar jafnlaunagreiningar til að fylgjast með því að launaákvæðanir séu í takt við jafnlaunastefnuna og markmið.

Markmið

- Að miðgildi heildarlaunagreiðslna karla í hlutfalli við miðgildi heildarlaunagreiðslna kvenna sé undir 1,25 sé tekið mið af árslaunum (markmið fyrir árslok 2027).
- Að starfsfólk óháð kyni njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf.
- Að ekki sé til staðar óútskýrður launamunur og að heildarfrávik séu ekki meiri en 1%. Skýringarhlutfall skal ekki vera lægra en 95%.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu áttá mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Stöðug þróun og fræðsla

ESRS S1-1, ESRS S1-3

Við bjóðum fjölbreytta fræðslu til þess að efla færni og þekkingu starfsfólks. Starfsfólk er hvatt til að sýna frumkvæði og metnað til þess að þróast í starfi og taka ábyrgð á eigin þekkingu. Með því að fjárfesta í fræðslu sköpum við umhverfi fyrir starfsfólk til vaxtar og tryggjum fagmennsku.



MENNTAFYRIRTÆKI
ÁRSINS 2025

Arion banki er menntafyrirtæki ársins 2025

Í upphafi árs fékk Arion banki viðurkenningu frá Samtökum atvinnulífsins og aðildarfélögum sem Menntafyrirtæki ársins 2025. Á fjórða tug tilnefninga bárust og valdi dómnefnd Arion banka úr hópi þriggja fyrirtækja sem þóttu skara fram úr í fræðslu- og menntamálum.

Umsögn dómnefndar um Arion:

„Arion rekur öflugt og metnaðarfullt fræðslukerfi sem nýtir fjölbreyttar og nýjar leiðir til að virkja kraftinn í stórum og fjölbreyttum hópi starfsfólks. Ljóst er að stefnumiðuð og markviss vinna í fræðslumálum hjá Arion skilar sér í framsæknu og faglegu fræðslustarfi og þar af leiðandi ánægðu starfsfólki.“

Arion banki hlaut einnig þekkingarverðlaun Félags viðskipta- og hagfræðinga fyrir að hafa innleitt ferli sem auðveldar fólki að samræma vinnu og barneignir ásamt því að ná góðum mælanlegum árangri í að viðhalda þekkingu innan fyrirtækisins og skapa áhrif á rekstur þess og samfélagið í heild sinni. Þá var Arion einnig tilnefnt sem besta vörumerki vinnustaðar hjá brandr.

Fjölbreytt fræðsla í takt við fjölbreytt starfsumhverfi

ESRS S1-12

Við fjárfestum í þekkingu og hæfni starfsfólks og leggjum áherslu á að starfsfólkið okkar fái tækifæri til að efla sig bæði faglega og persónulega. Framboð af fræðslu hverju sinni byggist á þörfum og stefnu Arion en tekur jafnframt mið af þróun starfa og verkefna. Eitt af lykilmarkmiðum okkar er að allt starfsfólk ljúki skyldufræðslu, m.a. um siðareglur, sjálfbærni, upplýsingaöryggi, varnir gegn peningaþvætti og persónuvernd. Einnig leggjum við mikla áherslu á að tryggja að starfsfólk búi yfir haldgóðri þekkingu á lögum og reglum sem tengjast starfssviði þess. Fræðslan er annars vegar skyldufræðsla, sem myndar fræðsluvísitölu starfsfólks og er einn af lykilmælikvörðum Arion, og hins vegar valkvæð fræðsla þar sem starfsfólk getur sótt fræðslu bæði innan og utanhúss eftir áhuga og þörfum.

Við bjóðum einnig fjölbreytt fræðsluform sem taka mið af okkar sveigjanlega og fjölbreytta starfsumhverfi. Í boði er rafræn fræðsla, staðkennsla og erindi frá fagsamtökum ásamt því að við hvetjum starfsfólk til að sækja ráðstefnur, námskeið og fyrirlestra utan Arion. Þá höfum við haldið áfram innleiðingu á leikjavæddri fræðslu og bjóðum upp á slíka fræðslu bæði fyrir starfsfólk Arion banka og Varðar.



Okkar sjálfbærni

- Sjálfbærni hjá Arion**
 - Skýrslugjöf um sjálfbærni
 - Tvíátta mikilvægisgreining
- Ábyrg starfsemi**
 - Stefna og markmið
 - Árangurinn okkar
 - Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
 - Ábyrg innkaup
 - Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd
- Sjálfbær fjármál**
 - Sjálfbær fjármögnun
 - Staða úthlutaðra fjármuna
 - Konur fjárfestum
 - Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
 - Ábyrg sjóðastýring
 - Ábyrg tryggingastarfsemi
- Umhverfis- og loftslagsmál**
 - Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
 - Helstu þættir umhverfissuppgjörs
 - Fjármögnuð kolefnislosun
- Mannauður**
 - Mannauðsstefnan okkar
 - Rétta fólkið
 - Ánægja, líðan og samskipti
 - Skýr sýn í jafnréttismálum
- Stöðug þróun og fræðsla**
 - Árangursdrifin menning
 - Öflug forysta
- Við og samfélagið**
 - Samskipti við hagaðila
 - Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
 - Styrkir og samstarf
 - Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
 - Myndlist og menning
- Sjálfbærniuppgjör**
 - Umhverfisþættir
 - Félagsþættir
 - Stjórnarhættir
 - GRI Standards tilvísunartafla
 - ESRS tilvísunartafla
 - UN PRB – yfirlýsing um framvindu
 - Álit endurskoðanda



Það er leikur að læra

Leikjavædd fræðsla hefur reynst áhrifarík og skemmtileg fræðsluaðferð. Með leikjavæddri fræðslu fær starfsfólk tækifæri til þess að læra á sínum hraða og í öruggu umhverfi. Í gegnum tölvuleik þjónustar starfsfólk viðskiptavini Arion í sýndarveruleika og fær tækifæri til að gera mistök og læra af þeim án þess að það hafi í för með sér kostnað eða neikvæð áhrif á ánægju viðskiptavina. Starfsfólk er mjög ánægt með þetta nýja fræðsluform en 90% þátttakenda á árinu líkar vel við leikjavædda fræðslu.

Á vormánuðum fórum við að af stað með fræðsluverkefnið Arion Escape, skemmtilegan leik með það að markmiði að fræða starfsfólk og almenning um netsvik.

Sett var upp flóttaherbergi (e. escape room) þar sem þátttakendur fóru í hlutverk þjófa á vegum fjársvikahrings og fengu það verkefni að stela 100 milljónum króna á innan við 40 mínútum. Í flóttaherberginu þurftu þátttakendur að hugsa eins og netsvikarar, fræðast og síðast en ekki síst hafa gaman. Þátttaka meðal starfsfólks var einstaklega góð en alls tóku um 350 einstaklingar þátt og kepptust við að flýja herbergið sem fyrst.

Arion skólinn

Allt starfsfólk sem hefur störf hjá Arion fer í gegnum Arion skólann. Um er að ræða fræðsluverkefni sem miðar að því að styrkja menningu samstæðunnar, efla þekkingu og bæta samvinnu. Arion skólinn samanstendur af nýliðadegi, sölu- og þjónustuskóla og rafrænum fræðslupakka.

Nýliðadagur er haldinn á hverjum ársfjórðungi og er ætlaður öllu nýju starfsfólki samstæðunnar. Dagskráin felur í sér kynningu á starfseminni, stefnu og menningu auk tengslamyndunar og fræðslu. Sölu- og þjónustuskólinn er haldinn reglulega allt árið með það að markmiði að bæta þjónustu með aukinni þekkingu starfsfólks á vörum félaganna, tryggja samræmda þjónustu og auka hæfni starfsfólks til að kynna og selja vörur og þjónustu samstæðunnar. Námskeiðið fer fram í litlum hópum og skiptist í þjónustupjálfun annars vegar og sölupjálfun hins vegar. Árið 2025 fóru um 150 starfsmenn í gegnum sölu- og þjónustuskólann. Heilt yfir er starfsfólk mjög ánægt með námskeiðið og telur það styrkja sig í starfi. Rafræni hluti Arion skólans fer fram yfir 90 daga tímabil þar sem starfsfólk fer jafnt og þétt í gegnum alla rafræna nýliðaðfræðslu og í kjölfarið sérhæfðar námslínur sem tengjast vörum og þjónustu samstæðunnar.

Verðbréfaréttindi og tryggingaskólinn

Hluti starfsfólks þarf starfs síns vegna að hafa gild verðbréfaréttindi. Til þess að viðhalda réttindum er starfsfólki skylt að sækja reglulega endurmenntun sem tryggir að viðeigandi þekkingu og hæfni sé viðhaldið. Arion styður við starfsfólk til að afla sér þessara réttinda sem og til endurmenntunar.

Samkvæmt lögum ber starfsfólki sem sinnir dreifingu váttrygginga að ljúka að lágmarki 15 klst. af starfstengdri fræðslu á ári. Vörður er í samstarfi við Opna háskólann um fræðslu sem tengist váttryggingastarfsemi til þess að tryggja aðgang starfsfólks að viðeigandi og uppfærðu fræðsluefni.



Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu tölur um sjálfbærni

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfisuppgjörs
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttu fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila
Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnarhættir
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Árangursdrifin menning

ESRS S1-1, ESRS S1-3

Við vinnum saman að því að ná árangri í þeim verkefnum sem okkur eru falin og hrósum þegar vel tekst til. Starfsfólk miðlar þekkingu og deilir upplýsingum til samstarfsfólks. Með skilvirku vinnuumhverfi, skipandi hugsunarhætti og umbótamenningu finnum við snjallar lausnir og náum árangri. Við setjum okkur markmið og mælum árangur.

Skilvirkt vinnuumhverfi – góður árangur

Við höfum einfaldað ferla, bætt aðgengi að upplýsingum og uppfært mannauðskerfi á liðnu ári. Sem dæmi eru ítarleg mælaborð með mannauðsupplýsingum nú orðin aðgengileg stjórnendum, nýtt viðverkerfi var innleitt, fræðslukerfið uppfært og ráðningarferlið skilgreint ítarlega með það að markmiði að einfalda og bæta ferlið. Aukin áhersla á sjálfvirknivæðingu, m.a. með innleiðingu á Journeys og CoPilot, hefur einnig gert starfsumhverfið okkar mun skilvirkara.

Eins og fram kemur í mannauðsstefnu Arion viljum við vera eftirsóknarverður vinnustaður og skapa jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. Opnun daggæslu, úrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis, uppfærsla heilsu- og öryggisstefnu og áhersla á starfsþróun starfsfólks eru liður í því. Verðlaun og viðurkenningar sem vinnustaðurinn hlaut á árinu eru til marks um að vel hefur tekist til á þessum vettvangi.

Eitt markmið – ein heild

Allt fastráðið starfsfólk, að eftirlitseiningum undanskildum, tekur þátt í kaupaukakerfi. Hvert félag setur fram lykilmælikvarða í upphafi árs og getur starfsfólk fengið greiddan kaupauka, allt að 10% eða 25% af ársláunum. Góður árangur hefur fengið greiddan kaupauka síðustu ár. Á árinu var ákveðið að starfsfólk eftirlitseininga skyldi fá árlega uppbótargreiðslu til að tryggja jafnræði og samkeppnishæf kjör. Greiðslan er föst og óháð árangri og felur því ekki í sér hvata til aukinnar áhættutöku.

Öllu fastráðnu starfsfólki býðst einnig að taka þátt í kaupréttaráætlun samstæðunnar. Kaupréttaráætlunin veitir starfsfólki rétt til kaupa á hlutabréfum í Arion banka fyrir tiltekna fjárhæð samkvæmt reglum hverju sinni.

Skapandi hugsunarháttur og snjallar lausnir

Í ár fór Hönnunarhraðall fram þriðja árið í röð í höfuðstöðvum Arion. Starfsfólk sækir um þátttöku í hraðlinum og þau sem eru valin til þátttöku stiga úr sínum hefðbundnu störfum í eina viku. Í Hönnunarhraðli tengjum við saman tilgang, sýn, þjónustuviðmið, Design Thinking og fleira til þess að skapa framúrskarandi upplifun fyrir viðskiptavinum. Tilgangurinn er að kynnast nýjum vinnuaðferðum, breyta hugsunarhætti, auka samvinnu og þróa menningu þar sem viðskiptavinurinn er í fókus. Í hraðlinum í ár fæddust fjöldamargar góðar hugmyndir, starfsfólk fékk einstakt tækifæri til að kynnast samstarfsfólki á öðrum sviðum og öðlast dýpri skilning á störfum samstæðunnar í heild.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Árangurinn okkar
- Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
- Ábyrg innkaup
- Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbær fjármögnun
- Staða úthlutaðra fjármuna
- Konur fjárfestum
- Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
- Ábyrg sjóðastýring
- Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
- Helstu þættir umhverfissuppgjors
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Rétta fólkið
- Ánægja, líðan og samskipti
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Stöðug þróun og fræðsla
- Árangursdrifin menning

Öflug forysta

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Öflug forysta

ESRS S1-1, ESRS S1-3

Hjá okkur starfa öflugir stjórnendur með skýra framtíðarsýn. Stjórnendur ganga fram með góðu fordæmi, eru hvetjandi og veita reglulega og uppbyggilega endurgjöf til starfsfólks.

Endurgjöf

ESRS S1-12

Við leggjum áherslu á að starfsfólk og stjórnendur eigi reglulegt samtal um markmið og árangur í starfi. Stjórnendur ræða frammistöðu á málefnalegan hátt og veita starfsfólki leiðbeinandi endurgjöf. Samkvæmt reglum Arion um kaupaukakerfi hefur fylgni starfsfólks við ytri og innri reglur og frammistaða starfsfólks áhrif á greiðslu kaupauka. Því þurfa æðstu stjórnendur að skila inn upplýsingum um frammistöðu sinna teyma árlega. Í reglulegum vísitölum og vinnustaðagreiningu er starfsfólk spurt hvort það fái reglulega endurgjöf á störf sín. Niðurstöður mælinga árið 2025 eru betri en niðurstöður fyrri ára sem gefur til kynna að stjórnendur séu að leggja sífellt meiri áherslu á árangursríka endurgjöf.

Stjórnendamat

Samhliða vinnustaðagreiningu er framkvæmt stjórnendamat þar sem árangur og áhrif stjórnenda eru metin af starfsfólki. Niðurstöður úr stjórnendamati sýna að starfsfólk er almennt ánægt með stjórnendur Arion og ber gott traust til þeirra.


Leiðtogaþjálfun

Allir stjórnendur fara í gegnum umfangsmikla leiðtogaþjálfun í samvinnu við Strategic Leadership. Markmiðið er að skapa enn öflugri leiðtogamenningu sem styður við stefnu okkar og styrkir stjórnendur í að ná árangri. Þjálfunin felst m.a. í markmiðasetningu og markþjálfun og nær yfir nokkurra mánaða tímabil. Á árunum 2022-2025 hafa 116 stjórnendur og aðrir leiðtogar farið í gegnum leiðtogaþjálfun, af þeim eru 63 karlar og 53 konur. Um áramót voru 15 aðilar í virkri leiðtogaþjálfun og munu þeir útskrifast á fyrsta ársfjórðungi 2026.

Leiðtogaþjálfun er fylgt eftir með reglulegum stjórnendafundum til að skerpa á og styðja við stefnu og sýn samstæðunnar ásamt fræðslu og hópefli.


Öflug forysta

Niðurstöður úr vinnustaðagreiningu 2025



Ég fæ reglulega endurgjöf á störf mín

Meðaltal 2025 úr vísitölukönnunum





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

- Skýrslugjöf um sjálfbærni
- Tvíátta mikilvægisgreining

Ábyrg starfsemi

- Stefna og markmið
- Árangurinn okkar
- Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
- Ábyrg innkaup
- Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

- Sjálfbær fjármögnun
- Staða úthlutaðra fjármuna
- Konur fjárfestum
- Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
- Ábyrg sjóðastýring
- Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

- Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
- Helstu þættir umhverfisuppgjors
- Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

- Mannauðsstefnan okkar
- Rétta fólkið
- Ánægja, líðan og samskipti
- Skýr sýn í jafnréttismálum
- Stöðug þróun og fræðsla
- Árangursdrifin menning
- Öflug forysta

Við og samfélagið

- Samskipti við hagaðila
- Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
- Styrkir og samstarf
- Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
- Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

- Umhverfisþættir
- Félagsþættir
- Stjórnarhættir
- GRI Standards tilvísunartafla
- ESRS tilvísunartafla
- UN PRB – yfirlýsing um framvindu
- Álit endurskoðanda

Við og samfélagið

ESRS 2 SBM-3

Við viljum stuðla að árangri samfélagsins, meðal annars með auknu fjármálalæsi og vitund um netöryggi. Þeir mikilvægisþættir, sem hafa verið greindir með tvíátta mikilvægisgreiningu samstæðunnar og snúa að neytendum og viðskiptavinum, tengjast meðal annars samfélagslegri inngildingu og upplýsingatengdum áhrifum. Við leggjum okkur fram um að mismuna ekki neytendum og bjóða upp á greitt aðgengi að vörum og þjónustu. Við tökum á móti fjölda ábendinga og hrósa á hverju ári og vinnum markvisst úr þeim til að bæta þjónustuna enn frekar. Við eigum í viðtæku samstarfi og tökum þátt í og höldum fjölda viðburða á ári hverju.





Okkar sjálfbærni

Sjálfbærni hjá Arion

Skýrslugjöf um sjálfbærni
Tíu mikilvægisgreiningar

Ábyrg starfsemi

Stefna og markmið
Árangurinn okkar
Stjórnskipulag sjálfbærni og áhættustýring
Ábyrg innkaup
Viðskiptasiðferði, upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sjálfbær fjármál

Sjálfbær fjármögnun
Staða úthlutaðra fjármuna
Konur fjárfestum
Ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar
Ábyrg sjóðastýring
Ábyrg tryggingastarfsemi

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsstefna og markmið
Helstu þættir umhverfissuppgjör
Fjármögnuð kolefnislosun

Mannauður

Mannauðsstefnan okkar
Réttar fólkið
Ánægja, líðan og samskipti
Skýr sýn í jafnréttismálum
Stöðug þróun og fræðsla
Árangursdrifin menning
Öflug forysta

Við og samfélagið

Samskipti við hagaðila

Ábyrg markaðssetning og vörustjórnun
Styrkir og samstarf
Nýsköpun og stuðningur við frumkvöðla
Myndlist og menning

Sjálfbærniuppgjör

Umhverfisþættir
Félagsþættir
Stjórnaðætti
GRI Standards tilvísunartafla
ESRS tilvísunartafla
UN PRB – yfirlýsing um framvindu
Álit endurskoðanda

Samskipti við hagaðila

ESRS 2 SBM-2

Helstu hagaðilar Arion samstæðunnar sem greindir hafa verið í tengslum við upplýsingagjöf um sjálfbærni eru viðskiptavinir okkar, hluthafar, skuldabréfaeigendur og starfsfólk. Við eigum einnig í mikilvægum samskiptum við ýmis hagsmunasamtök, félagasamtök og eftirlitsaðila. Við leggjum okkur fram um að skilja þarfir þessara hópa og eiga góð samskipti við þá.



Dæmi um samskipti við hagaðila

Viðskiptavinir

- Við starfrækjum 13 útibú um land allt auk þjónustuvers.
- Nær öll okkar samskipti við viðskiptavini fara nú fram í gegnum stafrænar þjónustuleiðir bankans. Arion appið, netbankinn og vefur bankans eru aðgengileg allan sólarhringinn, alla daga ársins.
- Spjallmennin okkar eru tiltæk allan sólarhringinn. Af þeim fjölmörgu samtölum sem viðskiptavinir hefja við spjallmennin okkar ná þau að leysa úr 55% mála en þjónusturáðgjafarnir okkar grípa inn í og leysa úr flóknari málum.
